



kjarninn

19. og 20. útgáfa – 26. desember 2013 – vika 52

h á t í ð
2 0 1 3

Árið gert upp

**2013 í máli
og myndum**

Kjarninn rifjar upp málin sem hæst
bar og spáir í spilin fyrir komandi ár

**Gleðilega
hátíð**

Éfnisyfirlit

19. og 20. útgáfa
26. desember 2013
vika 52



STJÓRN MÁL

Angela Merkel:
Valdamesta kona í
heimi



FRÉTTIR ÁRSINS

Það sem bar hæst á árinu sem er að líða



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Yrsa Sigurðardóttir

Kvenkyns söguhetjur skipta miklu

SJÖ SPURNINGAR

„Ríkisstjórnin
treystir ekki
þjóðinni“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir



UPPGJÖR ÁRSINS 2013

Varaformenn flokka
á þingi spá í spilin



BÍLAR

Helstu kaggar ársins
2013



TÖLVULEIKIR

Skrýtið ár í
tölvuleikjaheimi



MYNDIR ÁRSINS

Kjarninn rifjar
upp mögnuðustu
fréttaljósmyndir
ársins 2013 í þremur
galleríum



HÁTÍÐAMATURINN

Snittur í jóla- og
áramótaboð

ÞJÓÐÞEKKTIR SPÁ Í KOMANDI ÁRAMÓTASKAUP

„Óli Geir, Keflavík Music Festival, Gylfi
Ægison og typpasleikjórarnir hans“

Dr. Gunni

SJÖ SPURNINGAR

„Tækifærin felast
ekki í að loka sig
af“

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar



KVIKMYNDIR

Íslenska kvikmynda-
árið gert upp



TÓNLIST

Tónlistarárið hér
heima og erlendis í
texta og tónum



JÓLASAGA

Björn Hlynur les
jólasögu fyrir börnin

Útgáfa Kjarnans á nýju ári

Útgáfa Kjarnans 26. desember er tvöföld; 19. og 20. útgáfu er steipt saman í eina. Hér tökum við saman fréttir ársins af innlendum og erlendum vettvangi, lítum yfir umræðu ársins og horfum til nýs árs 2014. Kjarninn kemur næst út 9. janúar 2014, fullur af fróðleik.

Árétting

Í leiðara Kjarnans í síðustu viku var sagt að íslenskt smjör hefði verið drýgt með írsku smjöri. Mjólkursamsalan vill koma því á framfæri að írsku smjörið sé ekki notað til að drýgja íslenskt smjör heldur er það notað í nokkrar tegundir osta sem fyrirtækið framleiðir.



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjóri: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



Gleðilega hátíð

Sendum landsmönnum okkar bestu óskir um farsælt komandi ár og þökkum samveruna á liðnu ári.

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið



Af hverju?

Ægir Þór Eysteinnsson blaðamaður skrifar

Ísland er yndislegt land. Landið er ægifagurt og það byggir gott fólk, en af einhverjum orsökum gengur því misjafnlega að sameinast um leiðina fram veginn. Þolgæði þess til að karpa um nánast allt milli himins og jarðar er óviðjafnanlegt. Þar að auki er margur Íslendingurinn gjarn á að líta á þá sem honum eru ósammála sem andstæðinga sína. Það spillir oft og tíðum fyrir umræðu, sem á það til að þróast út í persónulegt skítkast.

Það er auðvitað klisja að segja að fátt sé hollara en að líta um öxl í lok árs, en jólahátíðinni og áramótum fylgir kyrrð sem er eiginlega fáránlegt að nýta sér ekki til að meta hlutina af yfirvegum og auðmýkt. Hátíðarkyrrðin kemur oft og tíðum skikk á hugsanir jafnvel hinna óstöðugustu. Þeir eru hvað ljúfastir á þessum tíma árs, og mun móttækilegri til að slaka á herptum tilfinningavöðvunum. Svo virðist sem dágóður slatti af þvermóðsku landans haldi upp til fjalla í svartasta skammdeginu þegar kviknar á jólahjósunum.

Auðvitað ríkir hér á landi sama kerfi og víðast hvar annars staðar hjá siðmenntuðum þjóðum, blessað lýðræðið. Meirihlutinn ræður. En mikið afskaplega gengur okkur illa að standa vörð um það sem við eigum öll sameiginlegt.

Af hverju getum við ekki sameinast meir um þá hluti sem skipta máli á Íslandi? Af hverju getum við ekki fundið leiðir í sameiningu til að afla frekari tekna af auðlindum landsins, þjóðinni til heilla? Til dæmis til að efla heilbrigðiskerfið og menntakerfið og borga niður skuldir þjóðarbúsins sem kæmi öllum vel, ekki bara útvöldum. Af hverju getum við ekki verið sammála um að dreifa þjóðarverðmætum eins jafnt til allra og mögulegt er? Af hverju viljum við einangra okkur og vera með stæla og frekju við útlendinga? Af hverju sjáum við ekki tækifæri fremur en svartnætti? Af hverju áttum við okkur ekki á því að ónýtur gjaldmiðillinn nýtist fáum vel en er þjóðinni fjötur um fót hvað lífsgæði varðar? Af hverju? Af hverju? Af hverju?

Fleiri spurningum er auðvitað ósvarað, en tækifærin eru okkar til að grípa. Það að vera ósammála er ekki persónuleg árás. Förum í málefnið frekar en manninn, ræðum okkur niður á ásættanlegar niðurstöður. Auðvitað eru þetta háleit markmið, en hvað með það? Það á ekki að vera kvöl og pína að gefa meira, enda hefur það ekkert breyst sem okkur var kennt; að það er sælla að gefa en þiggja.

Ísland byggir samheldin þjóð; það kemur hvað bersýnilegast í ljós þegar hörmungar dynja yfir. En hagsmunarárekstrar fólksins sem hér býr skyggir oft á samkenndina. Um jól og áramót afhjúpum við mörg hver gæskuna sem í okkur býr. Við óskum öllum gleðilegra jóla og erum mörg hver tilbúin að láta gott af okkur leiða í desember til að svo geti orðið. Í lok desember virðist okkur þykja vænna um hvert annað en venjulega. Okkar eigin hagsmunir víkja fyrir hagsmunum heildarinnar í desember.

Af hverju getum við ekki alltaf verið þannig?

Kjarninn óskar lesendum sínum og þjóðinni allri gleðilegra jóla, og farsældar á komandi ári.



UM HÖFUNDINN
Ægir Þór
Eysteinnsson
aegir@kjarninn.is



Gleðileg Jól

Starfsfólk Valitor sendir þér hugheilar jóla- og nýársóskir,
með bestu þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

VALITOR

MYNDIR ÁRSINS

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin



Myndir ársins af erlendum vettvangi

Náttúran býður oft upp á stórkostleg augnablik fyrir góða ljósmyndara, hvort sem það eru hörmungar, íþróttir eða spaug. Ljósmyndarar AFP-fréttastofunnar eru meðal þeirra bestu í heimi.

Snúðu skjánum til sjá myndirnar stærri





Costa Concordia í hálfu kafi

Skemmtiferðaskipið Costa Concordia var reist af strandstað sínum í haust en undirbúningurinn var þegar hafinn hinn 9. janúar, fyrir tæpu ári. Þá hafði það legið í heilt ár á hliðinni eftir að hafa strandað á grynningunum nærri eyjunni Isola del Giglio á Ítalíu. 32 fórust í slysinu.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Óskarsverðlaunahafarnir

Á Óskarsverðlaunahátíðinni í febrúar var Daniel Day-Lewis valinn besti leikarinn fyrir aðalhlutverkið í *Lincoln* og Jennifer Lawrence besta leikkonan fyrir aðalhlutverk í *Silver Linings Playbook*. Anne Hathaway og Christoph Waltz hlutu síðan Óskarsverðlaun fyrir framúrskarandi leik í aukahlutverkum.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri





Er þín fjölskylda nógu vel tryggð?

Líf- og heilsutryggingar TM miða að því að veita þinni fjölskyldu fjárhagslegt öryggi með því að bæta tjón sem gæti haft áhrif á framtíðarvelferð hennar.

Farðu vel yfir þínar tryggingar fyrir nýja árið og vertu viss um að þú og þín fjölskylda fáið þá vernd sem þörf er á.



**SJÁÐU HVERSU MIKLA VERND
ÞÚ ÞARFT OG HVAÐ HÚN KOSTAR**



Tryggingamiðstöðin
Síðumúla 24, 108 Reykjavík

Opíð 8:30 – 16:30
alla virka daga

S: 515 2000
tm@tm.is



Guð gefur, Guð tekur

Benedikt XVI. páfi sagði starfi sínu lausu 11. febrúar svo að halda þurfti páfakjör í Vatíkaninu. Daginn sem Benedikt sagði af sér laust eldingu í topp Péturskirkjunnar. Lesendum er frjálst að túlka tímasetningu eldingarinnar á sinn hátt. Frans páfi hlaut umboð kirkjunnar í æðstu stöðu jarðneskra gagnvart Guði.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Lok, lok og læs

Mörgum af helstu stofnunum bandaríska ríkisins var lokað miðvikudaginn 2. október vegna þess að umræða um að hækka skuldaþakið tafðist á þingi og var komin í öngstræti. Söfnum, dýragörðum og þjóðgörðum var lokað og einungis bráðnauðsynlegum stofnunum haldið opnum með neyðarráðstöfunum.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Yfir eyðimörkina

Þessir menn leiddu úlfalda sína yfir sandöldur Liwa-eyðimerkur í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í nóvember, nokkur hundruð kílómetrum frá ströndinni þar sem öldurnar verða að vatni. Eyðimörkin er ekki óbyggð því umhverfis vinjar hefur fólk búið öldum saman.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrestur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Framundan eru spennandi áskoranir við að móta framtíð íslenskrar orkuvinnslu.

Farsæld á komandi árum

Aflstöðin við Búðarháls er nýjasta vatnsaflsstöð Íslendinga. Hún verður gangsett snemma árs 2014 og mun vinna um 585 GWst af rafmagni inn á orkukerfi landsmanna. Með Búðarhálsstöð er virkjað áður ónýtt 40 metra fall á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu á meðan neikvæðum umhverfisáhrifum er haldið í lágmarki.

Byggingu vatnsaflsstöðvar fylgir rask og því er mikilvægt að skoða þegar í upphafi hvort mögulegir virkjanakostir séu ásettanlegir frá sjónarmiði umhverfisverndar, hagkvæmir og tæknilega leysanlegir. Eftir að framkvæmdum er lokið og rekstur hafinn er raforka úr vatnsaflri þó líklega hreinasta orka sem völ er á.

Búðarhálsstöð skapar veruleg verðmæti með því að fullnýta fall vatns frá Hrauneyjafossi að Sultartangalóni. Við byggingu hennar voru eldri efnisnámur endurnýttar og flest mannvirki eru neðanjarðar. Á nýju ári verður unnið að frágangi og uppgræðslu með það að markmiði að ný aflstöð við Búðarháls verði okkur öllum til sóma.



Við óskum landsmönnum farsældar á komandi árum og þökkum fyrir gifturíkt samstarf á árinu sem er að líða.



Deildu með umheiminum



Forgangsröðun í þágu heimila

Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, skrifar



Jól og áramót er sá tími sem við njótum með fjölskyldu, ættingjum og vinum. Ég vona að allir hafi átt gleðileg jól og gæðastundir með sínum nánustu. En þetta er líka tíminn þar sem við stöldrum við, förum yfir og metum árið sem er að líða og undirbúum okkur fyrir það næsta.

Þegar litið er yfir árið sem nú er að líða er ljóst að það urðu mikil kaflaskil í stjórnmalunum þegar ný ríkisstjórn tók til starfa eftir kosningar síðasta vor. Strax á fyrstu dögum stjórnarsamstarfsins mátti finna nýjan og breyttan tón í þjóðfélaginu, væntingarnar voru miklar og verkefnin mörg og brýn.

Strax á sumarþingi sáust nýjar áherslur í forgangsröðun, framkvæmdum og fjármálum. Alþingi samþykkti að hefja vinnu vegna skuldavanda heimilanna og í haustbyrjun kynnti fjármálaráðherra fjárlagafrumvarp næsta árs þar sem gert er ráð fyrir hallalausum fjárlögum í fyrsta sinn í fimm ár. Um síðustu mánaðamót kynnti ríkisstjórnin svo tillögur til lausnar á skuldavanda heimilanna sem ekki aðeins leysa vanda margra heimila og auka ráðstöfunartekjur, heldur einnig treysta hagvöxt í landinu.

Umfram allt er ríkisstjórnin að standa við það sem hún lofaði: Að lækka skuldir verðtryggðra húsnæðislána,

að lækka skatta og álögur, taka til baka skerðingu á ellilífeyrisþegum, stuðla að framförum í atvinnulífi, bæta heilbrigðiskerfið, rétta af rekstur ríkissjóðs, auka löggæslu og almannaöryggi og þannig mætti lengi telja.

Það þarf að auka kaupmátt og forgangsráða í þágu heimilanna. Við það verður staðið og stærstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til þessa eru til þess fallnar. Stjórnarflokkarnir vinna náið saman að þeim verkefnum sem þeir tóku að sér og almenn-

ingur mun finna fyrir betri lífsskilyrðum hér á landi í náinni framtíð. Þetta er ríkisstjórn heimilanna í landinu.

Mikilvægasta verkefnið af öllu var – og er – að skapa von og trú á framtíðina. Að byggja hér upp öflugt efnahagskerfi, búa til þannig farveg að atvinnulíf hér á landi sæi tækifæri til að vaxa og dafna og þannig tryggja það velferðarkerfi sem við viljum búa við. Það er líka sameiginlegt verkefni okkar allra að tryggja það að ungt fólk sjái framtíðina fyrir sér á Íslandi. Viðfangsefnið er því ekki eingöngu það að leysa úr vandamálum nútímans heldur byggja upp fyrir framtíðina.

Nú um áramót er líka rétt að staldra við og minna okkur á það að við Íslendingar höfum áður upplifað erfiða tíma en við höfum aldrei gefist upp. Við ætlum ekki að byrja á því núna enda bíða okkar óteljandi tækifæri til vaxtar og framþróunar. Við horfum ekki á erfiða tíma sem afsökun heldur áskorun sem felur í sér tækifæri. Þannig verðum við alltaf að hugsa. Þess vegna mun okkur takast að leysa úr vandamálum og byggja landið fyrir komandi kynslóðir.

Á nýju ári skulum við áfram takast á við verkefnin af metnaði, von og trú á framtíðina. Við skulum öll vinna saman að því að gera árið 2014 enn betra en árið í ár.

„Nú um áramót er líka rétt að staldra við og minna okkur á það að við Íslendingar höfum áður upplifað erfiða tíma en við höfum aldrei gefist upp.“

UM HÖFUNDINN

Hanna Birna Kristjánsdóttir er varaformaður Sjálfstæðisflokksins og innanríkisráðherra



Deildu með umheiminum



Skörp hægri beygja

Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, skrifar.

Árið 2013 hefur um margt verið merkilegt og eftirminnlegt í pólitíkinni. Stærsta kosningaloforð allra tíma var í brennidepli í kosningarátunni. En eins tel ég að sjaldan eða aldrei hafi jafn skörp skil orðið í áherslum við ríkisstjórnaskipti. Skilin milli ríkisstjórnar jafnaðar- og félagshyggju og þeirrar hægri ríkisstjórnar sem tók við nú í vor eru nefnilega alveg ótrúlega skörp og beygjan tekin til hægri strax á sumarþingi og nú á haustdögum í fjárlögum.

Lægstu tekjuhóparnir skildir eftir

Í fjárlagafrumvarpi má glögglega sjá stóru línurnar í stefnu ríkisstjórnarflokka hverju sinni. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er nú í þessum skrifuðu orðum að klára sín fyrstu fjárlög og bera þau skarpri hægri beygju sem tekin hefur verið í okkar samfélagi gott vitni. Ekki er að finna þar eina einustu tillögu sem bæta mun kjör þeirra sem lægstar tekjur hafa í okkar samfélagi. Skattalækkanir fá þeir einir sem eru í efri- og millitekjuprepi og þá mest eftir því sem tekjurnar verða hærri. Á sama tíma eru skráningargjöld á námsmenn hækkuð, verðlagsbreytingar látnar ganga í gegn og gjöld hækkuð sem hlífa síst lágtekjuhópunum. Komugjöld á sjúkrahús ætluðu menn að innleiða en sem betur fer

„Skattalækkanir fá þeir einir sem eru í efri- og millitekjuprepi og þá mest eftir því sem tekjurnar verða hærri.“

tókst okkur að stöðva þau áform í samningum um þinglok ásamt því að ná því í gegn að desemberuppbót yrði greidd til atvinnuleitenda. Þá verð ég að nefna að skuldaleiðréttingar sem kynntar hafa verið skila sér að minnstu leyti til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar og alls ekki til þeirra sem eru á leigumarkaði þó að þeir hafi fengið forsendubrestinn að fullu inn í leigugreiðslur.

Breiðu bökin

Þá er hafist handa við það að lækka vaxtabætur í fyrstu fjárlögum þessarar ríkisstjórnar sem kemur verst niður á þeim sem skulda mest, unga fólkinu sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ríkisstjórnin hefur haldið því fram að ástæða þessara breytinga sé að fjármagna þurfi heilbrigðiskerfið með þessum fjármunum. Ja, heyr á endemi. Flestir vita nú betur þegar ljóst er að ástæðan er sú að fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar á sumarþingi var að afsala sér tekjum vegna einkaleyfa til nýtingar á þjóðarauðlindum. Breiðu bökin til að bera þetta afsal tekna fann ríkisstjórnin í lægstu tekjuhópunum í samfélaginu, námsmönnum og fátækasta fólkinu í heiminum sem við sendum niðurskorna þróunaraðstoð til þessi jólin. Þessi stefna sem felst í ofangreindum breytingum og fleirum mun færa okkur meiri ójöfnuð með tilheyrandi vanda sem honum fylgir.

Deilt með fjórum

Kannski finnst þér, lesandi góður, ég óttalega neikvæð svona í lok árs en mér stendur bara ekki á sama um þessa stefnubreytingu og er henni alls ekki sammála. Eitt ætla ég þó að vera þakklát fyrir og það er að niðurstaða hafi náðst í stærsta kosningamál allra tíma; loforð Framsóknarflokksins um að lækka verðtryggð húsnæðismál landsmanna. Það mun skipta mörg heimili máli og það mun ekki standa á mér að styðja

„Fjármögnunin er áhyggjuefni, þar sem hrægammaféð sem átti að vera handan við hornið er fjær en Excel-skjal framsóknarmannanna sagði til um í vor, en það verður verkefni þingsins á næstunni að fara yfir það.“

það. Niðurstaðan er þó kannski ekki í takt við loforðin, ekki nema rétt um fjórðungur þess sem lofað var en þó það. Fjármögnunin er áhyggjuefni, þar sem hrægammaféð sem átti að vera handan við hornið er fjær en Excel-skjal framsóknarmannanna sagði til um í vor, en það verður verkefni þingsins á næstunni að fara yfir það. Tvennt finnst mér standa upp úr varðandi þessa niðurstöðu: Í fyrsta lagi að skýrsla starfshópsins sýnir að mun meira var gert á síðasta kjörtímabili en látið var í veðri vaka og þessar tillögur eingöngu framhald á þeim aðgerðum fremur en heimsmet. Enda byggja þessar tillögur á því sem fyrir hafði verið gert. Í öðru lagi hef ég lært að deila má með fjórum í kosningaloforð Framsóknarflokksins miðað við efndirnar í skuldaleiðréttingunum og auknum framlögum til Landspítalans.

Þakkir

Vil ég í lokin þakka öllum þeim sem við fengum að starfa með að framfaramálum bæði innan ríkisstjórnar og utan nú eftir kosningar. Það er mikill kraftur í íslensku samfélagi og við í Samfylkingunni hlökkum til að taka áfram þátt í að gera það sterkara, réttlátara og betra. Við munum berjast fyrir bættum lífskjörum, betra umhverfi fyrir fjölbreytt atvinnulíf og jöfnum rétti allra einstaklinga til að lifa frjálsir í samfélagi okkar. Óska ég ykkur öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári. Lifið heil!

UM HÖFUNDINN

Katrín Júlíusdóttir er varaformaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi iðnaðar- og fjármálaráðherra



B.F.H.

Réttindi

Nýsköpun

Fagmennska

Öflugt menntakerfi

Menntun borgar sig

Rannsóknir og þróun

Li- og endurmenntun

Bandalag háskólamanna

Minnkuð greiðslubyrði LÍN

Menntun er lyfjull að framtíðinni

Enginn kynbundinn launamunur

Verðmæt þekking, verðmæt störf

Samkeppnishæf laun við nágrannalönd

Vinnumarkaðsáðgerðir fyrir háskólamenntaða

Heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði

Námslán eru hluti af verðtryggðum skuldum heimila.





Deildu með umheimilinu



Spennandi tímar fram undan

Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, skrifar



An efa var stærsti viðburðurinn í mínu lífi á árinu fæðing dóttursonar. Annað „afabarnið“ mitt og annar strákurinn. Galdrar lífsins og fegurð endurspeglast fólkskvalaust í nýfæddu barni og gagnvart því stendur maður orðlaus af hrifningu og aðdáun. Svo er einnig um mig.

En að hefðbundnari verkefnum daglegs lífs; alþingismaður hefur í mörg horn að líta. Ekki síst þegar árið hefst í stjórnarandstöðu en lýkur í stjórnarmeirihluta og með ráðherrastól í ofanálag. Það er freistandi að skrifa um það sem gerðist eftir kosningar, svo mikið hefur gengið á, en ætli sé ekki réttara að byrja á byrjuninni. Árið fór ágætlega af stað fyrir Framsóknarflokkinn. Stuttu eftir að niðurstaða lá fyrir í svokallaðri Icesave-deilu var ljóst að fleiri en áður voru tilbúnir að hlusta á málflutning okkar. Megináhersla flokksins fyrir kosningarnar í vor var á skuldamálin. Alveg eins og fyrir kosningarnar 2009. Þótt lítillaga hefði mjakast var það engan veginn nóg. Ég tel að þessi tvö mál skýri góðan árangur okkar í kosningunum.

Sumarþingið var sett og stærsta mál minna ráðuneyta var að breyta lögum um innheimtu veiðigjalda. Gildandi lög gerðu það að verkum að ekki var hægt að innheimta sérstakt veiðigjald og því var nauðsynlegt að breyta lögum. Á því leikur enginn vafi og einfaldlega rangt að halda öðru fram, þótt margir hafi ekki staðist þá freistingu, sérstaklega þeir sem settu hin gölluðu lög. Auk þess var ljóst að byrðunum var mjög misskipt milli útgerðarflokka og við því varð að bregðast. Markmiðið var að verja smærri og millistórar bolfiskútgerðir víðs vegar um landið. Það má þó geta þess að sú aðgerð að lækka veiðigjald til þeirra hafði ekki áhrif á heildartekjurnar, því við hækkuðum gjöldin á uppsjávarvegundir, þar sem afkoman er betri. Og hafa verður í huga að sjávarútvegurinn hefur aldrei greitt eins mikið í ríkissjóð og í ár.

Málefni sjávarútvegsins á Íslandi verða að komast í viðunandi horf. Allt of lengi hefur verið deilt um þessa mikilvægustu atvinnugrein okkar. Nú er því unnið að svokallaðri samningaleið í sjávarútvegi, sem gengur út á að gera leigusamning við útgerðir um nýtingu á sameiginlegri auðlind í hafinu. Fyrir það greiðir útvegurinn leigugjald en fær í staðinn fyrirsjáanleika til ákveðins árafjölda, 20-25 ár. Af einstökum verkefnum sem unnin eru á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins tel ég þetta vera hið mikilvægasta. Ekki síst í ljósi þess, og því hef ég kynnst af eigin raun undanfarna mánuði, að sjávarútvegurinn er svo miklu meira en bara veiðar og vinnsla. Sem dæmi má nefna að velta tækni-fyrirtækja í sjávarvæðingum nam tæpum 66 milljörðum árið 2012 og við þetta bætist vinnsla á svokölluðum aukaafurðum og í líftækni. Samanlögð velta í þessum geira var 22 milljarðar árið 2012.

Þau gleðilegu tíðindi hafa orðið að mikil spurn er eftir íslenskum mat og bændur, bæði í kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu, hafa verið hvattir til að framleiða meira. Svokallað ásetningshlutfall í sauðfjárrækt hefur verið hækkað og þá hefur framleiðsluskylda kúabænda verið hækkuð. Aukin spurn eftir mjólkurmat, sérstaklega feitmeti, hefur slegið öll met á undanförunum mánuðum og virðist lítið lát á. Svo virðist sem neyslumynstur landans hafi breyst og einnig hefur stórfjölgun ferðamanna áhrif á eftirspurnina. Allt eru þetta vísbendingar um að matarframleiðsla á Íslandi eigi í vændum spennandi tíma.

Góðan samhljóm mátti greina á meðal þátttakenda á Umhverfisþingi sem haldið var í byrjun nóvember. Fjallað var um skipulag lands og hafs, sjálfbæra þróun og samþættingu verndar og nýtingar. Vinna við tillögu að Landskipulagsstefnu 2015-2026 er hafin og verður meðal annars horft til leiðbeinandi skipulags landnotkunar. Skipulagsmál byggjast á ákvörðunum sem gilda eiga um langa hríð, um ráðstöfun lands, hvort sem er til nýtingar eða verndar og eru í eðli sínu áttakamál. Hagsmunir geta verið ólíkir og stangast oft á tíðum á. Einnig er lífssýn fólks ólík. Líflégar og málefnalegar umræður spunnust á þinginu á milli ólíkra hópa sem láta sig málaflokkana varða. Slíkar umræður eru mikilvægt veganesti fyrir áframhaldandi vinnu og stefnumótun í umhverfismálum; þau snerta okkur öll um ókomna tíð.

Einföldun og skilvirkni regluverks er eitt af því sem hafin er endurskoðun á með það fyrir augum að endurskoða regluverk atvinnulífsins og auka skilvirkni þess. Markmið er að minnka skriffræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið í lágmarki.

Þá er það sérstakt markmið að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafn veigamiklar kvaðir. Með þeim hætti er ætlunin að heildaráhrif regluverksins þróist í rétta átt án þess að dregið sé úr eðlilegum kröfum.

Framsóknarflokkurinn boðaði aðgerðir í þágu skuldara í aðdraganda kosninga. Við þau fyrirheit verður staðið og starfshópur hefur lagt fram tillögur um hvernig það verður gert. Má því segja að stærsta kosningamál Framsóknar sé að komast til framkvæmda. Farin er svokölluð blönduð leið af skuldaniðurfellingu og skattaafslætti. Þetta er stærsta aðgerð sem ráðist hefur verið í til að rétta af hag þeirra sem urðu fyrir óvæntri hækkun á verðtrygðum húsnæðislanum vegna hrunsins.

Þegar lítið er yfir sviðið, eins og sagt er, virðist mér sem spennandi tímar séu víða fram undan í íslensku þjóðlífi. Á það hefur margt verið bent að fámennið og fjöldi auðlinda eigi að geta séð þjóðinni farborða með sómasamlegum hætti.

Ég efast aldrei um að svo sé. En þótt tækifærin séu næg þarf að vinna úr þeim. Fiskur er til dæmis ekki verðmæti fyrr en hann er veiddur og seldur. Að ná tökum á því sem við höfum að bjóða og fá fyrir það sem hæst verð, nýta það öllum til hagsbóta með sjálfbærum hætti, verður viðfangsefni okkar á næstu misserum.

Ég óska lesendum Kjarnans gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

UM HÖFUNDINN

Sigurður Ingi Jóhannsson er varaformaður Framsóknarflokksins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra.

„Málefni sjávarútvegsins á Íslandi verða að komast í viðunandi horf. Allt of lengi hefur verið deilt um þessa mikilvægustu atvinnugrein okkar. Nú er því unnið að svokallaðri samningaleið í sjávarútvegi[...]“

„Framsóknarflokkurinn boðaði aðgerðir í þágu skuldara í aðdraganda kosninga. Við þau fyrirheit verður staðið og starfshópur hefur lagt fram tillögur um hvernig það verður gert. Má því segja að stærsta kosningamál Framsóknar sé að komast til framkvæmda.“



Deildu með umheiminum



2013: Ár loddarans

Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstri grænna, skrifar.



Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar var frá fyrsta degi dæmd til óvinsælda. Verkefni sem hún fékk í hendurnar voru einfaldlega þess eðlis. Ástandið í samfélaginu í ársbyrjun 2009 og fyrstu árin eftir Hrun var heldur ekki jarðvegur vinsælda. Þá var hins vegar erjaður jarðvegur lýðskrums og loddaraskapar sem tókst vel hvaðan sem upp spruttu gildir stofnar sem áttu eftir að skarta öllum sínum fegurstu blöðum næstu fjögur árin.

Vinristjórnin vökvaði ekki þær jurtir heldur reyndi þvert á móti að uppræta þær eins og annað illgresi en án teljandi árangurs.

Kosningar án uppgjörs

Árið 2013 hefði að öllu eðlilegu átt að vera ár uppgjörs í íslenskum stjórnámálum. Kosningarnar síðastliðið vor hefðu átt að snúast um pólitísk stefnumál stjórnámálflokka og mótun þjóðfélags til framtíðar. Þjóðfélags sem enn var í sárum eftir efnahagslegt, pólitískt og siðferðilegt hrun sem á sér ekki hliðstæðu í vestrænu lýðræðisríki á síðari tímum. Við hefðum átt að rökræða um ólíka lífssýn okkar allra og

kjósa um stefnu út frá því. En það gerðist ekki. Þvert á móti tókst stjórnámálönnum að koma í veg fyrir eðlilega, heilbrigða og nauðsynlega rökræðu rétt eins og þeim tókst það árin þar á undan. Meginmálið varð að fótnótu og lýðskrumið að aðalatriðum. Kosningarnar snerust á endanum um fullkomlega óraunhæf loforð sem áttu engan sinn líka í sögu þessarar þjóðar.

Eftir sitjum við öll vígmód og undrandi á því hvernig þetta gat farið með þeim hætti

sem varð. Það sem verra er; loforðin hafa öll verið svikin. Aðalhogfræðingur Danske bank segir íslenska stjórnámálamenn ekki hafa litið til framtíðar fyrir Hrun og enn síður eftir Hrun. Þvert á móti lofa þeir nú sem aldrei fyrr að senda íbúum landsins háar upphæðir úr ríkissjóði til að tryggja vinsældir sínar og endurkjör. Þrátt fyrir að þessi lýsing eigi ágætlega við of stóran hluta íslenskra stjórnámálamanna er hún ósanngjörn gagnvart öðrum sem hafa sinnt störfum sínum af ábyrgð. Það þarf hvorki kjark né þor til að sýna ábyrgð og fyrirhyggju. Menn þurfa hins vegar að vera slóttugir og slægir, kjarkmiklir og ósvífnir til að segja ósatt og ganga á bak orða sinna.

Vanmetin áhrif stjórnámálamanna

Því hefur oft verið haldið fram að hin raunverulegu áhrif sé að finna utan veggja Alþingis og við séum meira og minna drifin áfram af sérhagsmunum. Það var margt til í því fram að Hruni og kann að vera að taki sig upp að nýju. Menn skulu þó ekki vanmeta áhrif stjórnámálamanna.

Slegið hefur á bjartsýnina sem reis hvað hæst á vordögum. Stjórnendur fyrirtækja telja flestir að þyngra sé fyrir fæti en þyrfti að vera og almenningur heldur að sér höndum vegna óljósra skilaboða frá stjórnvöldum. Yfirvofandi hækkun á verðbólgu og vöxtum hefur hægt á gangverki efnahagslífsins og dregið úr væntingum fyrirtækja og almennings til framtíðarinnar. Pólitísk samskipti við útlönd eru í meira uppnámi en verið hefur um árabil. Þetta eru dæmi um merkjanleg áhrif stjórnámálamanna.

Þrátt fyrir allt

Þrátt fyrir allt var árið 2013 að mörgu leyti gott ár. Viðspyrnan í atvinnulífinu var framan af ári meiri og kröftugri en

reiknað hafði verið með. Einstaka atvinnugreinar blómstruðu sem aldrei fyrr, listir- og menning virtust loks ætla að ná rótfestu og fá viðurkenningu sem hluti af meginstöðum atvinnulífsins. Tekjur jukust, húsnæðis-skuldir landsmanna lækkuðu, efnahagsmálin nálgðuðust jafnvægi og við fórum að trúá því fyrir alvöru að við myndum ná okkur aftur á strik. Árangur karlalandsliðsins í fótbolta nálgæðist samanburð við kvinnalandsliðið, einstaklingar ögruðu sjálfum sér og unnu sigra. Manchester United varð Englandsmestari eina ferðina enn. Við fundum aftur bragðið af bjartsýninni.

Áfram veginn

Þó svo að áhrif Hrunsins muni setja mark sitt á líf og afkomu næstu tvo til þrjá áratugina eigum við ása á hendi til að spila út. Tækifærin eru þarna enn eftir sem áður og bíða þess að verða nýtt. Þau felast í menningu okkar og listum, hugviti og sköpunarkrafti og endurmati á föllnum gildum. Síðast en ekki síst felast tækifærin í okkur sjálfum ef við varðveitum rökræðuna og heilbrigða, gagnrýna hugsun. Þá mun okkur farnast vel á nýju ári. Tækifærin felast í nýju ári um leið og við kveðjum gamla árið.

Ár loddarans.

Ég óska lesendum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári.

UM HÖFUNDINN

Björn Valur Gíslason er varaformaður Vinstri grænna og fyrrverandi þingmaður.

„Kosningarnar snerust á endanum um fullkomlega óraunhæf loforð sem áttu engan sinn líka í sögu þessarar þjóðar.“

„Tekjur jukust, húsnæðis-skuldir landsmanna lækkuðu, efnahagsmálin nálgðuðust jafnvægi og við fórum að trúá því fyrir alvöru að við myndum ná okkur aftur á strik.“


NOTANDANAFN

Jon Jonsson

LYKILORD



INNSKRÁ



ÖRUGGASTA LYKILORDIÐ
ER EKKI GEYMT **Á** NETINU

**Rafræn skilríki og
eitt PIN** í símann þinn
í stað margra lykilorða

 **AUGKENNI**

Smelltu hér



Pólitíkin skiptist í tvo heima

Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Bjartar framtíðar, skrifar

Árið sem nú er að líða hefur að mínu viti afhjúpað ákveðin vatnaskil í íslenskum stjórnámálum. Hið pólitíska landslag virðist skiptist upp í tvo heima, sem hvor um sig virðist eiga upp á pallborðið hjá stórum hluta kjósenda; Annars vegar horfðum við upp á stórsigur Framsóknarflokksins í alþingiskosningum sem byggði á einföldum kosningaloforðum og framsetningu stefnumála í eins konar tékklistabúning. Hins vegar horfðum við upp á Besta flokkinn viðhalda nær hreinum meirihluta í Reykjavík í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri – flokk sem komst til valda með því að gera kaldhæðnislegt grín að þeirri einföldu mynd sem stjórnámálflokkum hættir til að draga upp af raunveruleikanum í aðdraganda kosninga.

Fyrir mér hefur árið sem nú er að líða varpað skýrara ljósi á þessa tvo heima og hvernig þeim er að takast að leysa úr vandamálum. Það er mín skoðun að afmarkaðar stefnur og tillögur sem miða að því að gjörbreyta lífskjörum okkar á fjórum árum verða nær sjálfkrafa orðin tóm um leið og kosningum sleppir. Raunveruleikinn sem blasir við stjórnámálum verður ekki leystur með tölvumódelum og Excel-skjölum. Skuldavandi hverfur ekki með einni aðgerð og flugvellir verða heldur ekki færðir á einni nóttu. Þeir sem starfa í stjórnámálum eru ekki færir um að framkvæma kraftaverk, frekar en fólk í öðrum stéttum, og staðreyndin er sú að lífið og tilveran er allt of flókin og margbreytileg til að unnt sé að leysa mál með tékklista. Ég gef mér að hugurinn sé góður og viljinn einlægur til að gera gagn. En ég tel hins vegar að þessi gerð stjórnmála ali af sér illa upplýstar ákvarðanir og vondar niðurstöður í meiri mæli en þar sem skynsemi og hlustun ráða för.

Hafandi haft atvinnu af því í nær fjögur ár að skyggjast bak við tjöldin, fylgjast með ákvarðanatöku og taka þátt í henni hef ég komist að því að lykillinn að góðri niðurstöðu er samskipti. Stjórnámál eru í mínum huga ekkert annað en samskipti. Leið til að komast að því hvernig við deilum út sameiginlegum gæðum eftir ítarlegar samræður, vangaveltur og ráðleggingar úr ólíkum áttum. Til þess að þessi útdeiling get farið fram í sem mestri sátt þarf hæfni til þess að eiga góð samskipti.

Vatnaskilin sem ég sé í stjórnámalunum í dag liggja einna helst í því hverjir hafa kjark til að koma að því að leysa erfið viðfangsefni með opnum hug, hlusta á rök og ráðleggingar og gera ekki greinarmun á því hvaðan gott kemur, svo lengi sem heilbrigð skynsemi er höfð að leiðarljósi. Það er að mínu viti uppskrift að vondri niðurstöðu þegar fyrirframgefni stefnu er þröngvað fram vegna þess að einhver lagði nafn sitt og flokksins síns að veði í kosningabaráttu.

Með því að þröngva sér í átt að niðurstöðu verður til rembingur sem fólk hefur tilhneigingu til að halda í sér þar til það nær ekki andanum lengur.

Fyrir mér kristallast þetta nokkuð vel í fréttáflutningi úr borgarstjórn annars vegar og af Alþingi hins vegar. Fréttir úr borgarstjórnarsalnum snúast í meiri mæli um efnislegan ágreining milli flokkanna, sem er fullkomlega eðlilegur þar sem ólíkir hópar koma saman. Fréttir frá ræðustól Alþingis snúast ennþá um hver sagði hvað um hvern og hvernig, og það er gjarnan ekkert mjög fallett.

Fylgi Besta flokksins – nú Bjartrar framtíðar í Reykjavík – og vaxandi fylgi flokksins á landsvísi gefur til kynna að fleiri og fleiri eru að átta sig á þessum grundvallarmun á valkostum. Aðrir valkostir eru vissulega enn í boði, sem er vel, enda er erindi Bjartrar framtíðar bara eitt af mörgum sem eiga mikilvægan rétt á sér í stjórnmálum á Íslandi.

Takmark stjórnmálanna er í mínum huga að auka lífshamingju okkar allra með sem bestri deilingu á sameiginlegum gæðum á friðsaman hátt. Það er erfitt verk, því magnið af kröfum og magnið af gæðum eru sjaldnast í jafnvægi, en leitinn að jafnvæginu er þó ekki óvinnandi vegur. Það skiptir mjög miklu máli frá hvaða stað hvert og eitt okkar nálgast það verkefni. Að vera sáttur í eigin skinni, að elska og að vera elskaður er staður þaðan sem góðir og fallegir hlutir gerast og það á enginn að elska að vera hataður. Ég óska ykkur öllum ljóss, íslensks smjör, ástar og friðar um þessi jól og vissu um það að 2014 verður eitt af þessum árum!

UM HÖFUNDINN

Heiða Kristín Helgadóttir er framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Bjartar framtíðar.



Deildu með umheiminum



Tjáning og ógn

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, skrifar



Upp á síðkastið hefur verið mikil umræða um svokallaða hatursorðræðu. Sitt sýnist hverjum um hvað sé átt við með hugtakinu, enda er hugtakið „hatur“ í eðli sínu tilfinning og tilfinningar fólks eru mjög misjafnar. Þetta er síðan ofan á ómælda hæfileika mannskepnunnar til að segja óvandlega úthugsaða hluti.

Stungið hefur verið upp á því að sá sem verði fyrir um-mælum eigi sjálfur að dæma hvort þau teljist til haturs-orðræðu, en augljósi vandinn við þá nálgun er að þá þarf fólk eingöngu að vera nógu hörundsárt til þess að geta þaggað niður í öðrum. Sérstaklega myndi slíkt fyrirkomulag úti-loka gagnrýna umræðu um stjórn-mál og trúmál, þar sem mjög margar skoðanir eru ekki bara erfiðar, heldur snerta á dýpstu þáttum siðferðiskenndar og verðmætamats fólks.

Verðmæta- og gildismat fólks er nefnilega raunverulega misjafnt. Sjaldan verður það skýrara en þegar kemur að stóru spurningunum sem er jafnan ekki spurt nema á vettvangi stjórnmála og trúmála. En það eru einmitt þær spurningar sem eru mikilvægastar og því mikilvægast að svörin séu heimil, sérstaklega þegar þau falla illa í kramið.

Hatursorðræða

Tökum fyrir algengt dæmi um hatursorðræðu: „Múslimar eru á móti lýðræði og mannréttindum!“

Þessi fullyrðing heyrir nær eingöngu meðal þeirra sem vilja takmarka réttindi múslima, svo sem með því að flytja þá úr landi og banna þeim að byggja moskur. Erfitt er að benda á hóp sem þarf að þola jafn mikið nið í daglegri umræðu og múslima.

Svo við skulum kalla þessa fullyrðingu hatursorðræðu, enda undantekningalítið sögð í hatri af hatursfullu fólki í þeim beina tilgangi að vekja andúð á múslimum.

En þá skulum við ímynda okkur að við spyrjum múslima sjálfa um efnid, til þess að fá þetta nú á hreint og geta kært fordómafulla hatursmangarana fyrir að niða 1,7 milljarða manns fyrir það eitt að tilheyra tilteknum trúarflokki.

Hver er múslimi? Múslimi er sá sem aðhyllist íslam, eða með öðrum orðum, auðmýkir sjálfan sig gagnvart Guði og ber þess vitni að það sé enginn guð nema Guðinn (á arabísku „Al-lah“) og að Múhameð hafi verið spámaður Guðsins.

Spyrjum múslima hvað í því felist. Í því felst að Kóraninn sé bókstaflegt orð Guðs og að lögin sem Guð hafi gefið Múhameð séu æðri öllum öðrum lögum, þar á meðal og reyndar sérstaklega lögum manna.

Lýðræðið er mannanna verk

Nú hljótum við að vera pínulítið vandræðaleg. Lýðræðið er klárlega mannanna verk. Er þá virkilega svo ósanngjarnt að segja

að múslimar séu á móti lýðræði, ekki vegna fordóma, heldur samkvæmt kenningum íslams og yfirlýstum viðhorfum trúaðra múslima sjálfra?

En hvað í ósköpunum með öll þau hundruð milljóna múslima sem eru bara fjandakornið víst hlynnt lýðræði og kæra sig ekkert um ásakanir um annað?

Tilfellið er að málið er flóknara en svo að það sé hægt að segja einfaldlega að eitt sé hatursorðræða og annað ekki. Hægt er að ala á hatri með lögmætum og réttum skoðunum. Það fer ekki eftir tilætlan þess sem tjáir, heldur skilningi þess sem heyrir. Því ber okkur ekki að takmarka tjáningu sem við teljum til hatursorðræðu, heldur að styrkja skilning okkar og annarra á hverju tilteknu málefni. Leiðin fram á við er upplýsing, ekki þöggun.

Hvar er línan?

En hvar er þá þessi margumtalaða lína?

Af einhverjum ástæðum þykir þetta erfið spurning en hún er það ekki, enda hvorki djúp né ný. Línan er þar sem tjáningin skarast beinlínis á við réttindi einhvers annars.

Við höfum rétt til friðhelgi einkalífs. Þess vegna er eðlilegt að banna tjáningu sem varðar einungis einkalíf einhvers annars. Við höfum réttinn til sanngjarnrar málsmeðferðar. Þess vegna er eðlilegt að setja lögbann á að fjölmiðlar greini frá máli fyrir dómi, ef slíkt lögbann verndar rannsóknarhagsmuni.

Síðan höfum við réttinn til persónulegs öryggis. Því er bannað að hóta eða ógna fólki óháð kynferði, kynhneigð, trúarbrögðum og hverju öðru. Enginn ágreiningur ríkir um slík bönn.

Nýlega var blóðugum svínshöfðum dreift á lóð þar sem byggja á mosku. Við þetta hafa margir hváð í réttmætri hneykslun og spurt hvort þetta ætti að leyfa í nafni tjáningarfrelsis.

Fáfræði haturmangara kemur í ljós

Það sem gerir það mál sérstaklega áhuga-vert er að því var ekki einu sinni ætlað að tjá neitt í sjálfu sér, né þá ógna eða hóta. Markmiðið var að vanhelga jörðina þannig að múslimar myndu hætta við að byggja á þessum tiltekna stað. Sjaldan hefur fáfræði

hatursmangara komið jafn klárlega í ljós vegna þess að ekkert í íslam bannar moskubyggingar á vanhelguðum reiti, enda hafa múslimar á Íslandi margsinnis sagt að þetta breyti engu um fyrirætlanir þeirra.

En það er tvennt sem gerir þann verknáð ógnandi, jafnvel ef tjáningu skal kalla. Í fyrsta lagi er verknáðurinn í eðli sínu óhugnanlegur. Blóðugt svínshöfuð á lóð hlýtur að vekja eðlilegan ótta hjá öllu fólki, hvort sem það aðhyllist íslam eða ekki.

Hitt, sem gerir málið sérstaklega alvarlegt, er hversu mikið viðkomandi aðilar voru reiðubúinir að leggja á sig til þess að fremja verknáðinn. Það kostar ekki teljandi vinnu eða tíma að pikka inn hatursfullt innlegg á internetinu, en í þessu tilfelli þurfti einhver að hafa fyrir því að útvega sér afskorið svínshöfuð og koma því fyrir. Múslimar sem verða vitni að slíkum gjörningi í fjölmiðlum hljóta að fyllast ótta við þá tilhugsun að aðilinn sem stóð að verkinu sé greinilega reiðubúinn til að hafa talsvert fyrir því að spilla fyrir þeim annars sjálfsagða rétti múslima að byggja sér bænahús.

Verknáðurinn er því klárlega ógnandi, hvort sem það var til-ætlan sökudólgens eða ekki og óháð því hvort aðgerðir hans afmarkist af hatri eða heimsku.

Það er því engin mótsögn milli þess að heimila svokallaða hatursorðræðu meðfram því að banna hótanir og ógnanir. „Það er eðli tjáningarinnar, eða verknáðarinnar, gagnvart réttindum fórnarlambins sem ákvarðar hvort hún falli undir tjáningarfrelsi þess sem tjáir, eða önnur mannréttindi þess sem verður fyrir tjáningunni, svo sem réttinn til friðhelgi, sanngjarnrar málsmeðferðar eða öryggi.“

En við höfum réttinn til að vera aldrei móðguð og sár. Siðferðis- og réttlætiskennd okkar er hvorki heilög né er það réttur okkar að hafa hana í friði fyrir öðrum.

Of margar spurningar eru of erfiðar, of ljótar og of mikilvægar til þess að við getum leyft okkur slíkan rétt.

UM HÖFUNDINN

Helgi Hrafn Gunnarsson er þingmaður Pírata.

„Hægt er að ala á hatri með lögmætum og réttum skoðunum. Það fer ekki eftir tilætlan þess sem tjáir, heldur skilningi þess sem heyrir.“

„Blóðugt svínshöfuð á lóð hlýtur að vekja eðlilegan ótta hjá öllu fólki, hvort sem það aðhyllist íslam eða ekki.“

Eigðu notalegar stundir með Sjónvarpi Símans um jólin



getið á
App Store

getið á
Google play

Smelltu hér til að ná í appið!

Jóladagskráin biður eftir þér í nýja appinu

Nú getur þú horft á RÚV, Stöð 2, Skjáinn og fleiri stöðvar í snjalltækinu þínu með nýja Sjónvarp Símans appinu. Sömuleiðis getur þú spólað útsendinguna tvo klukkutíma til baka svo að þú missir ekki af neinu.

Veldu úr þúsundum mynda í SkjáBíói meðan þú biður eftir að allir séu komnir í sparifötin, horfðu á upphaldspáttinn þinn uppi í rúmi eða laumastu til að kíkja á jólaeikina í enska boltanum í boðinu hjá tengdó.

Það kostar ekkert aukalega að nota appið í 3 mánuði en eftir það kostar þjónustan 490 kr. á mánuði.

Símann



FRÉTTIR ÁRSINS 2013

h á t í ð
k 2013

FRÉTTIR ÁRSINS
Þórður Snær Júlíusson
og Þórunn Elísabet
Bogadóttir



Deildu með
umheiminum

Fréttarárið 2013 hefur verið viðburðaríkt. Það sem ber ef til vill hæst á árinu sem er að líða hér á Íslandi eru þungir dómar á fyrrverandi stjórnendur Kaupþings sem féllu um miðjan desember. Síðasta dag nóvembermánaðar kynnti ríkisstjórnin skuldaniðurfellingartillögur sínar.

Út í hinum stóra heimi ollu gagnalekar Edwards Snowden svo miklu fjaðrafoki að samningar um fríverslun milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins fóru í uppnám. Heilu bæirnir voru rústir einar eftir að fellibylur gekk yfir Filippseyjar og átök standa enn yfir í Sýrlandi.

Janúar

innlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágú

sept

okt

nóv

des

Bundu flugdólg

3. janúar 2013

Flugdólgur trylltist í flugvél Icelandair. Áhöfn og farþegar binda manninn og kefluðu með lími og plastböndum.

Ásgeir Trausti vinsælastur

4. janúar 2013

Plötusala var minni á árinu 2012 en árið á undan. Plata Ásgeirs Trausta var samt söluhæsta frumraun sögunnar. Hún seldist í 22 þúsund eintökum frá september og út árið.

Olíuvinnsla leyfð á Drekanum

4. janúar 2013

Orkustofnun gaf út tvö leyfi til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu.

Karl Vignir játar tæplega 50 kynferðisbrot gegn börnum

7. janúar 2013

Kastljós sýndi þátt um Karl Vigni Þorsteinsson þar sem hann játaði allt að fimmtíu kynferðisbrot gegn börnum, sem sum hver voru ekki fyrnd. Samtímis stigu nokkur fórnarlamba hans fram og sögðu frá þeirri misnotkun sem átt hafði sér stað. Daginn eftir rakti Kastljós langan brotaferil Karls Vignis. Upptakan þar sem Karl Vignir játar brot sín var tekin upp um miðjan desember 2012 og lögreglu gert viðvart í kjölfarið. Karl Vignir var hins vegar ekki handtekinn fyrr en eftir að Kastljós fjallaði um málið. (<http://bit.ly/1gKkuah>)

Ein á suðurpólnum

17. janúar 2013

Vilborg Arna Gissurardóttir náði á suðurpólinn. Hún hafði gengið ein yfir Suðurskautslandið í 60 daga.

Íslendingar vinna Icesave-málið fyrir EFTA-dóminum

28. janúar 2013

EFTA-dómstóllinn hafnaði öllum kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á hendur Íslendingum í Icesave-málinu. Ísland vann þar með fullnaðarsigur í málinu. Ríkið var hvorki talið hafa brotið innstæðutryggingu Evrópusambandsins né mismunað innstæðu-eigendum eftir þjóðerni.

Dómarnir þyngdir yfir Hell Angeles-hrottum

31. janúar 2013

Hæstiréttur þyngdi dóma yfir fjórum sakborningum í svokölluðu Hells Angels-líkamsárásarmáli. Andrea Kristín Unnarsdóttir, kölluð „slæma stelpa“, fékk þyngsta dóminn, fimm og hálfis árs fangelsi.

Fær að heita Blær

31. janúar 2013

Blær Bjarkardóttir Rúnarsdóttir, 15 ára, vann mál gegn íslenska ríkinu og fékk að heita nafninu sínu þrátt fyrir að Mannanafnanefnd hefði úrskurðað að það væri karlmannsnafn.

erlent

1

Forðuðu vandræðum á nýársnótt

1. janúar 2013

Bandarískir þingmenn eyddu áramótum í að samþykkja málamiðlunartillögu sem forðaði ríkinu frá stórfelldum vandræðum – í bili.

3

4

Skógareldar í Ástralíu

4. janúar 2013

Fyrstu vikur ársins ollu skógareldar miklu tjóni í Ástralíu í kjölfar mikillar hitabylgju. Loftslagsnefnd varaði við því að loftslagsbreytingar orsökuðu þessar öfgar í veðurfari.

5

6

7

8

9

10

Frakkar blanda sér í vopnuð átök í Malí

11. janúar 2013

Frakkar hófu hernaðaríhlutun í Malí til þess að reyna að stöðva framgang íslamista, sem höfðu sölsað undir sig norðurhluta landsins og færðu sig sífellt sunnar. Frakkar sögðu upphaflega að íhlutunin myndi aðeins standa í nokkrar vikur. Hermenn frá nágrannaríkjum Malí komu fljótlega til stuðnings við franska herliðið auk þess sem ýmis Evrópuríki lofuðu hjálp.

Það var ekki fyrr en í apríl sem Frakkar fóru að fækka í herliði sínu, en herlið nágrannaríkjanna var áfram til að tryggja stöðugleika. Í maí var því lofað á alþjóðlegri ráðstefnu að Malíbúar fengju fjóra milljarða bandaríkjadala til að endurbýggja landið. Mánuði síðar skrifuðu stjórnvöld og uppreisnarmenn undir vopnahléssamning til að hægt væri að halda forsetakosningar. Í ágúst var Ibrahim Boubacar Keita kjörinn forseti en það leið ekki á löngu þar til vopnahléssamkomulagið hafði verið brotið. Í nóvember var svo tveimur frönskum blaðamönnum rænt og þeir drepnir af íslamistum, sem sögðu morðin hefnd fyrir hernaðar-aðgerðirnar.

17

Armstrong viðurkennir misnotkun

17. janúar 2013

Hjólreiðakappinn Lance Armstrong viðurkendi loks, í viðtali við Oprah Winfrey, að hafa misnotað ýmiss konar lyf á ferlinum.

20

Blóðug gíslataka

16.–19. janúar 2013

Herskáir íslamistar tengdir Al-Kaída tóku hátt í þúsund manns í gíslingu í gasvinnslustöð í Alsír. Umsátur um stöðina stóð yfir í fjóra daga þar til lögreglan réðist til atlögu. 40 starfsmenn í stöðinni létust, sem og 29 gíslátökumenn. Tæplega 800 manns var bjargað.

23

Mótmælt í Egyptalandi á ný

25. janúar 2013

Hundruð þúsunda mótmæltu Mohamed Morsi Egyptalandsforseta þegar tvö ár voru liðin frá upphafi mótmælanna í landinu.

25

Mannskæður eldsvoði

27. janúar 2013

Rúmlega 230 manns létust þegar eldur kom upp á næturklúbbi í Santa Maria í suðurhluta Brasilíu. Þjóðarsorg ríkti í landinu og eldsvoðinn vakti spurningar um getu ríkisins til að halda heimsmeistarakeppni í fótbolta og Ólympíuleika.

28

Íranar senda apa í geiminn

28. janúar 2013

Íranar greindu frá því í lok janúar að þeim hefði tekist að senda apa út í geim. Málið vakti athygli, ekki síst eftir að í ljós kom að apinn sem sýndur var að lokinni geimferðinni var ekki sá sami og sýndur var áður en lagt var í hana. Íranar sögðu myndarugling útskýra málið, og seinna á árinu sendu þeir annan apa í geiminn.

29

30

31



Febrúar

innlent

erlent

jan

feb

Síldardauði í Kolgrafafirði

1. febrúar 2013

Um 22 þúsund tonn af síld drápu­st í Kolgrafa­firði vegna súrefnisskorts. Þetta var í annað sinn á skömmum tíma sem þetta gerðist.

Steingrímur og Jóhanna segi af sér í kjölfar Icesave

1.–2. febrúar 2013

Fréttablaðið birti niðurstöðu tveggja skoðana­kannana sem gerðar voru í kjölfar niðurstöðu í Icesave-málinu. Í annarri þeirra kom fram að um 40 prósent landsmanna vildu að Stein­grímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir, leiðtogar ríkisstjórnarinnar, segðu af sér vegna málsins. Í hinni kom fram að Framsóknar­flokkurinn hefði bætt við sig gríðarlegu fylgi í kjölfar dómsins og að það mældist yfir 20 prósentum.

Árni Páll í stað Jóhönnu

2. febrúar 2013

Árni Páll Árnason var kjörinn formaður Samfylkingarinnar. Hann tók við af Jóhönnu Sigurðardóttur.

Fimm ár fyrir morð

13. febrúar 2013

Átján ára piltur var dæmdur í fimm ára fang­elsi fyrir morðtilræði. Hann stakk fyrirverandi ástkonu föður síns ítrekað.

Vantraust lagt fram og dregið til baka

20. febrúar 2013

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, bar fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina. Hann dró hana til baka daginn eftir.

Pétur beðinn um að hætta

28. febrúar 2013

Tilkynnt var að Pétri Einarssyni, forstjóra Straums, hefði verið gert að hætta störfum vegna umfjöllunar um lok viðskipta hans í Bretlandi sem talið var að gætu skaðað hags­muni bankans.

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28

Hrossakjötsskandall vindur upp á sig

4. febrúar 2013

Eftir að í ljós kom að hrossakjöt var að finna í ýmsum tilbúnum kjötréttum á Írlandi og í Bretlandi um miðjan janúar fór málið að vinda upp á sig. Sífellt fleiri fyrirtæki flæktust í málið og allan febrúar birtust nýjar fréttir af réttum sem áttu að innihalda nautakjöt en gerðu það ýmist í litlu magni eða alls ekki. Málið varð tilefni rannsókna víða og hélt áfram að komast í fréttir út árið.

Páfi hættir störfum

11. febrúar 2013

Benedikt sextánda páfi tilkynnti að hann hygðist láta af embætti í lok febrúarmánaðar. Þetta var í fyrsta sinn í um sex hundruð ár sem páfi lætur af embætti, en hann sagði háan aldur valda því að hann gæti ekki sinnt embættinu og guði nægilega vel.

Frakkar samþykkja hjónabönd samkynhneigðra

12. febrúar 2013

Franska þingið samþykkti lög sem heimiluðu samkynhneigðum pörum að ganga í hjónaband og ættleiða börn. Málið var mjög umdeilt og fjölmargar kröfu- og mótmælagöngur voru farnar til að styðja og mótmæla lögnum.

Morðóður lögreglumaður veginn

13. febrúar 2013

Fyrirverandi lögreglumaðurinn Christopher Dorner myrta að minnsta kosti fjóra í því sem hann sagði hefnd og stríð gegn lögreglunni í Los Angeles. Dorner var vikið frá störfum árið 2008 vegna ofbeldisbrota en hann hélt því fram að brottreksturinn væri vegna þess að hann væri af afrískum uppruna. Hans var leitað í tíu daga áður en sumarbústaður sem hann dvaldi í var umkringdur. Til skotbardaga kom og eftir hann kviknaði í bústaðnum og Dorner brann inni. Grunur lék á að lögreglu­menn hefðu vísvitandi notað of mikið targas til að reyna að kveikja í.



Pistorius handtekinn fyrir morð á kærustu

14. febrúar 2013

Ólympíuhlauparinn suður-afríski Oscar Pistorius var handtekinn grunaður um að hafa myrt kærustu sína, fyrirsætuna Reevu Steenkamp. Hann hélt því fram frá upphafi að hann hefði talið Steenkamp vera innbrotsþjóf og því hefði hann skotið hana til bana. Hún var inni á baðherbergi við hlið svefnherbergis þeirra og Pistorius skaut fjórum skotum í gegnum hurðina. Þrjú skotanna hæfðu kærustuna og saksóknari hefur því bent á að ásetningur Pistorius hafi verið að drepa hvern þann sem var inni í herberginu, hvort sem hann hafi talið að hann væri að skjóta innbrotsþjóf eður ei.

Pistorius var sleppt gegn tryggingu og hóf æfingar á ný um mitt árið. Réttarhöldin gegn honum verða í mars 2014.

Saurgerlar í hamborgurum

17. febrúar 2013

Hrossakjötsskandall Evrópu tók á sig margar myndir og varð til þess að alls kyns kjöt var skoðað. Í Svíþjóð var til dæmis átján tonnum af hamborgurum fargað eftir að í ljós kom að saurgerlar fundust í þeim.

Fyrsti kvenforseti S-Kóreu

25. febrúar 2013

Park Geun-Hye varð fyrsti kvenforseti Suður-Kóreu í febrúar. Pagar hún sór embættiseið lofaði hún efnahagsbata í fríu alla íbúa landsins.

Hjálpíð okkur að hjálpa ykkur!

Flugeldasalan heldur okkur gangandi

Björgunarsveitir okkar fjármagna starfið með margvíslegum hætti en Flugeldasalan er langmikilvægasta fjáröflun okkar og skiptir sköpum.

Við hvetjum fólk til þess að hugsa um eigið öryggi og kaupa flugeldana hjá okkur. Það hagnast allir á því.



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



SIYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

– berst fyrir lífi þínu

Mars

jan	innlent	erlent
feb		1
mars		2
apríl		3
maí		4
júní		5
júlí		6
ágú		7
sept		8
okt		9
nóv		10
des		11

Björgólfur yfir SA

6. mars 2013

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, var kjörinn formaður Samtaka atvinnu-lífsins.

Fangelsaður fyrir smygl

8. mars 2013

Davíð Örn Bjarnason, 28 ára Íslendingur, var handtekinn í Tyrklandi og sakaður um fornmunasmygl.

Ólafía fyrsta konan kjörin í formennsku í VR

15. mars 2013

Ólafía B. Rafnsdóttir var fyrst kvenna kjörin formaður VR, stærsa stéttarfélags landsins. Hún gersigraði fráfarandi formann, Stefán Einar Stefánsson, í kosningu á meðal félagsmanna.

Ákært í umfangsmesta máli Sérstaks saksóknara

15. mars 2013

Ákæra á hendur níu fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings var gefin út af Sérstökum saksóknara. Fólkið var ákært fyrir aðild að allsherjarmarkaðsmisnotkun og umboðssvik. Á meðal hinna ákærðu voru Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson. Málið var umfangsmesta mál sem embætti sérstaks saksóknara hafði sent frá sér. Á sama tíma var gefin út ákæra á hendur sex fyrrverandi starfsmönnum Landsbankans fyrir stórfellda markaðsmisnotkun og umboðssvik. Á meðal hinna ákærðu voru Sigurjón Þ. Arnason og Elín Sigfúsdóttir.

Skýrsla segir þau saklaus

25. mars 2013

Starfshópur sem vann skýrslu um Guðmundar- og Geirfinnsmálið skilaði niðurstöðu sinni. Hún var sú að líklegt væri að sexmenningarnir sem sakfelldir voru fyrir morðin árin 1977 hefðu hvergi komið nálægt málunum.



Hugo Chavez andast

5. mars 2013

Forseti Venesúela, Hugo Chavez, lést eftir tveggja ára baráttu við krabbamein í byrjun mars. Hann hafði verið forseti í fjórtán ár og í október 2012 var hann endurkjörinn þrátt fyrir veikindin. Andlát hans kom ekki sérstaklega á óvart, enda hafði hann ekki sést opinberlega frá því í desember 2012, en þá gekkst hann undir fjórðu aðgerðina vegna meinsins. Varaforseti landsins tilkynnti andlát forsetans að kvöldi 5. mars, en nokkrum dögum áður hafði verið greint frá því að forsetinn berðist við sýkingu í öndunarfærum og að brugðið gæti til beggja vona. Í kjölfar andlátstilkynningarinnar streymdi mikill fjöldi út á götur víðs vegar um landið þar sem stuðningsmenn forsetans komu saman og syrgðu.

Milljón flóttamanna

6. mars 2013

Fjöldi þeirra sem flúið höfðu stríðsátökin í Sýrlandi fór yfir eina milljón í byrjun mars. Þessi tala hefur hækkað mikið síðan þá. Einkum flýr fólk til Líbanons, Jórdaníu, Tyrklands, Íraks og Egyptalands. Milljónir manna eru að auki á flótta innan landamæranna.

Sýruárás í ballett

6. mars 2013

Pavel Dmitritsjenkó, 29 ára dansari við Bolsjoi-ballettinn í Moskvu, játaði að hafa skipulagt sýruárás á Sergei Filin, stjórnanda ballettsins. Tveir aðrir menn hafa játað aðild að árásinni. Dmitritsjenkó segist þó ekki hafa ætlað sér að ganga jafn langt og raunin varð. Filin brenndist illa á augum og í andliti þegar brennisteinssýru var skvett framan í hann hinn 17. janúar.

Tímamót í Grænlandi

6. mars 2013

Tímamót urðu á Grænlandi þegar Aleqa Hammond varð fyrsti kvenformaður heimastjórnarinnar þar, eftir að flokkur hennar vann sigur í þingkosningum í landinu.

Nýr páfi kjörinn

13. mars 2013

Argentínumaðurinn Jorge Bergoglio var kjörinn 266. páfinn hinn 13. mars. Hann varð Frans fyrsti og er fyrsti páfinn í yfir 1.200 ár sem ekki er frá Evrópu. Undir lok árs var hann valinn maður ársins hjá tímaritinu Time. Hann þykir hafa slegið nýjan og mildari tón í Vatíkaniu, meðal annars gagnvart samkynhneigðum.

Bönkum lokað á Kýpur

16. mars 2013

Efnahagsvandræði Kýpur héldu áfram og um miðjan mánuðinn var bönkum lokað og þeir ekki opnaðir aftur fyrr en tólf dögum síðar. Til að koma í veg fyrir hrun fjármálakerfisins fékk ríkið tíu milljarða neyðarlán með samkomulagi milli stjórnvalda, Evrópusambandsins, evrópska seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Sneri aftur til Pakistans

24. mars 2013

Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistan, batt enda á fjögurra ára sjálfskipaða útlegð sína til að leiða flokk sinn í þingkosningum. Yfirvöld í landinu lofuðu honum vernd og því gat hann snúið aftur, en hann hafði átt yfir höfði sér fjölda ákæra.

Apríl

innlent

erlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágú

sept

okt

nóv

des

Framsóknarflokkur stærstur

5. apríl 2013

Framsóknarflokkurinn mældist með 40 prósentu fylgi í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samkvæmt könnuninni vantaði flokkinn einungis einn þingmann til viðbótar til að ná hreinum meirihluta.

Fórnarlamb stígur fram

8. apríl 2013

Guðný Jóna Kristjánsdóttir steig fram í fyrsta sinn í Kastljósi. Henni var nauðgað af skólabróður sínum á Húsavík þegar hún var 17 ára. Í kjölfarið skrifuðu á annað hundrað íbúar í bænum undir opinbera yfirlýsingu þar sem lýst var stuðningi við gerandann og dómurinn sagður rangur. Málið vakti mikla athygli.

Segja sig frá Al Thani-máli

8. apríl 2013

Verjendurnir Gestur Jónsson og Ragnar H. Hall sögðu sig frá svokölluðu Al Thani-máli. Þeir töldu að réttur skjólstæðinga þeirra, Sigurðar Einarssonar og Ólafs Ólafssonar, hefði verið þverbrotinn.

Braut þagnarskyldu og þarf að borga tvær milljónir

11. apríl 2013

Gunnar Þ. Andersen, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, var fundinn sekur um brot á þagnarskyldu og gert að greiða tveggja milljóna króna sekt. Ákæran varðaði öflun fjárhagslegra upplýsinga um Guðlaug Þór Þórðarson, sem Gunnar kom í gegnum þriðja aðila til DV.

Samherji kærður

17. apríl 2013

Seðlabanki Íslands lauk rannsókn sinni á Samherja og kærði fyrirtækið til Sérstaks saksóknara fyrir brot á gjaldeyrislögum.

Framsókn ótvíræður sigurvegari og stjórnarflokkar bíða afhroð

27. apríl 2013

Alþingiskosningar fóru fram. Framsóknarflokkurinn vann stórsigur, fékk 24,4 prósent atkvæða og 19 þingmenn. Sjálfstæðisflokkurinn fékk næstverstu útreið sína frá upphafi en var samt enn stærsti flokkur landsins. Fráfarandi stjórnarflokkar, Samfylkingin og Vinstri græn, biðu afhroð og fengu samtals 23,8 prósentu fylgi. Tvö ný framboð, Píratar og Björt framtíð, náðu inn fulltrúum. Athygli vakti að 11,9 prósent greiddra atkvæða lentu hjá framboðum sem náðu ekki inn á þing, og féllu þar með niður dauð.

Meira en milljarður króna fyrir Clöru

30. apríl 2013

Tilkynnt var að íslenska hugbúnaðar-fyrirtækið Clara hefði verið selt til bandaríska fyrirtækisins Jive fyrir meira en milljarð króna. Tveir ungir íslenskir stofnendur fyrirtækisins áttu um 15 prósent hvor og högnuðust því talsvert á sólnni.

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

Alþjóðlegur afvopnunar-samningur undirritaður

2. apríl 2013

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti alþjóðlegan samning um afvopnunar-mál í fyrsta skipti. Samningurinn setur ýmsar kvaðir á ríki í vopnaviðskiptum. Norður-Kórea, Íran og Sírland voru einu ríkin sem ekki greiddu atkvæði með samningnum.

Thatcher deyr

8. apríl 2013

Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands og fyrsta konan til að gegna því embætti, lést í byrjun apríl. Hún var 87 ára þegar hún lést, en hún er einn umdeildasti stjórnálmámaður í sögu landsins.



Sprengjuárás í Boston-marathoninu

15. apríl 2013

Mikil skelfing greip um sig við endamark Boston-marabonsins þegar tvær sprengjur sprungu með þrettán sekúndna millibili. Tæplega sex þúsund hlauparar áttu enn eftir að ljúka hlaupinu þegar sprengingarnar urðu, auk þess sem mikill fjöldi fólks fylgdist með hlaupinu. Þrír áhorfendur létu lífið í sprengingunum og rúmlega 260 manns særðust, sumir alvarlega.

Nokkrum dögum síðar lýsti lögreglan eftir tveimur mönnum sem grunaðir voru um aðild að sprengjuárásunum. Seinna kom í ljós að það voru bræðurnir Dzhokhar and Tamerlan Tsarnaev, sem höfðu komið til Bandaríkjanna sem flóttamenn frá Rússlandi. Árásirnar voru trúarlegs eðlis, bræðurnir voru múslimar og höfðu árin á undan orðið íslamistar.

Hinn 19. apríl var allri borginni lokað meðan mjög umfangsmikil leit að sprengjumönnum fór fram. Bræðurnir rændu bíl af manni sem komst undan og gerði lögregunni viðvart. Til skotbardaga kom þar sem lögreglu-maður og Tamerlan létust. Allan daginn var leitað að Dzhokhar og fannst hann á endanum særður í báti sem var geymdur við hús í út-hverfi borgarinnar.

Jarðskjálfti í Kína

20. apríl 2013

Sichuan-hérað í Kína varð illa úti í jarðskjálfta í seinni hluta apríl. Mörg hundruð létust og um sex þúsund manns særðust. Skjálftinn, sem mældist 7 á Richter-kvarða, varð eldsnemma að morgni, en á sömu slóðum varð mikið mannfall aðeins fimm árum fyrr þegar annar öflugur skjálfti reið þar yfir.

Mannskæðasta slysið

24. apríl 2013

Yfir 1.200 manns létust þegar verksmiðju-bygging í Dhaka í Bangladess hrundi til grunna. Í verksmiðjunni voru unnin föt fyrir margar vestrænar fatakeðjur, og í ljós kom að hluti byggingarinnar var ólöglegur. Slysið var hið manskæðasta af þessu tagi í Bangladesh og beindi athygli heimsins að hörmulegum kjörum og aðbúnaði verkafólks í fataiðnaði í landinu. Í kjölfarið lofuðu fatarisarnir bót og betrun.

Hópnaudganir vekja óhug á Indlandi

28. apríl 2013

22 eru handteknir eftir að sex ára stúlku var nauðgað og hún skorin á háls í Nýju-Delí á Indlandi. Hún lifði af. Nokkrum dögum áður hafði fimm ára stúlku einnig verið nauðgað af hópi manna. Árásirnar urðu tilefni mikilla mótmæla og áframhaldandi krafa um að harðar yrði tekið á kynferðisbrotum.

Maí

jan
feb
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágú
sept
okt
nóv
des

innlent

erlent

1

2

3

Dæmt í Vatnsendamálinu

3. maí 2013

Dómur féll í svokölluðu Vatnsendamáli í Hæstarétti. Niðurstaðan var sú að Þorsteinn Hjaltsted, sem taldi sig eiga jörðina og hafði hagnast gífurlega á að selja hluta hennar, væri ekki réttmætur eigandi hennar heldur dánarbú afa hans.

4

5

6

Hrottalegt morð á Egilsstöðum

6. maí 2013

Maður um sextugt var myrtur á Egilsstöðum. Nágranni hans, maður á þrítugsaldri, var grunaður um verknaðinn og settur í gæsluvarðhald.

7

8

9

Þrjár konur sleppa úr áratuga ánauð

9. maí 2013

Þrjár ungar konur fundust í húsi strætóbílstjóra í Ohio í Bandaríkjunum. Þeim hafði verið haldið fongnum þar í um áratug en maðurinn, Ariel Castro, hafði rænt þeim öllum og beitt þær kynferðislegu ofbeldi allan þennan tíma. Ein kvennanna eignaðist barn í ánauðinni. Michelle Knight, Amanda Berry og Gina DeJesus höfðu allar horfið á sínum tíma. Þær sluppu með hjálp nágretta Castros. Við réttarhöldin játaði Castro, sem var 53 ára, að hafa rænt þeim og misþyrmt. Hann sagðist vera veikur maður og þjást af kynlífsfíkn. Hann var dæmdur í lífstíðarfangelsi og konurnar gátu ávarpað hann við réttarhöldin. „Ég eyddi ellefu árum í helvíti og nú er þitt helvíti rétt að byrja,“ sagði Knight við hann. Í september fannst Castro síðan látinn í klefa sínum í fangelsinu, þar sem hann hafði hengt sig.

10

11

12

13

14

15

16

Ísland í 17. sæti í Eurovision

16. maí 2013

Eyþór Ingi Gunnlaugsson söng „Ég á líf“ í undankeppni Eurovision og komst áfram. Tveimur dögum síðar söng hann lagið aftur í aðalkeppninni og endaði í 17. sæti.

17

18

19

Sigur Rós í Simpsons

19. maí 2013

Hljómsveitin Sigur Rós kom fram í sérstökum Íslandspætti af The Simpsons.

20

21

Hermaður myrtur á götu úti

22. maí 2013

Hermaðurinn Lee Rigby var myrtur á götu úti í London. Ekið var á hann og að því loknu réðust tveir menn á hann með sveðjum og hnífum. Michael Adebolajo og Michael Adebowale eru íslamskir öfgamenn og sögðu við réttarhöld að þeir hefðu myrt Rigby vegna þess að breskir hermenn myrtu múslima á hverjum degi. Þeir voru fundnir sekir um morðið í lok árs.

22

23

24

25

Óeirðir í Svíþjóð

24. maí 2013

Óeirðir urðu í Stokkhólmi, kveikt var í skólum og ráðist á lögreglumenn. Þetta var ekki í síðasta skipti sem óeirðir brutust út í höfuðborg Svíþjóðar á árinu.

26

27

28

Barn fannst í skólpröri

28. maí 2013

Ungbarn fannst í skólpröri í fjölbýlishúsi í Kína. Svo virtist að sögn kínverskra fjölmiðla sem barninu hefði verið sturtað niður í klósettið, en málið vakti gríðarlega athygli um allan heim. Barnið var nýfæddur fimm kílóa drengur. Íbúi í húsinu heyrði til drengsins gráta og gerði lögreglu viðvart. Þjörgunarmenn þurftu að saga gat á skólprörið til að losa drenginn og hann var síðan fluttur á sjúkrahús. Leitað var að foreldrum drengsins og móðirin fannst. Hún sagði að um slys hefði verið að ræða, hún hefði misst drenginn ofan í klósettið þegar hún fæddi hann. Íbúinn í fjölbýlishúsinu sem léta vita af drengnum var móðirin sjálf. Hún var ekki ákærð vegna málsins og drengurinn var útskrifaður af spítala og dvaldi hjá ömmu sinni og afa.

29

30

31

Bakkabróðir dæmdur

30. maí 2013

Lýður Guðmundsson var dæmdur til að greiða tvær milljónir króna í sekt vegna brota á hlutfjárlægum í lok árs 2008. Bjarnfreður Ólafsson lögmaður var einnig ákærður í málinu en sýknaður.

31





SILENT

VIÐBURÐIR

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Silent þakkar viðskiptavinum sínum skemmtilegt
samstarf á árinu sem er að líða.

Einnig þökkum við öllum sem tóku þátt í uppátækjum
fyrirtækisins á árinu, þeim sem...

sungu af stakri snilld, **hneggjuðu** eins og hestar,

dönsuðu af sér stressið og **skutust** í óvænt ferðalag.

Við hlökkum til að gera fleiri frábæra hluti með ykkur á nýju ári.

Smelltu hér til að sjá sýnishorn frá árinu 2013.

Júní

innlent

erlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágúst

sept

okt

nóv

des

Íslendingur dæmdur í 12 ára fangelsi í Kaupmannahöfn

3. júní 2013

Guðmundur Ingi Þóroddsson, höfuðpaur í stórfelldu alþjóðlegu smygli á 67 kílóum af amfetamíni, var dæmdur í tólf ára fangelsi í Kaupmannahöfn. Sex Íslendingar til viðbótar voru ákærðir í málinu.

Hemmi Gunn fellur frá

4. júní 2013

Hermann Gunnarsson, Hemmi Gunn, andaðist 66 ára að aldri. Hemmi var í Taílandi þegar hann lést.

Tveir barnaníðingar dæmdir í fangelsi

7. júní 2013

Karl Vignir Þorsteinsson var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir ítrekaðar nauðganir og kaup á vændi af andlega veiku fólki. Sama dag var maður, þekktur sem Eypór áhugaljósmyndari, dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn tólf stúlkum.

Hlé gert á viðræðum við ESB

13. júní 2013

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fundaði með Stefan Füle, stækkunarstjóra Evrópusambandsins, og tilkynnti honum að íslensk stjórnvöld hefðu tekið ákvörðun um að gera hlé á viðræðum við sambandið.

Veiðigjöldin lækkuð

19. júní 2013

Frumvarp um lækkun veiðigjalda var samþykkt á Alþingi. Ríkið mun verða af milljarðatekjum vegna þeirrar lækkunar.

Flóð í Evrópu

7. júní 2013

Gríðarleg flóð héldu áfram að valda miklum skemmdum og rökunum víða um Evrópu. Heilu bæirnir fóru nánast í kaf.



Fyrstu uppljóstranir Snowdens

7. júní 2013

Fyrstu uppljóstranir Edwards Snowden komu fyrir sjónir almennings. Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, NSA, hafði um langt skeið haft aðgang að persónuupplýsingum fólks í gegnum samskiptamiðla. Snowden hafði safnað saman gríðarlegu magni gagna þegar hann starfaði fyrir NSA. Þetta var upphafið að stærsta fréttamáli ársins, og enn eru ekki öll kurl komin til grafar. Snowden kom fram í fjölmiðlum þegar hann hafði flúið Bandaríkin til Hong Kong, þaðan sem hann fór til Rússlands. Þar dvelur hann enn.

Ríkisútvarpi Grikklands lokað

12. júní 2013

Stjórnvöld í Grikklandi ákváðu að loka ríkisútvarpinu og uppskáru gríðarlega óánægju. Starfsmenn neituðu að leggja niður störf og héldu áfram að sjónvarpa á netinu eftir að slökkt hafði verið á sendum. Seinna á árinu var ríkisútvarpið endurreist.

Berlusconi dæmdur

24. júní 2013

Silvio Berlusconi var dæmdur í fangelsi eftir margra ára málarekstur. Hann fékk sjö ára dóm fyrir að hafa borgað stúlku undir lögaldri fyrir kynlíf og fyrir valdniðslu. Þessi fyrrverandi forsætisráðherra má vegna dómsins aldrei gegna opinberu embætti aftur.



Júlí

	innlent	erlent
jan		
feb		1
mars		2
apríl		3
maí		4
júní		5
júlí		6
ágú		7
sept		8
okt		9
nóv		10
des		11
		12
		13
		14
		15
		16
		17
		18
		19
		20
		21
		22
		23
		24
		25
		26
		27
		28
		29
		30
		31

Kolsvört skýrsla um ÍLS

2. júlí 2013

Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðalánasjóð skilar kolsvartri skýrslu um starfsemi hans. Niðurstaða hennar var að mistök við rekstur sjóðsins hefðu kostað íslensku þjóðina hundruð milljarða króna. Ýmsar rangfærslur voru í skýrslunni, sem leiddu til töluverðar gagnrýni á hana.

Morsi steyppt af stóli

3. júlí 2013

Mohammed Morsi, forseta Egyptalands, var steyppt af stóli. Herinn tók völdin og fellði á sama tíma hina nýju stjórnarskrá úr gildi.

Malala ávarpar SP

12. júlí 2013

Malala Yousafzai varð heimsfræg eftir að talibanar í Pakistan reyndu að myrða hana. Hún hélt upp á sextán ára afmæli sitt með því að ávarpa Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Hún hélt áfram að ferðast og halda ávörp út árið og hlaut fjölda viðurkenninga fyrir baráttu sína. Margir vildu að hún fengi friðarverðlaun Nóbels en úr því varð ekki.

Zimmerman sýknaður

14. júlí 2013

George Zimmerman var sýknaður af ákæru um að hafa myrt hinn sautján ára gamla Trayvon Martin. Martin var þeldökkur og málið vakti miklar tilfinningar hjá þeim sem töldu að Zimmerman hefði sýnt kynþáttafordóma þegar hann skaut Martin. Zimmerman var sjálfboðaliði í nágrennavörslu þegar hann sá Martin, sem var óvopnaður. Zimmerman hélt því hins vegar fram að hann hafi skotið á Martin í sjálfsvörn og slapp.

Navalny látinn laus

19. júlí 2013

Stjornarandstæðingurinn Alexei Navalny var handtekinn og dæmdur en látinn laus sólarhring síðar eftir gríðarleg mótmæli í Rússlandi. Honum var leyft að bjóða sig fram til borgarstjóra Moskvu, þar sem hann tapaði, en var seinna á árinu dæmdur fyrir hærri rétti til skilorðsbundinnar vistar, sem þýðir að hann getur ekki boðið sig fram til neins embættis. Mál Navalny beindi athygli að valdabaráttunni í Kremli, en viðbrögð stjórnvalda þóttu óreiðukennd.

Breskur prins fæddur

23. júlí 2013

Breska konungsfjölskyldan stækkaði enn. Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja, kona hans, eignuðust son í lok júlí. Barnsins hafði verið beðið með eftirvæntingu meðal aðdáenda konungsfjölskyldunnar, en hann fékk síðar nafnið Georg Alexander Lúðvík.

Jóhannes í Bónus andast

27. júlí 2013

Jóhannes Jónsson, oftast kenndur við Bónus, lést 72 ára að aldri.

Aron velur Bandaríkin

29. júlí 2013

Aron Jóhannsson tilkynnti að hann ætlaði sér að spila fyrir bandaríska knattspyrnulandsliðið frekar en það íslenska.

Manning dæmd fyrir leka

30. júlí 2013

Bradley Manning var dæmdur í 35 ára fangelsi fyrir gagnalekann til Wikileaks. Manning var ekki talinn hafa gerst sekur um að aðstoða óvininn, sem var alvarlegasta ákæruatriðið, en var dæmdur sekur að öðru leyti. Skómmu eftir að dómurinn féll tilkynnti Manning að hún væri kona og hygðist héðan af nota fornafrnið Chelsea.

Ágúst

innlent

erlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágú

sept

okt

nóv

des

Kjarninn hefur göngu sína

22. ágúst 2013

Fyrsta útgáfa Kjarnans kemur út. Ísland verður aldrei samt. Þar er meðal annars greint frá innihaldi kolsvartrar skýrslu PwC um Sparisjóðinn í Keflavík og skýrslan birt í heild sinni.

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

Hundruð drepin í Egyptalandi

14. ágúst 2013

Mörg hundruð manns létust þegar öryggisveitir réðust til atlögu gegn mótmælendum í Kaíró um miðjan ágúst. Mótmæli gegn valdaráni hersins höfðu þá staðið yfir frá því að það átti sér stað.



Efnavopnaárás í Sýrlandi

21. ágúst 2013

Mörg hundruð manns létu lífið í efnavopnaárás í Damaskus í Sýrlandi. Óhugnanlegar myndir birtust af mannfallinu og vöktu óhug og reiði. Strax þá var opnað á þann möguleika að hernaðaríhlutun þyrfti til að stöðva borgarastyrjöldina í landinu. Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, tilkynnti strax að það ætti að rannsaka málið. Efnavopnasérfræðingar rannsökuðu málið en lentu í erfiðleikum með að sinna störfum sínum vegna átakanna í landinu.

Obama vill ráðast inn í Sýrland

31. ágúst 2013

Í lok mánaðarins tilkynnti Barack Obama Bandaríkjaforseti að hann vildi grípa til hernaðaraðgerða í Sýrlandi vegna efnavopnaárásarinnar. Hann ætlaði að sækjast eftir samþykki þingsins en ekki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hann hafði áður sagt að ef upp kæmist um notkun efnavopna hefði „rauð lína“ verið dregin og þá þyrfti alþjóðasamfélagið að grípa til aðgerða. Svo fór að þingið samþykkti ekki hernaðaríhlutun og enn hafa erlend ríki ekki blandað sér í borgarastyrjöldina í Sýrlandi.

September

innlent

erlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágú

sept

okt

nóv

des

Forsætisráðherra í ósamstæðum skóm með Obama

4. september 2013

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sat fund með forsætisráðherrum Norðurlandarákjanna og Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, í Stokkhólmi. Sigmundur Davíð mætti til fundarins í einum Nike-fþróttaskó og einum herraskó.

Arnaldur verðlaunaður

12. september 2013

Ný glæpasaga eftir Arnald Indriðason hlaut RBA-glæpabókaverðlaunin, sem eru ein þau eftirsóttustu í heimi í þessum flokki bókmennta.

Lyfjarisi áformar milljarða-framkvæmdir á Íslandi

19. september 2013

Sagt var frá því að Alvogen hygðist reisa hátæknisetur í Vatnsmýri og ráðast í aðra fjárfestingu hérlendis. Umfang hennar er um 25 milljarðar króna.

Gísli Marteinn hættir í pólitík

25. september 2013

Gísli Marteinn Baldursson tilkynnti að hann væri hættur sem borgarfulltrúi og í pólitík, þar sem hann hefði ráðið sig til að stjórna umræðuþætti á RÚV.

Forstjóri LSH segir upp

27. september 2013

Björn Zoëga sagði upp starfi sínu sem forstjóri Landspítalans. Páll Matthíasson tók við starfinu.

Risaraforkuver í Eþíópíu

27. september 2013

Tilkynnt var að Reykjavík Geothermal, fyrirtæki sem er stýrt af og er að hluta til í eigu Íslendinga, hefði samið um að byggja og reka allt að þúsund megavatta raforkuver í Eþíópíu.

Umdeild trúarhátíð haldin í Laugardalshöll

28. september 2013

Hátíð vonar var haldin í Laugardalshöll á vegum samtaka sem kennd eru við Billy Graham. Sonur hans, Franklin, predikaði, en hann og fylgismenn hans eru yfirlýstir andstæðingar samkynhneigðra. Þjóðkirkjan auglýsti hátíðina á vef sínum.

Hægriflokkur og Framfaraflokkur mynda stjórn

9. september 2013

Hægriflokkarnir unnu sigra í þingkosningunum í Noregi í september. Erna Solberg og Siv Jensen gengu til stjórnarsamstarfs nokkrum vikum síðar.



Hryðjuverk í Kenía

22. september 2013

Tugir manna létu lífið þegar hryðjuverkasmötök hertóku verslunarmiðstöð í Naíróbí í Kenía í lok september. Sómölsku hryðjuverkasmötökin al-Shabab lýstu ódæðinu á hendur sér og sögðu það hefnd fyrir hernað Keníumanna í Sómalíu. Umsátur var um verslunarmiðstöðina í nokkra daga á meðan byssumenn voru þar inni. Forseti landsins lofaði því að illvirkjunum yrði refsað fyrir hryðjuverkaárásina.

Angela Merkel og félagar vinna sigur í kosningum

23. september 2013

Angela Merkel og kristilegir demókratar fengu nærri helming þingsæta þegar gengið var til kosninga í Þýskalandi. Kanslarinn stóð því áfram sterkur að vígi. Undir lok ársins var búið að mynda stjórn með jafnaðarmönnum.

Nýnasistar handteknir í Grikklandi

28. september 2013

Sex þingmenn úr flokki nýnasista í Grikklandi, Gullinni dögum, voru handteknir. Mennirnir voru allir sakaðir um aðild að glæpasamtökum, en sumir voru einnig sakaðir um líkamsárásir og peningaþvætti. Nokkrum vikum fyrr hafði rapparinn Pavlos Fyssas verið myrtur og maður tengdur Gullinni dögum játaði á sig morðið. Skýrsla var gefin út í september sem tengdi flokkinn og flokksmenn við 33 ofbeldisbrot.

Október

innlent

erlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágúst

sept

okt

nóv

des

Fjárlagafrumvarpið kynnt

1. október 2013

Fyrsta fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var lagt fram. Þar var gert ráð fyrir hallalausum fjárlögum.

Samið um ívilnanir vegna stóriðju á Bakka

2. október 2013

Tilkynnt var að ríkisstjórnin hefði gert fjárfestingarsamning við þýska fyrirtækið PCC um ívilnanir vegna byggingar kísilvera á Bakka.

Ono heiðruð

9. október 2013

Yoko Ono var útnefnd heiðursborgari Reykjavíkur.

Hámarksrefsing fyrir stungumann á Egilsstöðum

23. október 2013

Friðrik Brynjar Friðriksson var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að stinga nágretta sinn til bana á Egilsstöðum.

Það gera 10.000 krónur

24. október 2013

Nýr peningaseðill, tíu þúsund króna seðillinn, var afhentur fjármálaráðherra.

Flugvöllurinn fer hvergi

25. október 2013

Samkomulag var kynnt um að Reykjavíkurflugvöllur yrði áfram í Vatnsmýri til ársins 2022. Fram að því ætti að kanna í þaula aðra flugvallarkosti á höfuðborgarsvæðinu.

Jón segir skilið við pólitík

30. október 2013

Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, tilkynnti að hann ætlaði ekki að bjóða sig aftur fram og að Besti flokkur hans yrði lagður niður. Hluti úr hópnum færðist við það yfir til Bjartrar framtíðar.

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31**Starfsemi Bandaríkjanna stöðvast**

2. október 2013

Starfsemi mjög margra stofnana í Bandaríkjunum stöðvaðist vegna deilna á þinginu um fjármál. Ástandið stóð heillengi á meðan deilt var, en rótin að vandanum var óánægja republikana með sjúkratryggingalög Obama Bandaríkjaforseta.

Flóttamenn farast á sjó

9. október 2013

Yfir þrjú hundruð flóttamenn frá Sómalíu og Ertreu fórust í sjóslysi á leið sinni til Ítalíu. Slysíð varð nærri eyjunni Lampedusa, en þangað kemur gríðarlegur fjöldi flóttamanna á ári hverju. Ráðamönnum var illa tekið þegar þeir heimsóttu eyjuna, en ákveðið var að allir þeir sem komust lífs fengju ítalskan ríkisborgararétt.

Þjóðarleiðtogar hleraðir

25. október 2013

Uppljóstrarnir Edwards Snowden héldu áfram að valda vandræðum í samskiptum ríkja. Í lok október var sagt frá því að símar ýmissa þjóðarleiðtoga hefðu verið hleraðir. Þetta olli mikilli reiði og skýringa var krafist af bandarískum stjórnvöldum.



Nóvember

innlent

erlent

jan

feb

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágú

sept

okt

nóv

des

Hannes Smárason ákærður 4. nóvember 2013

Greint var frá því að Hannesi Smárasyni hefði verið ákærður fyrir að hafa dregið að sér hátt í þrjá milljarða króna af reikningi FL Group í apríl 2005. Fénu var ráðstafað til Fons eignarhaldsfélags, sem notaði það til að kaupa danska flugfélagið Sterling.

QuizUp slær í gegn 7. nóvember 2013

QuizUp, spurningaleikjasmáforrit íslenska leikjaframleiðandans Plain Vanilla, var sett í loftið. Leikurinn náði ótrúlegum vinsældum á skömmum tíma. Um mánuði síðar voru forsvarsmenn Plain Vanilla búnir að hafna tilboði upp á annan tug milljarða króna í fyrirtækið. Sá sem vildi kaupa var leikjarisinn Zynga.

Ríkisstofnanir undir hnífinn 11. nóvember 2013

Tillögur hagræðingahóps ríkisstjórnarinnar voru kynntar. Í þeim var meðal annars lagt til að rekstur tuga ríkisstofnana yrði endurskoðaður. Alls voru tillögurnar í 111 liðum.

Halldór vinnur prófkjörið 16. nóvember 2013

Halldór Halldórsson náði fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Konur sem sóttust eftir forystusætum biðu afhroð og þátttaka í prófkjörinu var afar dræm í samanburði við fyrri prófkjör.

HM-draumurinn úti 19. nóvember 2013

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tapaði 2-0 fyrir Króatíu í umspili um sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu næsta sumar. Árangur liðsins var sá langbesti sem karlalandsliðið hefur nokkru sinni náð.

Aðalskipulag komið á borðið 26. nóvember 2013

Nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík var samþykkt. Það gildir til ársins 2030.

Blóðugur dagur á RÚV 27. nóvember 2013

Tilkynnt var um niðurskurð í rekstri RÚV vegna lægri framlaga til þess. Starfsmönnum mun fækka um 60 og þar af voru beinar uppsagnir 39 sem komu þegar til framkvæmda.

Leiðréttingin lítur dagsins ljós 30. nóvember 2013

Ríkisstjórnin kynnti skuldaniðurfellingar-tillögur sínar. Aðgerðirnar voru kallaðar „Leiðréttingin“. Samkvæmt þeim verða verðtryggð húsnæðislán færð niður um allt að 80 milljarða króna. Auk þess verður fólki gert kleift að nýta séreignalífeyrissparnað sinn til að greiða niður höfuðstól lána sinna skattfrjálst. Umfang þeirra aðgerða er allt að 70 milljarðar króna.

Vodafone hakkað 30. nóvember 2013

Tyrkneskir tölvuþrjótar brutust inn á heimasíðu Vodafone á Íslandi. Þeir stálu gögnum sem eru samtals um 300 megabæt að stærð og birtu þau síðan í heild sinni á netinu. Um var að ræða 79 þúsund smáskilaboð sem send höfðu verið á heimasíðu Vodafone á síðustu þremur árum, mikinn fjölda lykilorða viðskiptavina Vodafone, kreditkortanúmer og gríðarlegt magn upplýsinga um nöfn og kennitölur viðskiptavina. Þetta er stærsta tölvuárás Íslandssögunnar og stórtækasta árás inn í einkalíf Íslendinga sem nokkru sinni hefur átt sér stað.

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

Hamfarir á Filippseyjum 11. nóvember 2013

Rúmlega sex þúsund manns létu lífið vegna fellibyljarins Haiyan, sem gekk yfir Filippseyjar í byrjun nóvember. Neyðarástand skapaðist víða og ráðamenn á Filippseyjum reyndu að beina athygli heimsins að því að loftslagsbreytingar hefðu þessi skelfilegu áhrif.

Borgarstjóri sviptur völdum 19. nóvember 2013

Rob Ford, borgarstjóri í Toronto í Kanada, var sviptur völdum sínum. Ford stóð í ströngu á árinu og borgarstjórnin greip til þessa neyðarúrræðis í nóvember vegna þess að ekki var hægt að svipta hann embættinu sjálfu, aðeins völdunum sem því fylgja venjulega. Borgarstjórinn hefur orðið uppvís að ýmiss konar ólífnaði, drekkur ótæpilega og neytir eiturlyfja. Þá hefur hann verið sakaður um vændis kaup og kynferðisáreitni.



Þak hrynur í stórmarkaði 21. nóvember 2013

Yfir fimmtíu manns létust þegar þak stórmarkaðar í Ríga, höfuðborg Lettlands, hrundi á háannatíma. Rúmlega þrjátíu til viðbótar slösuðust. Slysíð er eitt það mannskæðasta í sögu Lettlands og þriggja daga þjóðarsorg var lýst yfir eftir það.

Andris Berzins, forseti Lettlands, sagði að slysíð mannskæða hefði verið morð og bæri að rannsaka sem slíkt. Nokkrum dögum síðar tilkynnti Valdis Dombrovskis, forsætisráðherra landsins, afsögn sína og ríkisstjórnarinnar allrar, vegna slyssins. „Landið þarf á ríkisstjórn að halda sem hefur burði til þess að bæta það ástand sem nú ríkir,“ sagði hann. „Ég hvet alla til þess að líta til framtíðar og meta hver ábyrgð þeirra er og hegða sér í samræmi við það.“

Konum bjargað úr ánauð 21. nóvember 2013

Þremur konum var bjargað úr húsi í London þar sem þeim hafði verið haldið föngnum í þrjátíu ár. Greint var frá málinu í lok nóvember, en konunum var bjargað mánuði fyrr. Þar á sjötugsaldri var handtekið vegna málsins, grunað um að hafa þrælað konunum út allan þennan tíma.

Þyrla hrapar á skemmtistað 29. nóvember 2013

Níu létust þegar lögregluþyrla hrapaði á fjölsóttan bar við bakka árinna Clyde í Glasgow. Fjólmennir tónleikar voru á barnum þegar slysíð varð og mikil skelfing greip um sig. Nokkra daga tók að fjarlægja brakið og komast að líkunum sem voru undir því.



Desember

innlent

jan

feb

mars

apríl

Skrúfað fyrir IPA-styrki

3. desember 2013

Tilkynnt var að Evrópusambandið ætlaði að hætta öllum IPA-verkefnum sem hafin voru á Íslandi í kjölfar þess að Ísland gerði hlé á viðræðum við sambandið.

Nám í ólestri

3. desember 2013

Niðurstöður nýrrar PISA-rannsóknar voru kynntar. Samkvæmt henni fer frammistaða íslenskra námsmanna versnandi. Ísland er, ásamt Svíþjóð, með lökustu frammistöðu allra Norðurlandarákja.

Hrottar fyrir dóm

9. desember 2013

Aðalmeðferð hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í Stokkseyrarmálinu svokallaða.

Þungir dómur í Al Thani-máli

12. desember 2013

Sakborningar í Al Thani-málinu svokallaða hlutu þyngstu dóma sem fallið hafa vegna auðgunarbrotu héraendis. Hreiðar Már Sigurðsson hlaut þyngsta dóminn, fimm og hálfis árs fangelsi. Sigurður Einarsson, Ólafur Ólafsson og Magnús Guðmundsson fengu einnig þunga dóma. Þeir hafa allir áfrýjað niðurstöðunni til Hæstaréttar.

Áttfaldur pottur í fyrsta sinn

14. desember 2013

Lottópotturinn var áttfaldur í fyrsta sinn. Lottóæði rann á landann.

Fjárlagafrumvarp samþykkt

17. desember 2013

Fjárlagafrumvarp næsta árs var samþykkt. Í kjölfarið var hægt að semja um þinglok.

Útvarpsstjóri segir af sér

17. desember 2013

Páll Magnússon lét af störfum sem útvarpsstjóri. Hann taldi sig ekki njóta nægilegs trausts í stjórn RÚV. Stjórnarformaður sagði að Páli hefði verið tilkynnt að staða hans yrði auglýst. Í kjölfarið hefði hann ákveðið að hætta.

erlent

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31



Nelson Mandela látinn

5. desember 2013

Nelson Mandela, frelsishetja og fyrrverandi forseti Suður-Afríku, lést 95 ára að aldri. Mandela hafði lengið barist við veikindi og var lagður inn á spítala í júní vegna lungna-sýkingar, þar sem hann dvaldi til dauðadags.

Fjölmargin minntust Mandela fyrir baráttuþrek og áhrif á lok aðskilnaðarstefnu í landinu. Nokkrum dögum eftir andlátíð var gríðarstór minningarathöfn haldin um hann í Jóhannesborg þar sem tæplega hundrað þjóðarleiðtogar voru á meðal viðstaddra. Meðal þeirra sem tóku til máls voru Barack Obama Bandaríkjaforseti og Desmond Tutu erkibiskup, sem hélt áhrifaríka ræðu. Allt slíkt féll þó fljótt í skuggann af öðrum atburðum. Í fyrsta lagi birtust myndir af þjóðarleiðtogum að taka sjálfsmyndir á meðan á athöfninni stóð. Forsætisráðherra Danmerkur, Helle Thorning-Schmidt, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Barack Obama Bandaríkjaforseti tóku eina slíka. Daginn eftir kom svo í ljós að táknmálstúlkur, sem túlkaði meðal annars ræðu Bandaríkjaforseta, hafði alls ekki verið að túlka. Túlkurinn kom fram í fjölmiðlum og sagðist veður á geði, auk þess sem kom á daginn að hann hefði verið dæmdur fyrir ýmsa glæpi.

Úkraína velur Rússland

8. desember 2013

Fjölmennt mótmæli voru haldin vegna utanríkisstefnu stjórnvalda í Úkraínu. Stjórnvöld voru langt komin í samningaviðræðum um samstarf við Evrópusambandið en hættu við. Í kjölfarið var gengið til samninga við Rússa.

Kim Jong-un lætur taka frænda sinn af lífi

13. desember 2013

Fréttir bárust af því að einn valdamesti maður í Norður-Kóreu, Chang Song-thæk, hefði verið tekinn af lífi. Nokkrum dögum fyrr hafði hann verið sviptur öllum titlum sínum og sakaður um ýmsa glæpi, meðal annars landráð og að vera of afslappaður. Hann var frændi Kim Jong-un, leiðtoga landsins, og talinn lærifaðir hans. Því komu fréttirnar á óvart og spurningar vöknudu um valdabaráttuna í landinu.

Pútín náðar þúsundir fanga

19. desember 2013

Mikhail Khodorkovsky, fyrrverandi olíubaron og ríkasti maður Rússlands, var meðal 25 þúsund fanga sem voru náðaðir af Vladimir Pútín Rússlandsforseta. Khodorkovsky átti að sleppa úr fangelsi á næsta ári en fréttir höfðu þó verið sagðar af því að til stæði að ákæra hann í þriðja sinn. Af því verður ekki því Khodorkovsky er laus úr fangelsi og lét það verða sitt fyrsta verk að fara úr landi, til Þýskalands. Pútín ákvað að náða allan þennan fjölda í tilefni af tuttugu ára afmæli rússnesku stjórnarskráarinnar.

Þak hrynur í miðri leiksýningu

19. desember 2013

Hluti af lofti Apollo-leikhússins í London hrundi í miðri leiksýningu á Furðulegu háttalagi hunds um nótt. Mikil skelfing greip um sig og 76 manns slösuðust, þar af sjö alvarlega. Enginn slasaðist þó lífshættulega.

Obama ýjar að breytingum hjá NSA

20. desember 2013

Barack Obama Bandaríkjaforseti hélt blaðamannafund við lok vinnuársins í Bandaríkjunum. Þar gaf hann í skyn að breytinga væri þörf á Þjóðaröryggisstofnuninni NSA, sem hefur verið mikið í sviðsljósinu eftir uppljóstranir Edwards Snowden. Hann viðurkenndi að stofnunin hefði getað stundað önnur og betri vinnubrögð en gagnrýndi Snowden fyrir uppljóstranir sínar, sem hann sagði hafa valdið ónauðsynlegum skaða.

Hjálparkokkar sýknaðir

20. desember 2013

Aðstoðarkonur sjónvarpskonunnar Nigellu Lawson voru sýknaðar af ákæru um að hafa svikið hundruð milljóna frá sjónvarpskokkinum og eiginmanni hennar. Málið vakti mikla athygli enda var málsvörn aðstoðarkvennanna sú að þær hefðu mátt eyða peningum hjónanna gegn því að upplýsa ekki um mikla eiturlyfjaneyslu Nigellu.

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur

Aldrei freistað að vera rithöfundur í fullu starfi



Deildu með umhverfinu

VIÐTAL
Pórunn Elísabet
Bogadóttir
thorunn@kjarninn.is

Pað hefur aldrei heillað Yrsu Sigurðardóttur að hætta að vinna sem verkfræðingur og einbeita sér aðeins að skáldskapnum þrátt fyrir að hún sé með vinsælli rithöfundum landsins og njóti mikillar velgengni erlendis.

„Þetta er svona akkeri, mér finnst þetta mjög skemmtilegt, þetta er það sem ég lærði og ég hef mikla ánægju af starfi mínu. Kannski hætti ég að skrifa á morgun, hver veit. Þetta er ekki hlutur sem maður getur treyst á til lengri tíma. Mér líður vel með þetta svona og ætla að reyna að halda áfram að vinna í eins stóru hlutastarfi og ég get.“ Hún fer hins vegar nú orðið svo mikið til útlanda vegna bóka sinna að hún getur ekki lengur unnið í fullu starfi. Þegar hún lýkur

við útgáfu bókar hefur hún dregist aftur úr í vinnunni og því er desember mjög annasamur.

Nýlega bárust fréttir af því að þættir yrðu gerðir upp úr bókum Yrsu. Hún segist ekkert koma að þeim málum. „Ég veit minnst af öllum held ég. Þetta er svo ofsalega ólíkur miðill, sjónvarp og kvikmyndir, miðað við bók, að það er sér list að skrifa handrit að slíku. Ég veit nóg um það til að vita að ég bæti engu þar við og yrði bara til

trafala.“ Og þrátt fyrir að njóta mikilla vinsælda erlendis, og vera komin á samning hjá stórrri norræni umboðsskrifstofu, getur hún ekki hugsað sér að skrifa fyrir annan markað en Ísland. „Mínir lesendur, sem ég er að skrifa fyrir, eru Íslendingar.“

Miklu skiptir að hafa kvenkyns söguhetjur

Yrsa ætlar að byrja að skrifa nýja bók nú í jólafríinu sínu, en hún er líka með önnur verkefni á þrjónunum. „Ég og Lilja Sigurðardóttir ætlum í samstarfsverkefni og skrifa hryllings sögu saman. Ég hlakka mikið til þess, mig hefur lengi langað að prófa að skrifa með einhverjum.“ Ef það gengur vel má því jafnvel eiga von á tveimur bókum frá Yrsu á næsta ári.

Henni þykir skipta máli að hafa kvenkyns söguhetjur í bókum sínum. Það gleður hana líka mikið að bækurnar hennar virðist höfða jafnt til kvenna sem karla. Hún er hugsi yfir stöðu kvenna í bókmenntum, aðeins tvær konur séu á metsölulistum núna. „Þetta er skrítið vegna þess að konur lesa meira en karlar. Við þurfum svolítið að fara að velta þessu fyrir okkur. Það er ekki svo að karlkyns höfundarnir séu svona miklu, miklu, miklu betri en konurnar að við rétt komum einum til tveimur fulltrúum inn á þennan lista. Það er ekki þannig.“

Meðal þess sem Yrsa veltir fyrir sér er barnabækurnar, en hún hóf sinn feril sem slíkur og segir að nema mikið hafi breyst síðan þá séu konur enn í miklum meirihluta höfunda. Samt eru efstu fimm bækurnar á metsölulistum nú eftir karla. „Líkast til gæti skýringin verið í því tilfelli þessi Pisakönnun [...] að fólk sé að kaupa frekar bækur fyrir stráka. En þá komum við aftur að því að það þykir í lagi að gefa stelpu bók um strák en það þykir ekki í lagi að gefa strák bók um stelpu. Þetta litar svo áfram upp úr, þannig að við konur venjumst því frá unga aldri að lesa um stráka og þeirra hugarheim og svo áfram upp í menn, en það sama á sér ekki stað með drengi.“



Lengd: 15:54

Athugaðu að tækið þitt þarf að vera nettengt til að sækja myndskreiðið.

Tækifærin felast ekki í að loka sig af

Jón Sigurðsson
forstjóri Össurar



Deildu með umheiminum

Jón Sigurðsson er forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar og formaður Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins. Hjá Össuri starfa um átján hundruð manns á fjórtán stöðum víðs vegar um heiminn. Fyrirtækið var stofnað árið 1971 og hefur síðan fest sig í sessi sem helsta stoðtækjafyrirtæki heims.

Hvað er það jákvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Við fengum ríkisstjórn þar sem gætir meiri jákvæðni gagnvart atvinnulífínu og leggur áherslu á hagvöxt bæði í orði og á borði.

Hvað var það neikvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Aðildarviðræðum við Evrópusambandið var hætt án þess að kæmi til trúverðug langtímalausn í annars vegar framtíðarskipan gjaldmiðlamála og hins vegar stöðu okkar sem örríkis í hinum stóra heimi.

Hvaða hlutum er brýnast að breyta til að styrkja stöðu þjóðarinnar og gera samfélagið betra?

Með gjaldeyrishöftum erum við ekki lengur í sama flokki og þau ríki sem við viljum bera okkur saman við. Til þess að snúa þessu við þurfum við að móta trúverðuga langtímastefnu sem tryggir okkur aðgang að mörkuðum, fjármagni og þekkingu erlendis.

Hvernig metur þú stöðu landsins í lok árs, og hvort telur þú að staða Íslands muni hafa versnað eða batnað í lok árs 2014?

Við erum að vinna okkur hægt og bítandi upp úr kreppunni, sem meðal annars sést af því að hagvöxtur á Íslandi er góður í augnablikinu. Hins vegar er mikil áhætta því fylgjandi að við erum einangrað hagkerfi sem hefur að miklu leyti verið skorið úr sambandi við hinn stóra heim. Einnig eigum við eftir að sjá hvort nauðsynlegur stöðugleiki mun nást en hann er grundvöllur framfara ef til lengri tíma er litið.

Hvernig stendur ríkisstjórnin sig að þínu mati, hvað hefur hún gert vel og hvað ekki?

Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á betra samstarf við atvinnulíf og aukningu hagvaxtar með góðum árangri. Hins vegar er ekki nein trúverðug langtíma-stefna í gjaldmiðlamálum. Fíllinn er ennþá í stofunni og þægilegast að láta eins og hann sé ekki þarna.

Hvar sérð þú helstu tækifæri Íslands á næsta ári/árum?

Tækifærin felast í þeirri staðreynd að við búum í þróuðu samfélagi með einstakri náttúru, menntaðri þjóð, aldurssamsetningin er hagstæð, lítil spilling og öll kerfi og innviðir traustir. Tækifærin felast ekki í að loka sig af heldur eiga sem mest samskipti og viðskipti við aðrar þjóðir. Endalaus tækifæri leynast í nýsköpun, sem skapað getur fleiri störf í framtíðinni.

Er framtíðin björt fyrir land og þjóð?

Ég er mjög bjartsýnn á framtíðina og er viss um að við eigum í fullu té við aðra ef við sköpum hér stöðugleika og sambærilegar aðstæður og erlendis.



Gleðileg jól!

Hjartans þakkir fyrir ómetanlegan
stuðning á árinu.

Jólaþakki,
Starfsfólk UNICEF á Íslandi

Framúrskarandi íslensk tónlist á árinu 2013

TÓNLIST

Benedikt Reynisson



Smelltu til að hlusta á In Germ með Futuregrapher, Gallery Six & Veronique



Smelltu til að hlusta á Either Way með Gluteus Maximus



Smelltu til að hlusta á Skýjaflétta með Sólrún Sumarliðadóttur



Smelltu til að hlusta á That's Wassup með Cell7



Smelltu til að hlusta á Candlestick með Múm



Smelltu til að hlusta á Allt má (má út) með Grísalappalísa



Smelltu til að hlusta á Blóðberg með Mammút



Smelltu til að hlusta á Inconstant Moon með Just Another Snake Cult



Smelltu til að hlusta á Adanac með Strigaskór nr. 42



Smelltu til að hlusta á Sex augu, tólf stjörnur með Wormlust



Smelltu til að hlusta á Vitriol með Carpe Noctem

Arið 2013 hefur verið mjög gjöfult og blómlegt tónlistarár með útgáfu margra frábærra platna yngra og eldra tónlistarfólks og hljómsveita. Sala á tónlist hefur ekki beint slegið met og tala sumir hljómplötuútgefendur um hrún í sölu miðað við síðustu ár. Þó hafa síðustu tvö ár verið mjög óhefðbundin að því leyti að á þeim komu út tvær afgerandi söluháar plötur sem náðu sölutölum sem aldrei áður hafa náðst á svo stuttum tíma á Íslandi. Í þessari umfjöllun er þó ekki ætlunin að fara yfir söluhæstu plötur ársins heldur þær plötur sem greinarhöfundi finnst bera af á árinu sem senn líður undir lok.

Raftónlist

Í ár komu út nokkrar afbrigðis raftónlistarskífur og þær sem helst bera af eru samstarfsskífa Futuregrapher, Gallery Six og Veronique, Either Way með tvíeykinu Gluteus Maximus og Skýjaflétta með Sólrúnu Sumarliðadóttur.

Árni Grétar Jóhannsson hefur í dagóðan tíma farið fyrir einyrkjasveitinni Futuregrapher og hefur ýmist sent frá sér ágengt jangle og drum and bass eða áferðarmjúka sveimtónlist (e. ambient). Crystal Lagoon EP er samstarfsverkefni hans, japanska raftónlistarmannsins Gallery Six og kanadíska sellóleikarans Veronique. Saman framreiða þau dramatíska, hægflojtandi og krefjandi sveimskífu sem er að mestu ósungin. Frábært samspil hljóðgervla, hljóðsarpa og strengja er algjört gúmmelaði fyrir eyru og kyndir vel undir öðrum skynvitum.



Futuregrapher

Either Way er tónlist samin af Gluteus Maximus, sem er skipuð þeim Margeir St. Ingólfssyni og Stephan Stephensen, fyrir DVD-útgáfu íslensku kvikmyndarinnar Á annan veg. Either Way er mjög heilsteypt og naumhyggjulegt tónverk sem skiptist í níu hluta þar sem hliðrænar hljóðgervlar, hljóðbreytar og akústísk hljóðfæri dansa saman á örfinni línu og útkoman er mjög flott.



Sólrún Sumarliðadóttir

Sólrún Sumarliðadóttir er best þekkt fyrir störf sín með hljómsveitinni Amiina, sem hún hefur verið meðlimur í frá upphafi. Skýjaflétta er tónlist sem hún samdi fyrir dansverkin Skýjaborg og Fetta Bretta sem eru bæði ætluð yngstu kynslóðinni. Tónlistina samdi Sólrún með dyggri aðstoð tveggja ára sonar síns og er auðveldlega hægt að mæla með skífunni fyrir bæði börn og fullorðna.

Af öðrum framúrskarandi raftónlistarplötum má nefna Tracing Echoes með Bloodgroup, Samaris með Samaris, This Time We Go Together með Ruxpin og White Mountain með Úlfi.


Rapp og hiphopp



Cell7

Íslenska rapp- og hiphoppárið var ekkert sérlega gjöfult þó svo að margt nýtt og spennandi sé í gangi í senunni. Þeir sem eru hvað mest spennandi í dag eru án efa listamenn á borð við Cell7, Lord Pusswhip, GERViSYKUR, Skuggar Reykjavíkur og Kött Grá Þjé. Besta hiphoppskífa ársins er án nokkurs vafa nýjasta breiðskífa Cell7 sem ber heitið CellF. Fyrir þessari einyrkjasveit fer Ragna Kjartansdóttir, sem fyrst gerði garðinn frægan með hljómsveit sinni Subterranean seint á síðustu öld. Cellf er búinn að vera mörg ár í vinnslu hjá Rögnu og er greinilegt að hún hefur nýtt tímamann vel, þar sem afraksturinn er ein besta hiphoppskífa sem komið hefur út á Íslandi. Cellf er ekki hreinráktuð hiphoppskífa því á henni má heyrja indversk áhrif í bland við nýdiskó, sálartónlist, djass og fleira. Framúrskarandi og alvöru hiphoppskífa.


Jaðartónlist af öllum gerðum



Múm


Jaðartónlistargeirinn er mjög víður og fjölbreyttur og margt sniðugt og ferskt er í gangi þar. Margar dúndurgóðar og ólíkar útgáfur litu dagsins ljós í ár. Nokkrar báru þó af hvað varðar ferskleika og hressilegheit.

Múm gaf út Smilewound, sem er sjötta breiðskífa hennar, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur hún flogið lágt undir radarinn hér á landi. Sveitin hefur sjaldan eða aldrei verið einbeittari og á Smilewound má finna nokkur af bestu lögum hennar á ferlinum. Lög eins og Candlestick, The Colorful Stabwound, Toothwheels og Sweet Impressions bera af þó svo að öll hin lögin séu góð.




Grísalappalísa

Rokksveitinni Grísalappalísa kom á síðasta ári eins og ferskur andvari inn í íslensku rokksenua, sem hefur verið nokkuð dauflundanfarið. Hljómsveitina skipa nú- og fyrrverandi meðlimir sveita á borð við The Heavy Experience, Jakobínarína, Oyama og Sudden Weather Change. Fyrsta breiðskífa sveitarinnar, Ali, inniheldur fyrsta flokks bræðing af síðþönki, nýbylgju- og súrkálsrokki. Sveitina leiða tveir ólíkir söngvarar sem skreyta tónlistina með hárbeyttum textum um tómhyggju, ógæfuna sem stundum fylgir reykvætt næturlífi og vonlaust ástarsamband við konu sem heitir Lísa.



Mammút

Mammút sendi eftir langa bið frá sér sína þriðju og langbestu breiðskífu í ár. Sveitin var margsinnis búin að slá útgáfu Komdu til mín. Svartin var margsinnis búin að slá útgáfu Komdu til mín. Svartin var margsinnis búin að slá útgáfu Komdu til mín. Svartin var margsinnis búin að slá útgáfu Komdu til mín.



Just Another Snake Cult

Íslenski Kaliforníubúinn Þórir Bogason hefur síðan 2009 farið fyrir hljómsveitinni Just Another Snake Cult og í ár kom út önnur breiðskífa hennar, sem ber heitið Cupid Makes a Fool of Me. Tónlist Just Another Snake Cult líkist engu sem er eða hefur í gangi á Íslandi. Áhrifin koma víða að og má á plötunni greina stílbrigði frá Brian Wilson, Ariel Pink, ELO, Billy Bragg og Of Montreal en án þess að það sé verið að stela frá einhverjum. Öllu er blandað listilega vel saman og útkoman er gómsætt 21. aldar sýrupopp.

Meðal annarra jaðarplatna sem vert er að nefna eru Friður með Ojba Rasta, I Wanna með Oyama, Eliminate Evil, Revive Good Times með Benna Hemm Hemm, Flowers með Sin Fang, Glamúr úr geimnum með DJ flugvél og geimskip, Human með Nolo, Ælulykt með Þóri Georg, Tónlist fyrir Hana með Per: Segulsvið, Talking About the Weather með Lay Low, Headphones með Jóhanni Kristinssyni, Northern Comfort með Tilbury og Autumn Skies með Snorra Helgasyni.


Nýklassík og samtímatónlist



Gunnar Andreas

Nokkrar framúrskarandi breiðskífur komu út í flokki nýklassíkur og samtímatónlistar á árinu og einna áhuga-verðastar eru breiðskífur ungu tónskáldanna Gunnars Andreasar Kristinssonar og Daniéls Bjarnasonar. Þær eru mjög ólíkar; Patterns með Gunnari sækir í íslenska þjóðlagarfinn og er naumhyggjuleg á meðan Over Light Earth með Daniel er ómstríð, ágeng og nútímaleg.

Þungarokk



Strigaskór nr. 42

Af þungarokki eru helst þrjár skífur sem bara af í ár, ekki síst nýjasta breiðskífa Kópavogssveitarinnar Strigaskór nr. 42. Armadillo heitir hún og er fyrsta útgáfa sveitarinnar í níttján ár. Hún er ákaflega beinskýtt, framsækin og tilraunakennd skífa sem gefur fyrri verkum sveitarinnar ekkert eftir og er ekki að heyrja að hún hafi legið í dvala. Í svartmálmsdeildinni komu út tvær framúrskarandi skífur með hljómsveitunum Carpe Noctem og Wormlust. The Feral Wisdom heitir breiðskífa Wormlust og er hún stórfengleg og öfgakennd svartmálmsýra af bestu gerð. In Terra Profugus heitir afurð Carpe Noctem. Þar er um afar metnaðarfullt verk að ræða og er sveitin víst búin að landa útgáfu erlendis.



Carpe Noctem

MYNDIR ÁRSINS

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin



Myndir ársins af erlendum vettvangi

Hleranir, milliríkjadeilur, mannréttindi, borgarastríð og hjálparaðstoð eru meðal viðfangsefna alþjóðastjórnmála. Ljósmyndarar AFP-fréttastofunnar eru meðal þeirra bestu í heimi.

Snúðu skjánum til sjá myndirnar stærri





Berlusconi dæmdur og rekinn af þingi

Fyrirverandi forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, var í ágúst dæmdur fyrir skattsvik, misbeitingu valds, mútur, samræði við ólögráða einstakling og meiðyrði. Fyrir það þarf hann að sitja í fangelsi og í kjölfarið var hann rekinn af þingi. Berlusconi varð 77 ára í september.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri





Hlerað í nafni þjóðaröryggis

Bandaríska þjóðaröryggisstofnunin (NSA) hefur um nokkurra ára skeið hlerað síma helstu þjóðarleiðtoga Evrópuríkja, meðal annars Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Þetta er ljóst af gögnunum sem Edward Snowden lak frá NSA. Fríverslunarsamningaviðræður ESB og Bandaríkjanna komust við það í uppnám.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Aukin harka og enginn endir í sjónmáli

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi verður við áramót búin að standa yfir í 1.023 daga. Hezbollah hefur á árinu stutt við sýrlenska stjórnarherinn í baráttunni við uppreisnarmenn, sem enn halda stórum svæðum í helstu borgum og sveitum landsins. Stjórnarherinn beitti á árinu efnavopnum í Damaskus og víðar.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Barist gegn feðraveldinu

Úkraínsku kvenréttindasamtökin FEMEN hafa síðan 2008 barist gegn feðraveldi í Evrópu. Mótmælendurnir eru jafnan berbrjósta og hafa meðal annars skrifað slagorð gegn kynferðisofbeldi gegn konum. Þessi maður var ósáttur við mótmæli við mosku í París og sparkaði í konu sem mótmælti.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri





Grafalvarlegt ástand á Filippseyjum

Fellibylurinn Haiyan gekk yfir Filippseyjar í nóvember með þeim afleiðingum að minnst 6.128 eru látnir, heilu þorpin voru jöfnuð við jörðu, togarar bárust upp á mitt land og gríðarlegur fjöldi fólks er umkomulaus. Alþjóðasamfélagið brást fljótt við og sendi nauðsynjar og peninga til Filippseyja.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri





Framúrskarandi erlend tónlist

TÓNLIST
Hildur Maral
Hamíðsdóttir



Deildu með
umheiminum

Pað kenndi ýmissa grasa á tónlistarárinu sem er að líða. Eftir því sem stafræn útgáfa breiðir úr sér reynist auðveldara að sjá hversu gríðarlegur fjöldi platna kemur út árlega – hugsíð bara til þess þegar plötuverslanir og útvarpið voru eina leið Íslendinga til að nálgast nýja tónlist. Þetta er að vissu leyti lúxusvandamál, þar sem erfitt getur reynst að passa upp á að ekkert fari framhjá manni. Hér má finna nokkrar af þeim plötum sem undirrituð varð hvað hrifnust af á árinu 2013.



Fjölmargar plötur fóru nánast huldu höfði á árinu

Will Oldham gaf út plötu undir listamannaheiti sínu Bonnie „Prince“ [Billy](#) sem minnir um margt á eldri verk hans og einblínir á persónulega texta, ráma rödd og hljóðfæraleik tónlistarmannsins.

Bill Callahan, sem einnig gefur út sem [Smog](#), laumaði út gæðagripnum [Dream River](#), sem ætti ekki að valda aðdáendum hans vonbrigðum. Von er á dub-útgáfu af plötunni í janúar sem ætti að vera forvitnilegt að heyra.

[Steven Wilson](#) (<http://bit.ly/1gKeIW7>), sem er hvað þekktastur sem söngvari [Porcupine Tree](#), gaf út fallega sólóplötu – [The Raven that Refused to Sing](#) – sem sýnir aðra hlið á honum sem lagasmið og söngvara.

Hinn ungi [Sean Nicholas Savage](#) er í kreðsu ungra og upprennandi kanadískra tónlistarmanna. Plata hans [Other Life](#) einkennist af hans sérstæða söngstíl og brothættum lögum í bland við poppslagara sem eru eins og endurlífgaðir eitís-hittarar.

Aðrar plötur fóru hærra og mögulega of hátt – skiptar skoðanir eru um hvort „hæpið“ svokallaða hafi átt rétt á sér. Að mati undirritaðrar eru eftirfarandi plötur þó gæðagripir sem vissulega eru í flokki bestu tónlistar ársins.


Hljómsveitin [The National](#) gaf út [Trouble Will Find Me](#), sem fylgir eftir undraverðum árangri sveitarinnar undanfarin ár. Sveitin hefur

einstaklega næmt eyra fyrir grípandi lagasmíðum og ljúfsárurum textum en auk þess er alltaf eitthvert auka krydd að finna í lögum hennar, svo sem framúrstefnulegar útsetningar.

[Daft Punk](#) vakti verðskuldaða athygli þegar dúóið gaf út plötuna [Random Access Memories](#) eftir langa bið. Gestangangur var mikill, en meðal söngvara á plötunni voru [Julian Casablancas](#), [Pharrell](#) og [Panda Bear](#). Innihald plötunnar kom fæstum á óvart en minnti rækilega á hve sterkur [Daft](#)



Demons með The National
Myndbandið við lagið [Demons](#) af nýrri plötu [The National](#) er ótrúlega flott og óvenjulegt.



Punk-hljómurinn í raun er og festi Frakkana í sessi sem eina áhrifamestu sveit síðari ára.

[Nick Cave & The Bad Seeds](#) sendu frá sér *Push the Sky Away* og uppskáru mikið lof fyrir. Cave sannaði rækilega á árinu að hann er hvergi nærri hættur og kannski bara rétt að byrja.

Talsvert var um að listamenn léku sér að tónlistarstefnum og skilgreiningum.

[Colin Stetson](#) gaf út hina framúrskarandi *New History Warfare, Vol. 3: To See More Light* á árinu. Bassasaxófónn Stetsons blandast aðgengilegum lagasmíðum á einstakan hátt og enn og aftur er ekki annað hægt en að hvá að magnaðri hringöndun og hugmyndaflugi tónlistarmannsins.

[Nils Frahm](#) átti gott ár með plötunni *Spaces*, sem blandar klassískum hljómgrunni saman við nýstárlegar lagasmíðar. Platan byggir á tónleikaflutningi hans á meira en 30 lögum sem hann svo endurhljóðblandaði saman.

[Jon Hopkins](#) dansaði einnig á línunum tónlistarstefna á plötunni *Immunity*, sem bræðir saman nýklassíska tóna við raftónlist svo að úr verður einstök plata.

Konur áttu sterkt ár

Systurnar Bianca og Sierra Casidy létu sköpunarkraftinn enn og aftur ráða för með [CocoRosie](#) og útkoman er hreint afbragð. Töfrandi textar og dreymnar laglínur eru í fyrirrúmi á plötunni *Tales of a GrassWidow*, sem er grípandi og kraftmikil og jafnvel besta plata þeirra hingað til.

Breska tríóið [Daughter](#) átti eina fallegustu plötu ársins, *If You Leave*. Tilfinningar ráða ríkjum og söngkonan Elena Tonra er óhrædd við að bera þær fyrir allra eyrum þegar hún syngur opinskátt um ástir, vonir og drauma – sem skilar sér í einlægri og heillandi plötu.

[Alison Goldfrapp](#) og félagar sendu frá sér nær óaðfinnanlega plötu á árinu – *Tales of Us* – sem að mati undirritaðrar er besta plata þeirra frá upphafi.

Kvenlegur sköpunarkraftur var ekki síðri í poppheiminum. Ungstirnið [Lorde](#) skaust heldur betur upp á stjörnuhimininn

á árinu með slaganum Royals. Það er þó langt frá því að vera sterkasta lagið á plötunni Pure Heroine, sem er frábær frumraun skemmtilega öðruvísi söngkonu.

Jessy Lanza kom fram á sjónarsviðið á árinu, en hún gerir út frá Kanada og er á mála hjá framúrstefnulegu útgáfunni Hyperdub. Seiðandi R&B/raftónarnir á fyrstu plötu hennar, Pull My Hair Back, hafa vakið verðskuldaða athygli og verður áhugavert að fylgjast með henni á næstu árum.

Poppdrottningin Beyoncé setti síðan allt á annan endann þegar hún, korteri fyrir jól, gerði sér lítið fyrir og smelli nýrri plötu óvænt á alnetið – án margra mánaða kynningarstarfsemi eins og jafnan tíðkast. Ekki er nóg með að platan sé stórgóð, heldur er hún svokölluð sjónræn plata: inniheldur háklassa myndband við hvert einasta lag.


Meira af poppi: M.I.A. og Omar Souleyman

blönduðu bæði etniskum bakgrunni sínum við popptónlist á listilegan hátt. Það er alltaf gaman þegar listamenn nota rætur sínar í tónlistarsköpun og einkenna sig frá meginstraumnum. Wenu Wenu og Matangi eru góð dæmi, en báðar plötur eru einstaklega flottur og öðruvísi rafpoppbræðingur.

The 20/20 Experience markaði endurkomu Justin Timberlake í poppheiminn, en hann hafði haldið sig til hlés í nokkur ár. Pressan var því mikil þegar hann sendi frá sér þessa langþráðu plötu – og vissulega er ekki annað hægt en að bjóða hann aftur velkominn; þarna eru samankomnir nokkrir helstu poppsmellir ársins.

Rokk ársins var eins mismunandi og það var mikið
Dönsku pönkararnir í Iceage sendu frá sér hina stórgóðu You're Nothing, sem missir ekkert bit eða sjarma þrátt fyrir

Beyoncé
Poppdrottningin gaf óvænt út plötu nú rétt fyrir jól.



að sveitin hafi samið við stórt plötufyrirtæki.

Frá sama landi en talsvert öðruvísi hljómi sendi Psyke Project frá sér plötuna Guillotine – sem ætti ekki að svíkja unnendur harðkjarna/metal og/eða sveitarinnar, sem virðist eingöngu verða betri og betri með hverri plötu.

Sennilega umtalaðasta plata innan geirans var önnur plata Deafheaven – Sunbather. Því má líklega þakka hversu óvenju aðgengileg hún er miðað við tónlistarstefnuna, en hún blandar svartmálmi saman við melódískar tónsmíðar.

Modern Life Is War sendi frá sér fyrstu plötu sína síðan hún lagði upp laupana árið 2008. Henni var afar vel tekið og er ekki að heyra að hljómsveitin hafi verið óvirk svo lengi. Platan, Fever Hunting, var unnin af Kurt Ballou úr Converge og kom út hjá Deathwish, sem varla virðast stíga feilspor.

Cult of Luna gaf út hina stórgóðu Vertikal. Hljómsveitin hefur einstaklega næmt eyra fyrir grípandi melódíum og nær sem fyrr að flétta þær léttilega við öskrandi þunga.

Meðal annarra hljómsveita sem gerðu það gott á árinu með útgáfum sínum í harðari kantinum má nefna SubRosa, Carcass og Watain.

Af hipphopp/R&B/rappútgáfum ársins má nefna plötur Earl Sweatshirt, Drake og Childish Gambino, sem allar voru prýðilegar. Þær sem áttu árið hvað mest að mati undirritaðrar í þeirri stefnu voru þó óneitanlega plöturnar Yeezus, Wolf og Government Plates.

Enginn skortur virðist vera á sjálfsáliti Kanye West, líkt og enginn skortur er á pottþéttum plötum frá kappanum. Yeezus er talsvert frábrugðin síðustu plötu Kanye, myrkt og metnaðarfullt verk sem mótar Kanye enn frekar sem tónlist-armann.

Tyler, the Creator sendi frá sér plötuna Wolf, sem er rök-rétt framhald plötu hans Goblin frá 2011 og ætti ekki að svíkja aðdáendur rapparans. Tyler er kjaftfor að vanda og sparar ekki kveðjurnar heim í stofu en við það hjálpar einvalalið á borð við Frank Ocean, Erykuh Badu og Pharrell.

Death Grips gaf út Government Plates í nóvember sem frítt niðurhal við góðar undirtektir. Sveitin er með þeim



Göldróttur

James Blake gerði töfregripinn *Overgrown* á árinu.

Áhugaverðari á markaði í dag, virðist geta gert hvað sem er og hikar ekki við að gera það – tilraunamennskan er sem ferskur blær inn í senuna.

Raftónlistarsenana átti mögulega sterkasta árið af þeim tónlistarstefnum sem hér eru teknar til greina. Af framúrstefnulegum og tilraunakenndari tónlistarmönnum ársins innan stefnunnar má nefna Burial, Haxan

Cloak, Tim Hecker og Oneothrix Point Never.

Burial kom flestum að óvörum og gaf út þriggja laga stuttskífuna *Rival Dealer* í desember, nákvæmlega ári eftir síðustu stuttskífu, og má því vonast eftir að fá árlega jólaglaðning frá Burial-sveininum næstu ár. Hann er greinilega búinn að taka ástfóstri við tónlistarformið og virðist það henta honum fullkomlega enda eru stuttskífurnar undanfarin ár hverri annarri betri.


Tim Hecker og Daniel Lopatin (*Oneothrix Point Never*) gáfu út stórgóða plötu saman árið 2012 og eiga svo tvær af betri tilrauna-raflötum ársins; *Virgins* og *R Plus Seven*.

Haxan Cloak er á hraðri uppleið þessa dagana og plata hans *Excavation* er þung og vönduð plata sem mun standast tímans tönn.

Listamenn og hljómsveitir á borð við Atoms for Peace, Trentemoller, Darkside, Forest Swords, Moderat, Baths, Boards of Canada og Shlohmo áttu einkar góðar plötur á árinu.

Þá ber sérstaklega að nefna frábæra plötu James Blake – Overgrown. Platan er sannkallaður töfraheimur og besta verk Blakes hingað til.

Aðrar plötur sem vert er að minnast á úr hinum ýmsu stefnum eru stórgóðar plötur Melody's Echo Chamber, Arcade Fire, Bibio, Kurt Vile, My Bloody Valentine og Youth Lagoon.



Leiða má líkur að því að flestir muni finna eitthvað við sitt hæfi af yfirlitinu hér að ofan, enda stefnur og straumar hvaðanæva að. Þá er ekki vitlaus hugmynd að víkka aðeins sjóndeildarhringinn og skoða tóndæmi frá stefnum sem venjulega eru ekki þinn tebolli, kæri lesandi – því yfirleitt eru skemmtilegustu plöturnar þær sem koma manni sannarlega á óvart.

Áhrif kreppunnar létu á sér kræla

KVIKMYNDIR
Atli Sigurjónsson



Deildu með
umheiminum

Islenska kvikmyndaárið 2013 verður líklega seint talið eitt af þeim bestu en það var engu að síður athyglisvert að mörgu leyti. Það sem var kannski sérstakt við þetta ár var að af þeim sex íslensku bíómyndum sem voru frumsýndar á árinu voru þrjár óháðar framleiðslur, svokallaðar „indie“-myndir. Þær voru ekki styrktar af Kvikmyndasjóði þegar þær voru gerðar (þær fengu reyndar allar eftirvinnslustyrk eftir að tókum lauk, en það var mun lægri upphæð en venjulegur styrkur). Það má segja að áhrif kreppunnar á íslenska kvikmyndagerð hafi fyrst farið að sjást að verulegu leyti á þessu ári þegar


hellingur íslenskra mynda frumsýndra á árinu er ekki upphaflega styrktur af kvikmyndasjóð. Það má samt vel sjá jákvæða hlið á þessu þar sem greinilegt er að sumir íslenskir kvikmyndagerðarmenn láta skort á styrkjum ekki stöðva sig í að fara af stað með heila bíómynd og er það eflaust fyrirboði um spennandi framtíð í íslenski kvikmyndagerð (til dæmis er útlit fyrir að í það minnsta þrjár óháðar íslenskar myndir verði frumsýndar árið 2014).

Af þeim sex íslensku bíómyndum sem komu út á árinu komst þó engin í flokk bestu íslensku bíómyndanna, engin jafnaðist á við Sódómu Reykjavík eða Börn náttúrunnar. Kvikmyndaárið hófst í janúar með XL (fyrstu óháðu mynd ársins) eftir Marteini Þórsson, sem fjallar um ævintýri drykkfелlds stjórnámalamanns (sem leikinn er af Ólafi Darra) sem gerir mislukkaða tilraun til að bæta líf sitt. Myndin er virðingarverð tilraun til að gera eitthvað öðruvísi í íslenski kvikmyndagerð, oft skemmtilega djörf og fyndin en líka losaraleg og einhæf og ekki nógu heilsteypt þegar á heildina er litið.

Svipaða sögu er að segja um þetta reddast, sem kom næst á eftir XL. Hún var tekin árið 2009 en sat í klippiherberginu í næstum fjögur ár áður en henni var loksins hleypt út (hún var einnig gerð án styrkja). Myndin var víst að stórum hluta spunnin og þótt hún sé oft fyndin og ágætlega leikin er hún líka frekar langdregin og sagan svolítið ruglingsleg. Engu að síður má sjá að leikstjórinn Þörkur Gunnarsson er nokkrum hæfileikum gæddur og verður áhugavert að sjá meira frá honum í framtíðinni.

Síðasta óháða mynd ársins, og jafnframt sú besta, var Falskur fugl. Myndin hafði vott af byrjendabrag og var kannski aðeins of augljóslega byggð á bók en Þóri Ómari Jónssyni leikstjóra tókst engu að síður að gera nokkuð sterka og athyglisverða frumraun og gaman var að sjá mynd um unglunga þar sem þeir tala eins og alvöru unglingar en ekki eins og einhver asnaleg hugmynd fullorðins fólks um hvernig unglingar tala. Þóri Ómari tókst líka að láta myndina líta út fyrir að kosta mun meira en hún líklega gerði og er það ákveðið afrek út af fyrir sig.





Ófeigur gengur aftur kom út mitt á milli síðastnefndu tveggja myndanna og braut því upp þetta óháða íslenska „kvikmyndavor“. Undirritaður sá hana reyndar ekki sökum þess að stiklan fyrir hana vakti risastóran kjánahroll, en miðað við hana var þetta gamaldags íslensk kómedía með Ladda í aðalhlutverki og líklega óþarfi að segja meira um hana.

Kvikmyndaárinu lauk síðan um haustið með stórmyndunum Hross í oss og Málmhaus. Segja má að Hross í oss sé sigurvegari ársins, en fyrir utan að vera aðsóknarmesta íslenska mynd ársins hefur hún þegar fengið þó nokkur verðlaun á hátíðum erlendis, svo sem á Spáni og í Japan, og virðast útlendingar almennt vera hrifnari af henni en Íslendingar (fyrir utan alla hestamennina auðvitað). Myndin er frumraun leikarans Benedikts Erlingssonar (hann hafði áður leikstýrt tveimur stuttmyndum) og þó að sumt megi finna að henni (myndin segir nokkrar sögur sem ná ekki alveg að mynda nógu sterka heild) verður að segjast að Benedikt hefur tekist að gera eitthvað alveg nýtt og ferskt, eins konar listræna hestablætismynd „a la Benni Erlings“ og greinilegt er að hann kann að nota kvikmyndaformið sem sjónrænan miðil. Það er lítið talað í myndinni og hún er full af ljóðrænum skotum af hestum við alls konar athafnir, og nærmyndum af ýmsum líkamshlutum þeirra. Maður mun ekki líta hestsauga sömu augum eftir að hafa séð Hross í oss. Benedikt á vonandi eftir að þróast meira sem leikstjóri og verður spennandi að sjá hvað hann gerir næst.

Síðasta mynd ársins, Málmhaus eftir Ragnar Bragason, var að mörgu leyti frekar hefðbundin, og mjög íslensk, mynd um utanveltu einstakling í einangruðu samfélagi og líka mynd um fjölskyldu að eigast við missi, tvö mjög algeng minni í íslenskum myndum. En myndin náði að greina sig frá öllum hinum myndunum með því að hafa black metal-tónlist í forgrunni og vann með það á skemmtilegan hátt. Hún verður líka betri eftir því sem á líður, virkar mjög klisjukennd í upphafi en nær smám saman að snerta mann, og að hluta til er það út af því hvernig Ragnar tekst að tvinna



þungmálmarokk saman við tilfinningarót aðalhetjunnar.

Þótt ýmislegt áhugavert hafi verið í gangi í íslenskri kvikmyndagerð árið 2013 var aðsókn á íslenskar myndir frekar dræm og eina myndin sem gæti talist vera „hittari“ er Hross í oss, sem um 15.000 manns hafa séð. Hún fór hægt af stað en góð umfjöllun og gott orðspor héldu aðsókn jafnri og þéttri næstu vikurnar. Um 10.000 manns fóru á Ófeigur snýr aftur, sem er í besta falli þokkalegt miðað við til dæmis Jóhannes sem næstum 40.000 manns sáu. Samanlagður fjöldi sem fór á hinar fjórar myndirnar er minni en þeirra sem fóru á Hross í oss og meira að segja Málmhaus, þrátt fyrir góða dóma og mikla umfjöllun, náði einungis að draga 5.000 manns í bíó. Það verður að teljast mikil vonbrigði, sérstaklega þar sem um 70.000 manns sáu Bjarnfreðarson, síðustu mynd Ragnars Bragasonar.

Árið 2013 var kannski ekki eitt af bestu árum íslenskrar kvikmyndasögu en það markaði engu að síður ákveðin skil í íslenskri kvikmyndagerð og ef til vill er tími óháðra mynda að ganga í garð. Þótt vissulega sé mikilvægt að hafa Kvikmyndasjóð er ekki alltaf hægt að reiða sig á hann; bæði er fjármagnið takmarkað og svo á ríkisstjórnin það til að takmarka það ennþá meira, og því er stundum þörf á að leita annarra leiða. Þar til fyrir nokkrum árum voru nær allar íslenskar kvikmyndir studdar af Kvikmyndasjóði en núna hefur staðan breyst. Fleiri og fleiri láta það ekki stöðva sig að geta ekki fengið styrk frá Kvikmyndasjóði enda er líka að verða auðveldrara að gera myndir fyrir lítinn pening með tilkomu æ ódýrari, og um leið betri, stafrænna myndavéla. Framtíð íslenskrar kvikmyndagerðar þarf kannski ekki að vera svo svört.

Ríkisstjórnin treystir ekki þjóðinni

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir
forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins



Deildu með umheiminum

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, var ráðin forstöðumaður nýs mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins á árinu. Stofnun menntasviðsins var liður í aukinni áherslu SA á menntamál og nýsköpun.

Hvað er það jákvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Miðað við hvernig staðan er víða í heiminum – jafnvel enn í Evrópu á ákveðnum stöðum – voru lýðræðislegar kosningar það jákvæðasta á árinu.

Hvað var það neikvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Tilfinningin eða myndin af auknu andlegu og líkamlegu ofbeldi í samfélaginu.

Hvaða hlutum er brýnast að breyta til að styrkja stöðu þjóðarinnar og gera samfélagið betra?

Það þarf að koma á stöðugleika á vinnumarkaði og breyta nálgun við gerð kjarasaminga að hætti norrænu landanna. Hlutverk stjórnvalda er að móta raunhæfa stefnu í efnahagsmálum, þ.m.t. peningamálastefnu. Að ýta skynsamasta valkostinum út af borðinu með því að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið er ekki beint hjálplegt né ber vott um mikla víðsýni.

Hvað er hægt að gera betur – að Mandela gengnum dregst fram eftirsjáin eftir slíkum einstaklingi hér á Íslandi á síðustu árum. Sem sagt – meira af ást og kærleika.

Hvernig metur þú stöðu landsins í lok árs, og hvort telur þú að staða Íslands muni hafa versnað eða batnað í lok árs 2014?

Hvernig við munum standa í árslok 2014 fer eftir gerð kjarasaminga, samningum við erlenda kröfuhafa og baráttunni við gjaldeyrishöftin. Ég er bjartsýn að eðlisfari og geri ráð fyrir að einhverju muni þoka áfram en þá skiptir miklu að stórum málum eins og afnámi gjaldeyrishafta hafi undið fram – ef ekki mun það þýða hægari efnahagsbata og lokað kerfi næstu árin. Það er ekki fýsilegt fyrir fólk sem hefur aðhyllst frjálst, opið og markaðsdrifið hagkerfi.

Hvernig stendur ríkisstjórnin sig að þínu mati, hvað hefur hún gert vel og hvað ekki?

Stefnan um hallalaus fjárlög er það skynsamlegasta sem komið hefur frá ríkisstjórninni. Síðan hafa jákvæðir tónar verið slegnir til framtíðar á sviði skólamála, stefna um eflingu og uppstokkun lögregluembætta er mikilvæg og nálgun á sviði heilbrigðismála hefur verið erfið en hreinskiptin. Fleira mætti auðvitað nefna. Forsætisráðherra má hæla fyrir að láta ekki slá sig út af laginu enda næmur á það sem skiptir máli og ekki er verra að hann hefur húmor í farteskinu.

Ríkisstjórninni er eins og öðrum mislagðar hendur en helst má undirstrika að hún treystir ekki þjóðinni til að taka ákvörðun um framhald viðræðna við ESB. Sú afstaða bitnar ekki eingöngu á þjóðinni og komandi kynslóðum heldur ekki síður á Sjálfstæðisflokknunum. Þetta er óskiljanlegt, sér í lagi þegar litið er til sögu Sjálfstæðisflokksins og forystu hans í utanríkismálum, en flokkurinn hefur aldrei verið hræddur við að taka samtalið um alþjóðasamstarf fyrir en nú. Þetta, ásamt ýmsum öðrum þáttum, kallar óhjákvæmilega á umræðu innan flokksins á nýju ári en það er ekki hér til umræðu!

Hvar sérð þú helstu tækifæri Íslands á næsta ári/árum?

Tækifærin eru víða og íslensk þjóð hefur sýnt að hún getur tekist á við erfiðleika og þrengingar. Mestu skiptir að stefnt sé að einföldu og skilvirku stjórnerfi sem veitir atvinnulífina bæði súrefni og svigrúm til verðmætasköpunar.

Stjórnámálamenn hafa einnig einstakt tækifæri til að stokka upp á ýmsum sviðum eins og á sviði mennta- og heilbrigðismála með valfrelsi og sveigjanleika að leiðarljósi; þótt það kunni að leiða til þess að þeir þurfi tímabundið að þræða einhver svipugöng.

Er framtíðin björt fyrir land og þjóð?

Ekki spurning. Við höfum bæði samfélagsgrunninn, auðlindirnar og manngerðina til að standa betur að vígi á morgun, eftir viku, ár eða árið 2050. Til þess þarf bæði bjartsýni og kjark til nauðsynlegra breytinga sem skynsamir stjórnámálamenn, forystufólk í atvinnulífi og aðrir Íslendingar þurfa að leiða gegn áreiti hinna ýmsu andlita popúlismans.

MYNDIR ÁRSINS

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin



Myndir ársins af erlendum vettvangi

Náttúran býður oft upp á stórkostleg augnablik fyrir góða ljósmyndara, hvort sem það eru hörmungar, íþróttir eða spaug. Ljósmyndarar AFP-fréttastofunnar eru meðal þeirra bestu í heimi.

Snúðu skjánum til sjá myndirnar stærri





Handfylli af bolafroski

Hinn 3. janúar voru öll dýrin í ZSL-dýragarðinum í London talin. Þar á meðal er þessi bolafroskur sem starfsmaður dýragarðsins hélt á fyrir ljósmyndara. Bolafroskur er regnhlifarheiti yfir stóra og árásargjarna froska.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





Bjórbað fyrir Ribery

Franski útherjinn Franck Ribery sem leikur fyrir Bayern München í þýsku sambandsdeildinni í fótbolta fékk yfir sig væna gusu af bjór eftir að liðið vann Meistaradeild Evrópu í vor. Jerome Boateng var örlátur á ölið.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til
sjá myndina stærri





IAAF World Championships
MOSCOW 2013

100 METRES FINAL	
Rank	Name
1	USA USAIN BOLT
2	GBR JAMES DINKALLO
3	USA CHRISTOPHER CLAYTON
4	USA WALTER DICKINSON
5	USA JUSTIN ROBERTS
6	USA JAMES WELCH
7	USA NATHAN WATSON
8	USA JAMES WATSON
9	USA JAMES WATSON

Leiftursnöggur

Usain Bolt er fljótasti maður í heiminum á tveimur jafnfljótum. Á heimsmeistarátötnu í Moskvu í sumar vann hann 100 metra hlaupið. Hann hljóp á 9,77 sekúndum en heimsmet Bolts er 9,58 sekúndur, sett í Berlín 2009. Ljósmyndararnir reyndu að halda í við Bolt en enginn náði betra augnabliki en þessi mynd sýnir.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri





Stórbrotið eldgos

Popocatépetl-fjall í Mexíkó leit út eins og í teiknimynd þegar þar hófst eldgos í júlí. Fjallið er í 55 kílómetra fjarlægð frá Mexíkóborg. Eldgosið varð til þess að hætt var við meira en 40 flugferðir bandarískra flugfélaga til og frá Mexíkó. Þarna hefur gosið átta sinnum síðan 1994.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri





Beckham hylttur

Hinn bráðmyndarlegi og góðkunnni knattspyrnumaður David Beckham stillti takkaskónum pent upp á hillu í sumar þegar hann lauk ferli sínum með Paris Saint-Germain (PSG). Beckham er gríðarlega sigursæll knattspyrnumaður, vann fjölmarga titla með Manchester United, Real Madrid, LA Galaxy og PSG.

Mynd: AFP

Snúðu skjánum til sjá myndina stærri



Sprotauppskera og þrívíddarprentun

Hjálmar Gíslason spáir í framþróun tækninnar á árinu 2014

TÆKNI
Hjálmar Gíslason

Kjarninn bað Hjálmar Gíslason hjá DataMarket að leggja hausinn í bleyti og spá fyrir um það hverju við mættum búast við í heimi tækninnar á árinu 2014. Hér eru sjö atriði sem honum flugu í hug:

„Tölvun er dauð“

hefði Nietzsche kannski sagt. Það er nú kannski ekki alveg svo, en á meðan fartölvusala stendur nokkurn veginn í stað og borðtölvur eru sannarlega deyjandi fyrirbæri er snjallsíma- og spjaldtölvueign á hraðri uppleið. Sífellt stærri hluti



Deildu með umheiminum

netnotkunar fer nú fram í gegnum þessi tæki. Þessi þróun mun halda áfram á árinu 2014 og því munum við sjá miklu fleiri vefsvæði þannig úr garði gerð að þau geri ráð fyrir að notkun sé að meirihluta með þessum hætti, eða „mobile first“ eins og það er kallað upp á ensku. Vonandi munu flestir vefir (íslenskir fréttavefir, ég er að tala við ykkur!) hætta að halda úti aðskildum vefslóðum fyrir mismunandi tæki og einbeita sér frekar að vefhönnun sem lagar sig að skjástærð og eiginleikum þess tækis sem lesandinn er að nota hverju sinni.

Þarfir en hverfandi þjónar

Smáforrit, eða öpp, munu með tímanum hverfa eftir því sem önnur tækni gerir þau óþörf.



Öppin hverfa

Síðustu ár hefur verið það alheitasta að búa til „öpp“ til að sinna hinum ýmsu afmörkuðu verkefnum á farsímum og spjaldtölvum. Við erum þarna á sama stigi farsímaþróunarinnar og þegar allir kepptust við að dreifa margmiðlunarefni fyrir tölvur á geisladiskum um og fyrir aldamótin. App er í eðli sínu forrit sem er sérskrifað til að keyra á tilteknu stýrikerfi og jafnvel afmörkuðum útgáfum þess. Geisladiskarnir dóu þegar bandbreidd á netinu og vafrar þróuðust nægilega til að ná að skapa í flestum tilfellum nokkurn veginn sömu upplifun og á hefðbundinni vefsíðu en ná í staðinn margfaldri dreifingu á við það sem diskarnir buðu upp á. Öppin hafa sannarlega sína kosti en mörg þeirra eru í raun ekkert

Facebook alltumlykjandi
Samfélagsmiðillinn er nú í
öndvegi hverja vökustund
sóláhringsins.

annað en þunn skel utan um það sem vafrinn í tækinu getur gert hvort sem er. Eftir því sem vafrar og vefþjónustur verða almennt í boði sem bjóða upp á þægilegar smágreiðslur, einfaldar leiðir til að „branda“ og bókamerkja vefsíður á aðalvalmyndir tækjanna og ekki síst bjóða upp á þann sýnileika sem „app store“-in bjóða upp á munu hefðbundnar vefsíður sækja á aftur, enda má ná sömu upplifun á þann hátt en spara sér að gera sérstaka útgáfu fyrir hverja gerð stýrikerfis. Öppin munu enn eiga sinn sess en meira í líkingu við það sem við þekkjum sem muninn á forriti og vefsíðu á tölvunni okkar.



Facebook alls staðar

Fyrir nokkrum árum lét ég hafa eftir mér að „Facebook væri sjónvarpið“ í þeim skilningi að nú væri kvöldrútínan á heimilum landsmanna farin að snúast um að vaska upp, háttla börnin og fara svo á Facebook í stað þess – eða í raun samhliða því – að horfa á sjónvarpið. Nú er Facebook orðið miklu meira en það. Facebook er til að mynda líka dagblaðið (á dauðum stundum í deginum), sígarettan (til að taka sér hlé) og sjampóbrúsinn (til að lesa á klósettinu). Þetta er gríðarlega sterk staða sem fyrirtækið og fyrirbærið Facebook er komið í og með nær einn af hverjum fimm jarðarbúum sem notendur eru þeir rétt að byrja að nýta sér þessa stöðu til að afla tekna.



Það kæmi mér ekki á óvart að við ættum eftir að sjá Facebook rúlla út greiðslulausnum (PayPal), vefleit (Google) og verslunarlausnum (Amazon) áður en langt um líður. Og það er fátt sem getur hindrað Facebook í þessari samkeppni. Ekkert fyrirtæki veit meira um notandann, langanir hans, þrjár og drauma – og hvernig má uppfylla þá.

Símafyrirtæki í vanda

Símafyrirtæki, einkum þau rótgrónari, hafa um langt árabíll haft gífurlega framlegð af landlínuáskriftum – tækni sem fáir nota en margir borga fyrir. Í þó nokkurn tíma hafa þau reyndar þurft að þola að ný heimili bætist ekki endilega í þennan hóp, enda uppfyllir nettenging og farsímaáskrift allar fjarskiptaþarfir og -venjur ungs fólks. Nú er þessi tekjustraumur farinn að láta verulega á sjá og eftir því sem ljósleiðaratengingar og 4G-farsímasamband verður algengara og áreiðanlegra eru eldri hóparnir jafnvel að segja upp landlínuáskriftunum líka. Alltaf leiðinlegt þegar fólk hættir að gefa manni peninga.

Ófyrirséðir möguleikar

Nýir tímar eru að ganga í garð með sífelld betri tækni í þrívíddarprentun. Möguleikarnir til fræðslu, gagns og gamans eru nánast ótakmarkaðir.



Þrívíddarprentun

2014 er ár þrívíddarprentarans. Tæknin er orðin nógu góð og ódýr til að fara að komast í almenna útbreiðslu og notkunar-möguleikarnir eru fleiri en flesta órar fyrir. Hönnuðir eru

auðvitað fyrir allnokkru búnir að tileinka sér þessa tækni sér til mikils gagns en með almennri útbreiðslu munu hlutirnir komast á verulegt skrið. Fólk mun prenta sér leikföng, nytjahluti og listmuni. Föndurfíklar fá alveg ný tækifæri fyrir útrás. Möguleikarnir í kennslu eru ótakmarkaðir. Heimurinn er áþreifanlegur og áþreifanlegir hlutir höfða til fólks á allt annan og „náttúrulegri“ hátt en það sem er bara til í tölvu. Aukin útbreiðsla mun líka kveikja nýjar hugmyndir, sprotafyrirtæki munu spretta upp og hlutirnir fara að gerast á þessum vettvangi með auknum hraða. Hugmyndaríkt fólk mun láta sér detta í hug hluti til að nýta þessa tækni á vegu sem ómögulegt er að spá fyrir um. Ég spái því sem sagt að einhver muni gera eitthvað með þessari tækni sem mér tekst ekki að spá fyrir um!

Sprotauppskeran heldur áfram

Árið 2013 fórum við að sjá uppskeruna af þeirri bylgju sprotafyrirtækja sem mörg hver fóru af stað eftir hrunið 2008 þegar margt hugmyndaríkt og kraftmikið fólk stóð á krossgötum í lífinu og ákvað að eltast við gamla – og stundum nýja – drauma. Plain Vanilla, Meniga, Clara, Betware og fleiri náðu eftirtektarverðum árangri á árinu. Við eigum eftir að sjá nokkur slík dæmi til viðbótar árið 2014 og þá fer athygli fjárfesta sem leita logandi ljósi að nýjum bóllum til að blása í á bak við gjaldeyrishöft að beinast að þessum geira. 2014 verður upphaf nýrrar sprotabólu. Þar mun margt misgáfulegt gerast en heildaráhrifin verða sannarlega af hinu góða. Íslenski tæknigeirinn ætti að búa sig undir nýja rússíbanareid!



Sérstakt ár í tölvuleikjaheimi

Farið yfir leikjatölvur og tölvuleiki sem breyttu öllu á árinu 2013

TÖLVULEIKIR
Guðmundur
Jóhannsson



Deildu með
umheiminum

Sú mýta að það séu bara strákar á unglingsaldri sem spili tölvuleiki er lífseig. Staðreyndin er þó sú að meðalaldur tölvuleikjaspilara í Bandaríkjunum er 37 ár og 42% þeirra eru konur. Þeir sem ólust upp í spilakassasölum eða áttu leikjatölvur af fyrstu kynslóð heima hjá sér hafa haldið áfram að spila tölvuleiki fram á fullorðinsaldur og ráðstöfunarfé þeirra fer að einhverju leyti í þetta áhugamál. Þess vegna eru tölvuleikir að hala inn meiri peninga en tónlistar- og kvikmyndabransinn á heimsvísu. Tölvuleikir eru líka orðnir að áhugamáli sem stærri hluti heimilisins tekur þátt í, sem má þakka

Nintendo Wii-leikjatölvunni sem varð söluhæsta leikjatölva þeirrar kynslóðar sem nú er að renna sitt skeið á enda.

Ævintýrlegur árangur Grand Theft Auto

Tölvuleikurinn Grand Theft Auto V (GTA V) var búinn að þéna meira en 800 milljónir dollara sólarhring eftir að hann fór í sölu. Leikurinn kostaði um það bil 137 milljónir dollara í framleiðslu, sem tók hvorki meira né minna en fimm ár, en markaðsherferð leiksins kostaði um 119 milljónir dollara og alls komu yfir þúsund manns að gerð hans. GTA V er ekki eini leikurinn til að ná viðlíka árangri og framleiðsla slíkra peningaprentsmiðja heldur bara áfram því þegar útgefendur detta niður á formúlu sem virkar er hún blóðmjólkuð þangað til sú næsta finnst. Á hverju ári koma út nýjar útgáfur af Call of Duty, Battlefield, FIFA, NBA og fleiri seríum sem allar mala gull.

Árið 2013, sem senn er á enda, er sérstakt ár í tölvuleikjaheiminum. Ný kynslóð véla er að banka á dyrnar með öllum sínum nýju leikjum og möguleikum og ein sterkasta kynslóð frá upphafi kveður þó að framleiðendur muni ekki yfirgefa þær strax. Bæði Sony og Microsoft hafa lengt líf Playstation 3 og Xbox 360 en Nintendo-menn hafa með öllu yfirgefið Wii-tölvuna sína þó að 100 milljónir slíkra véla hafi selst. Sony og Microsoft ætla að halda eitthvað áfram enda eru 160 milljónir véla þarna úti og báðar vélarnar seljast enn vel.

Peningaprentvél

Leikirnir í Grand Theft Auto-syrpunni eru fullir af ofbeldi en hafa malað framleiðendum sínum gull í fjölda ára. Fimmti leikurinn sló öll sölumet.



Nintendo fyrst

Nintendo var fyrst til að gefa út tölvuna sem er hluti af nýjustu kynslóð leikjatölva, þeirri áttundu. Nintendo Wii U kallast gripurinn og hefur hann fengið misjafna dóma. Við lok þriðja ársfjórðungs hafði Nintendo selt 3,9 milljónir véla, sem verður að teljast vonbrigði þar sem bæði Playstation 4 og Xbox One, nýjustu vélar keppinautanna, seldu milljón eintök á fyrsta söludegi nýverið og það löngu eftir að Wii U kom á markað. Þó er allt oft snemmt að afskrifa Nintendo, bæði vegna þess að kapphlaupið er nýhafið og enn getur allt gerst en þó sérstaklega vegna þess að Nintendo á svo mörg tromp á hendi. Sterkustu tromp Nintendo eru eigin leikir fyrirtækisins, ekki leikir sem gerðir eru af þriðja aðila. Fallbyssur eins og bræðurnir Mario og Luigi í sínum mörgu birtingarmyndum munu selja vélina í milljónum eintaka hvort sem það er nýr Super Mario leikur, Mario Kart, Luigi's Mansion, Donkey Kong Jr, Zelda, Metroid Prime og hvað allar þessar hetjur heita.



Keimlíkar en blæbrigðamunur

Playstation 4 og Xbox One eiga báðar eftir að seljast vel, þær eru keimlíkar en þó er blæbrigðamunur í hönnun þeirra og möguleikum. Það sem mun þó selja vélarnar eru leikirnir fyrst og fremst en ekki allir hinir möguleikarnir. Microsoft hefur sem dæmi einsett sér að gera Xbox One að því tæki í stofunni sem allt skal gera. Tölvuleikir og sjónvarpsáhorf,



hvort sem það er línuleg dagskrá sjónvarpsstöðvanna eða Netflix eða álíka streymisþjónustur, er meðal þess sem Microsoft menn eru að tala um. Einnig á að keyra grimmt á svokallað SmartGlass, sem gerir fólki kleift að nota snjalltæki til að tengjast vélinni með ýmsum hætti, ásamt því að hampa nýrri útgáfu af Kinect sem nemur spilarann og hreyfingar hans. Sony hefur flutt þau skilaboð að þetta sé leikjatölva

fyrir alvöru leiki og hefur fyrirtækið einsett sér að gera óháðum framleiðendum sem hæst undir höfði. Það gerði Microsoft sérstaklega vel á Xbox 360 en hefur klúðrað lítillega fyrir Xbox One þó að einhver skref hafi verið tekin í rétta átt.

Viðtökur þessara véla frá Sony og Microsoft voru eins og svart og hvítt. Internetið, bæði almúginn og tröllin, elskuðu Playstation 4 og gerðu grín að Xbox One, en á þeim bænum klúðruðu menn skilaboðunum algjörlega með

því að tala of mikið um allt annað en tölvuleikina. Með endalausum viðtölum, myndböndum á samfélagsmiðlum og fréttatilkynningum náðu Microsoft-menn þó að rétta úr kútnum og koma því til skila að auðvitað yrði Xbox One auðvitað líka hörku leikjatölva, gerð fyrir tölvuleiki fyrst og fremst. Þeim tókst það vel til að Sony byrjaði þá að breyta sínum skilaboð til að jafna leikinn. Það sem er nýtt í þessari kynslóð sem helst er talað um er auðvitað hvað þær eru öflugar (en ekki hvað) og allt loksins í fullri háskerpu og enn betri fjölspilun, auk þess sem hægt er að kaupa leikina á útgáfudegi í vélinni sjálfri í formi niðurhals svo eigendur þeirra þurfi ekki að labba út í búð og þannig fórna dýrmætum tíma sem mætti eyða í leikjaspilun. Dómar helstu miðla gefa vélunum svipaða einkunn en það sem skiptir öllu er leikirnir allir sem eiga eftir að koma. Microsoft hlýtur að fagna, enda fær vélin miklu betri dóma en internetið taldi að hún myndi fá. Leikirnir sem hafa komið út í dag fá þó misjafna dóma.



Öðruvísi skotleikur

Bioshock-leikirnir eru með útpældum söguþræði og vönduðu umhverfi. Bioshock Infinite hefur hlotið sérlega mikið lof.



BESTU LEIKIR ÁRSINS 2013

Fyrir tölvuleikjaunnendur var árið 2013 ansi gott. Mikið kom út af frábærum leikjum sem margir hverjir höfðu eitthvað nýtt fram að færa. Fyrir utan nýjan Grand Theft Auto-leik var þó mikið um framhaldsleiki enda framleiðendur duglegir að uppfæra og endurnýta það sem gengið hefur vel. Þannig koma alltaf út nýir Call of Duty- og FIFA-leikir og enn og aftur kom út nýr Assassins Creed-leikur. Það sem gladdi hvað mest var þó fjöldinn allur af leikjum sem komu með nýjar persónur og umhverfi sem ekki var endurnúið úr áður útgefnu efni. Óháðir framleiðendur gáfu líka út ansi marga góða leiki sem oft fara framhjá hinum almenna spilara en ekki er annað hægt en að mæla með. Bestu leikir ársins í engri sérstakri röð eru þessir:

Grand Theft Auto V (PS3 og Xbox360)

Tölvuheimurinn allur hefur beðið eftir þessum leik enda fimm ár frá Grand Theft Auto IV. Rockstar olli engum vonbrigðum og er leikurinn frábær í alla staði. Þsófan Franklin fer í söguannála tölvuleikjanna sem einhver súrasta persóna sem hægt hefur verið að spila.

Last of US (PS3)

Það er ansi langt síðan tölvuleikur hefur náð að hafa þvítík áhrif á spilarann eins og Last of Us. Svo stressaður gat maður orðið að helst gat ég bara spilað hann í stuttum skorpum, fyrir aftan hverja hurð eða næsta horn gat verið eitthvað óhugnanlegt sem annaðhvort drap mig eða lét mig eyða öllu sem ég hafði til að komast framhjá ógninni. Persónur, söguþráður og grafík er öll til fyrirmyndar og helst fannst mér eins og ég væri að taka þátt í einhverju raunverulegu og þyrfti áfallahjálp á eftir.

Bioshock Infinite (PC,PS3 og Xbox 360)

Þriðji Bioshock-leikurinn, sem miklar væntingar voru gerðar til, kom loks út eftir tvær seinkanir og mikla markaðsherferð. Bioshock-leikirnir eru ekki þessir hefðbundnu fyrstu persónu skotleikir, mikið er lagt upp úr söguþræðinum og umhverfinu öllu. Bioshock Infinite var af mörgum kallaður besti

leikur þessarar kynslóðar, hann mun eflaust eldast vel og er skyldueign fyrir þá sem vilja spila aðeins öðruvísi skotleik sem skilur eitthvað eftir sig, sem fæstir skotleikir geta státað af.

Guacamelee (PS3 og PC)

Tvívíður hopp og skopp leikur (platformer) undir miklum áhrifum frá mexíkóskum sögum og menningu þar sem aðalsöguhetjan er glímukappi sem berst við ill öfl og dauðann. Leikurinn er sem forskur blær í annars staðnaðri tegund tölvuleikja þar sem lítið nýtt er í gangi fyrir utan mögulega Super Mario- og Rayman-leikina.

Tomb Raider (PC, PS3 og Xbox 360)

Aldrei hefði maður trúað því að Lara Croft blessunin myndi dúkka upp aftur en hún gerði það þó með látum. Hér er búið að hugsa Löru upp á nýtt og fyrsti leikurinn af eflaust mörgum fékk einróma lof gagnrýnenda. Þessar tólf klukkustundir sem tekur að klára leikinn renna ljúflega í gegn og menn ættu að glósa hjá sér hvernig hér er staðið að endurgerð eldri leikja sem alltaf eru að koma út.

Brothers: A Tale of Two Sons (PC, PS3 og Xbox 360)

Annar óháður leikur sem allir ættu að spila. Mögulega ekki fyrir yngri unnendur tölvuleikja þar sem maður stýrir tveimur bræðrum í einu í gegnum fallegt umhverfi sem minnir á Fable-tölvuleikina. Framvinnan er hæg en maður verður aldrei þreyttur á leiknum, hann spilar vel allt til enda.

Hotline Miami (PS3 og PC)

Afturhvarf til gamalla tíma þar sem horft er niður á heiminn í þessum stórskrýtna leik. Á símsvaranum eru skrýtin skilaboð sem hvetja þig til ofbeldisfullra verka. Hér er tölvugert ofbeldi og nóg af blóði í þannig stíl að það mætti að halda að tölvuleikur frá 1993 hefði verið bónaður í háskerpum og gefinn út upp á nýtt. Minnir á fyrstu Grand Theft Auto leikina en samt ekki, heilalaus skemmtun fyrir allan peninginn.



Nýtt líf Tomb Raider
Lara Croft hefur verið hugsuð upp á nýtt og fyrsti leikurinn af eflaust mörgum var mærdur í bak og fyrir. Fyrirmyndar endurgerð.

NBA2K14 fær bestu dómanna

Knack, leikurinn sem Sony hefur hampað hvað mest í auglýsingum, er fallegur, enda Playstation 4 öflug tölva. Leikurinn sjálfur færir þó ekkert nýtt að borðinu sem menn hafa ekki séð áður. Verið er að endurvinna hugmyndir og það illa. Að sama skapi fær Ryse (eingöngu fyrir Xbox One) sem gerður er af Crytek (FarCry, Crysis) misjafna dóma, en um er að ræða „hack and slash“-leik með sífelldum endurtekningum og myndskleiðum (e. cutscenes) þó að grafíkin sé sannarlega góður fulltrúi nýrra tíma og öflugri véla. Menn áttu alltaf von á fallegum leik enda Crytek-menn þekktir fyrir að gera leiki sem fá öflugustu PC-vélar til að biðja um miskunn, þeir kunna að gera grafík. Öll myndskleið úr Ryse sýna það og sanna en á sama tíma sér maður að spilunin er kannski ekki nýjasta nýtt.

Sá leikur sem eflaust fær bestu dómanna er NBA2K14, en framleiðandinn Visual Concepts hefur haft vinningsformúlu í höndunum í mörg ár. Helsti keppinauturinn, EA Sports, hætti gerð NBA Live-leikjanna sem hafa komið út í yfir tíu ár og settist aftur að teikniborðinu, en fyrsta útgáfan af endurbættum leik sem kom út nýverið hefur hlotið vægast sagt slæma dóma. Í NBA2K14 geta menn séð með eigin augum



hversu öflug þessi nýja kynslóð er. Grafík bæði leikmanna og öll önnur umgjörð er sannarlega af næstu kynslóð og spilunin einnig. Leikurinn er einnig til fyrir Playstation 3 og Xbox 360 og þannig sést greinilega hvers þessi næsta kynslóð er megnug þó að menn viti að þetta sé aðeins toppurinn á ísjakanum.

Það tekur mörg ár fyrir hugbúnaðarhúsin að ná fullum afköstum úr öllum þessum gígariðum og megabætum sem í vélunum keyra. Að spila Xbox 360- eða Playstation 3-leik í dag sem er orðinn nokkurra ára gamall fær augun í manni til að halda að eitthvað sé að, munurinn er svo sjáanlegur og skýr. Ef menn bera til dæmis saman GTA IV og GTA V með sínu fimm ára aldursbili sést greinilega að þar munar um þann tíma sem framleiðendur hafa fengið til að venjast þróunarumhverfinu og vélunum sjálfum og læra vel inn á hvað hentar og hvað ekki.

Framtíðin er björt og næsta ár lofar góðu. Leikir eins og TitanFall, Quantum Break, Destiny og Watch Dogs eru dæmi um leiki sem koma út á næsta ári, allt leikir sem byggja á nýjum grunni en eru ekki uppfærðar útgáfur af einhverju sem menn þekkja og hefur þénað vel. Það þarf að halda áfram að búa til nýja leiki í stað þess að endurvinna alltaf eldri leiki með nýrri umferð af málningu eins og mikið hefur verið gert með Call of Duty, Battlefield, FIFA og öllum þessum leikjum sem koma út á hverju ári og velta milljónum dollara.



Ríkisstjórnin hefur klúðrað PR-málum

Gísli S. Brynjólfsson

frankvæmdastjóri Hvíta hússins, sem vann meðal annars flest verðlaun á auglýsingahátíð Lúðursins á árinu 2013



Deildu með umheiminum

Gísli S. Brynjólfsson er annar framkvæmdastjóra auglýsingastofunnar Hvíta hússins. Stofan hefur starfað lengst allra auglýsingastofa hérlendis, allt frá árinu 1961, og hefur áratuga reynslu af markaðsstörfum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum á Íslandi. Hvíta húsið hefur hlotið fleiri verðlaun fyrir starf sitt en nokkur önnur íslensk auglýsingastofa, bæði hérlendis og erlendis.

Hvað er það jákvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Fyrir mig persónulega og fyrir okkur á Hvíta var 2013 að mörgu leyti fínt ár. Við höfum fengið að vinna að mörgum skemmtilegum verkefnum sem hafa skilað árangri og vakið athygli, bæði hér heima og utan landsteinanna. Ætli ég verði ekki sérstaklega að nefna gott gengi okkar á auglýsingahátíð Lúðursins í mars síðastliðnum, þar sem við unnum til flestra verðlauna, þar á meðal herferð ársins fyrir Vodafone. Sumarið var síðan mjög áhugavert þegar við unnum með kettinum Jóa í herferð fyrir Sjóvá. Ég held að sjaldan hafi einn leikari verið með eins mikla stjórnustæla; sá lét okkur hafa fyrir því. Þetta eru kannski stærstu punktarnir. Já! Og svo losnuðum við auðvitað við Icesave-umræðuna. Vonandi!

Hvað var það neikvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Það neikvæðasta var í raun það sem gerðist ekki. Sumarið lét aldrei sjá sig. Það hafði áhrif á sálarlíf mitt og golfsveifluna, ég ætla allavega að nota þá af-sökun. Og svo til að „toppa“ sumarið féll Skaginn í fyrstu deild. Annars engin stór áföll, svona ef maður hættir að vorkenna sjálfum sér.

Hvaða hlutum er brýnast að breyta til að styrkja stöðu þjóðarinnar og gera samfélagið betra?

Einhver sagði „It's the economy, stupid“, og ég held að það sé svolítið staðan hjá okkur ennþá. Að lækka skatta á fyrirtæki – hvort sem það væri í formi lægri launatengdra gjalda eða lægri tekjuskatta – held að myndi hjálpa mikið til og gæti verið þúfan sem myndi velta „hlassi“ atvinnulífsins af stað. Ég held að það sé ein af stóru forsendunum til þess að koma fyrirtækjunum almennilega af stað. Hvað sóknartækifærin varðar held ég, eftir að hafa unnið með nokkrum sjávarútvegsfyrirtækjum á síðastliðnum árum, að sé forgangsverkefni hjá okkur að fara í almennilega markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Við erum að verða eftirbátar á mörgum mörkuðum og höfum dregið lappirnar allt of lengi í þessum efnunum.

Hvernig metur þú stöðu landsins í lok árs, og hvort telur þú að staða Íslands muni hafa versnað eða batnað í lok árs 2014?

Ég held að það sé hægt að benda á nokkra þætti sem eru jákvæðir og hafa sannarlega bætt stöðu landsins, þótt enn séu vissulega fjölmörg stórmál óleyst. Augljósust er náttúrulega þessi fjölgun ferðamanna en mér finnst ekki síður jákvætt að sjá þennan gríðarlega áhuga á landinu til framleiðslu á kvikmynduðu efni: kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og auglýsingum. Hvort tveggja eru vaxtartækifæri sem verður að passa. Vonandi getum við horft til baka í lok næsta árs og þá verði til viðbótar komnar einhverjar leiðir til að leysa önnur stærri mál, eins og gjaldeyrismálin.

Hvernig stendur ríkisstjórnin sig að þínu mati, hvað hefur hún gert vel og hvað ekki?

Persónulega hef ég orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum með hana þar sem ég hélt að hún myndi láta meira til sína taka á fyrstu mánuðunum. Það var í það minnsta tónninn sem var gefinn eftir kosningar. Mér finnst útspil hennar með skuldaniðurfellinguna þó gott að því leyti til að það virðist vera nokkuð almenn sátt um hana. Það var mjög mikilvægt. Mér finnst þessi ríkisstjórn þó aðallega hafa klúðrað málum á PR-hliðinni, og þá kannski sérstaklega ákveðnir einstaklingar innan ríkisstjórnarflokkanna.

Hvar sérð þú helstu tækifæri Íslands á næsta ári/árum?

Þau eru mörg en ég held að þau séu ekki hvað síst í sjávarútvegi. Við höfum unnið frábæra hluti á mörgum sviðum sjávarútvegs eins og til dæmis í vinnslu og nýtingu hráefnis, sem hefur skilað sér í nýjum og betri afurðum. Ég held að það sé kominn tími á að við förum að koma þessu vopnabúri okkar á framfæri með stefnumiðaðri markaðssetningu. Við höfum séð hvernig bæði Noregur hefur unnið sína heimavinnu í þessum málum og líka Alaska með laxinn. Við getum ekki beðið lengur.

Er framtíðin björt fyrir land og þjóð?

Já, það tel ég að hljóti að vera. Ég er í það minnsta bjartsýnn. Ég er reyndar það heppinn að fá að vinna að stefnumótun margra fyrirtækja, þannig að ég fæ að upplifa hvað tækifærin eru mörg. En það verður náttúrulega að halda rétt á spilunum til þess að nýta þau. En ef við miðum við fjölda tækifæra get ég ekki verið annað en bjartsýnn.



Skaupið krufið

Bergur Ebbi Benediktsson

Grínisti og lögfræðingur

1 Hver eru uppáhalds áramótaskaupin þín og af hverju?

Ég get ómögulega sagt hver eru uppáhalds áramótaskaupin mín. Þetta rennur allt saman í minningunni. Hvar og hvernig getur maður horft á þetta? Er fólk að hlaða þessu niður á torrent? Þetta er allavega ekki til á DVD. Ég horfi bara á þetta tvisvar, á gamlársdag og svo þegar það er endursýnt daginn eftir. Yfirleitt er ég mjög sáttur en að vísu fannst mér það síðra árið 2012 en oft áður. Eftirminnilegustu atriðin undanfarin ár eru þegar Þorsteinn Bachmann lék Björgólf Thor. Ætli það hafi ekki verið í fyrsta hruns-uppgjörs skaupinu. Svo var „Dabbi kóngur“ líka gott atriði, Örn Árnason að syngja Puff Daddy og Hannes Hólmsteinn og félagarnir í kringum hann eins og gengi í rappmyndböndum. Þetta dót var gróft og djart.

Nú tel ég hins vegar að það sé minni stemning fyrir ádeilu á spillingu. Það er að vísu örugglega alveg jafn mikil spilling á landinu nú eins og oft áður en ég held að það ætti frekar að gera grín að kverúlöntum, fólki sem telur sig vita allt um hvernig landinu skuli stjórnað og hvernig fólk eigi að haga sér. Það er pest okkar tíma. Svo má líka bara vera venjulegt grín, fólk að festast í rúllustigum og svoléiðis. Það þarf ekki

allt að vera ádeila, ef skaupið verður þannig þá er það bara fallið í sömu gryfju og téðir kverúlantar.

2 Hvaða þrjú atvik á árinu eiga klárlega heima í komandi áramótaskaupi? Af hverju?

Töp og sigrar þjóðarinnar eru alltaf vinsælt efni í þessum árlega spéspegli. Við byrjuðum árið á því að „vinna“ Icesave-málið. Ég held að það verði að koma inn á það í skaupinu. Við höfðum sama viðhorf gagnvart þessu eins og íþróttakappleik. Þess vegna var það líka súrt þegar við töpuðum mikilvægasta fótboltaleik Íslands-sögunnar, umspilinu gegn Króatíu. Þess vegna má gera grín að tárum Eiðs Smára þó það hafi verið fallett augnablik, því allt sem sameinar þjóðina á erindi í skaupið.

Fyrir utan þetta tvennt þurfa alþingis-kosningarnar að hafa sinn sess í skaupinu. Hvers vegna er kominn flokkur á Alþingi sem kennir sig við sjóræningja? Hvaða holi í þjóðarsálinni eru þeir að fylla? Hvers vegna voru svona mörg sérframboð og hvers vegna fengu þau öll svona ömurlega útkomu þrátt fyrir að vera boðberar „réttlætis, lýðræðis og sanngirni“?



Dr. Gunnir

tónlistarmaður

1 Hver eru uppáhalds áramótaskaupin þín og af hverju?

Ég verð nú bara að játa upp á mig að muna ekki skaupin sem afmarkaða heild, maður man bara eitt og eitt atriði og hefur því á tilfinningunni að viðkomandi skaup hafi verið tipp topp. Stundum hafa skaupin verið svo ferlega slöpp að manni stekkur ekki bros. En allavega: Gísli Rúnar að leika Árna Johnsen sama ár og dúka-skandallinn hans kom upp var ógeðslega gott atriði. Það var skaupið 2001. Árið eftir var Pálmi Gestsson líklega látinn leika Ólaf Ragnar að syngja „Ég vil ekki vera svona, með hárið eins og gömul kona“, sem var líka rosa gott

og minnisstætt. Kreppuskaupið 2009 var rosa vel heppnað, þjóðin búin að vera hálf sturluð allt árið og skaupið gott eftir því. Þetta skaup náði hámarki með loklaginu, Páli Óskari að syngja Skrúð-krimmarnir.

2 Hvaða þrjú atvik á árinu eiga klárlega heima í komandi áramótaskaupi?

Ég gæti trúað að Óli Geir og Keflavík Music Festival komi eitthvað fyrir og gott ef ekki Gylfi Ægisson og typpasleikjórarnir hans líka. Svo hlýtur bara Framsóknarflokkurinn að koma eitthvað fyrir, hið velheppnaða kosningatrix sem kjósendur löptu upp og svo verða Vigdís Hauksdóttir og frík-skóaður Sigmundur Davíð líklega áberand, þótt þau sjái nú aðallega sjálf um að gera grín að sér.

Helga Braga Jónsdóttir

leikkona

1 Hver eru uppáhalds áramótaskaupin þín og af hverju?

Áramótaskaupin renna nú út í eitt, líka þau sem ég hef leikið í. Mér fannst skaupið 1994 mjög gott, líka kvennaskaupið þar sem Edda Bjö. sagðist mála með sínum „fýsisku penslum“ og skaupið þar sem Gísli Rúnar Jónsson lék Skattmann.

2 Hvaða þrjú atvik á árinu eiga klárlega heima í komandi áramótaskaupi? Af hverju?

Klárlega Vodafonlekinn og RÚV-

uppsagnirnar, sem voru eins og senur í gamalli absúrd austur-evrópskri bíómynd um njósnir og uppsagnir. Þó að það sé sorglegt þarf einmitt að gera grín að vaxandi stéttaskiptingu sem sýnir sig t.d. í kaupum á 8 milljóna KRÓNA sjónvörpum og að lítil börn séu að fá iPhone 5s í skóinn á meðan raðir í matarúthlutun hjá fjölskylduhjálpinni lengjast, þetta er algjörlega fáránlegt og skaupið þarf að stinga á þessu!



Sunna Valgerðardóttir

fréttakona á RÚV

1 Hver eru uppáhalds áramótaskaupin þín og af hverju?

1993 – Þetta var í fyrsta sinn sem ég skildi hvers vegna fólk hló að Skaupinu. Ólafía Hrönn Jónsdóttir náði Björk Guðmundsdóttur í raun betur en hún sjálf og Ríkisútvarpið ætti tvímælaust að taka upp hinn hárbetta spjallþátt „Hvað á þetta að þýða eiginlega?“

2008 – Annars vegar fékk sonur minn, þá þriggja ára, lokaatriðið alvarlega á heilann, horfði á það nær daglega, söng það hástöfum og dansaði á lina-sporin þess á milli, sem var mjög sætt. Hins vegar bjó ég erlendis á þessu stórmerkilega ári og þótti því vænt um að fá það súmmerað upp í grín þegar því lauk. Svo var það ansi myndið.

2011 – Kannski er það á listanum vegna þess að ég man enn hversu mikið ég hló. Þetta var þétt og myndið Skaup út í gegn, vel leikið og skemmtilega fléttað. Ólafur Elíasson og Hildur Líf eru í sérstöku uppáhaldi.

2 Hvaða þrjú atvik á árinu eiga klárlega heima í komandi áramótaskaupi? Af hverju?

Strigaskórinn hans Sigmundar. Að láta sér detta í hug að hitta kollega þína, sem eru óvart meðal valdamesta fólks í heimi, í einum strigaskó og einum sparískó er rannsóknarefni. Hvernig er hægt að gera þetta fyndnara veit ég hins vegar ekki.

Vodafone-árásin. Ráðherrar koma við sögu sem höfundar og móttakendur SMS-anna sem lekið var á netið og það ætti að vera auðvelt að leika sér með það. Svo mætti auðvitað flétta inn í ástæður áras tyrkneska hakkarans, sem var augljóslega að vinna fyrir íslensku stjórnarandstöðuna.

Yfirbugaði flugdólgurinn. Það er í sjálfu sér ekkert gamanmál að drekka yfir sig í flugvél, vera yfirbugaður og teiþaður niður af samferðarmönnum þínum og enda sem meme á internetinu. Nema stundum. Það ætti ekki að vera flókið að skipta út þessum óþekktu manni fyrir einhvern aðeins meira þekktan. Sem ætti kannski að ferðast eitthvað til útlanda sökum starfs síns.

Fyrsta stafræna útgáfan á Íslandi

KJARNINN
Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Deildu með umheiminum

Kjarninn kom fyrst út 22. ágúst eftir andvökunætur aðstandenda, mikið stress og álag í aðdraganda fyrsta útgáfudags. Eins og oft fylgir stofnun fyrirtækja komu upp margvíslegir erfiðleikar í aðdraganda þess að fyrsta útgáfan kom út. Öll vandamálin leystust þó að lokum.

Allt frá upphafi hefur verið lagt upp með að bjóða upp á vandaðan fjölmiðil sem leggur áherslu á gæði og djúpt í efnistöfum og skemmtilega umfjöllun og afþreyingu þar sem nýttir eru möguleikarnir sem stafræna útgáfan býður upp á.

Stundin nálgast 1. útgáfa

Í fyrstu útgáfunni var fjallað ítarlega um eitt stærsta mál íslensks samtíma, fjármagnshöftin, snjöhengjuna og fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda um lækkun á verðtrygðum fasteignalánnum heimila. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var af þessu tilefni í ítarlegu viðtali. Þá birti Kjarninn leynilega skýrslu um SpKef sem unnin var fyrir FME og sýndi ótrúlega óráðsiu í rekstri sjóðsins fjölda meintra lögbrota stjórnenda.

Drengskaparheit tekið af bankamönnum 2. útgáfa

Í annarri útgáfu var fjallað ítarlega um sérfræðingahópa stjórnvalda um lækkun fasteignalána og afnám verðtryggingar. Greint var frá því að sérfræðingarnir hefðu verið látnir skrifa undir drengskaparheit í ljósi þess að þeir störfuðu á fjármálamarkaði. Fréttirnar ollu miklum titringi innan fjármálakerfisins.

Óðinn Jónsson svarar fyrir sig 3. útgáfa

Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV, var viðmælandinn í þriðju útgáfu og ræddi þar um stöðu RÚV, gagnrýni Morgunblaðsins á fréttaflutning og ýmislegt fleira. Óðinn hefur sárasjaldan mætt í viðtöl sem þessi og vakti greining hans á þjóðmálaumræðunni að vonum mikla athygli.

Ný bóla skrifuð í skýin 4. útgáfa

Í fjórðu útgáfu var staðan á fasteignamarkaði til umfjöllunar. Allt bendir til þess að þúsundir Íslendinga sem eru að koma inn á fasteignamarkað á næstu árum muni eiga í miklum vandræðum með að koma þaki yfir höfuðið. Fyrirsögnin á forsiðu; Ný bóla skrifuð í skýin, gaf tóninn fyrir ítarlega umfjöllun.

Why Aron? 5. útgáfa

Knattspyrnumaðurinn Aron Jóhannsson tók þá umdeildu ákvörðun að spila með bandaríska landsliðinu frekar en því íslenska og hlaut bágt fyrir hjá forsvarsmönnum Knattspyrnusambands Íslands. Kjarninn tók ítarlegt viðtal við Aron af þessu tilefni þar sem hann tjáði sig um ákvörðun sína. Viðtalið vakti mikla athygli, ekki síst fyrir þá sök að Aron sagðist vonast til þess að hitta íslensku félagana sína í landsliðinu í lokakeppninni í Brasilíu 2014. Grátlega kljúfa munaði að það gerðist eftir að Króatía sló Ísland úr keppni.

Við viljum þig 6. útgáfa

Prédikarinn Franklin Graham kom til landsins í ágúst og af því tilefni fjallaði Kjarninn ítarlega um söfnuðinn sem hann tilheyrir og útbreiðslu hans á bókstafstrú sinni um víða veröld. Mikil umræða spannst í þjóðfélaginu og fór svo að Agnes Sigurðardóttir gagnrýndi bókstafstrú Franklins Graham í ræðu.

Ég er hættulegastur 7. útgáfa

Jón Gnarr borgarstjóri sagði í sjöundu útgáfu Kjarnans að hann væri hættulegasti stjórnmálamaður landsins. Viðtalið vakti gríðarlega athygli, en í því upplýsti Jón að hann myndi upplýsa um það í Tvíhöfðabætti á Rás 2 hvort hann ætlaði sér fram í sveitarstjórnarkosningum eða ekki. Þjóðin beið síðan spennu yfir útvarpinu 30. október þegar hann tilkynnti þá ákvörðun að bjóða sig ekki fram aftur.

Kröfuhafar sýna á spilin 8. útgáfa

Í áttundu útgáfu Kjarnans voru birtar í fyrsta skipti sviðsmyndir sem koma til greina við uppgjör á krónueignum endra aðila hér á landi, þar meðal kröfuhafa í protabú bankanna. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þjóðarþúið og því var umfjöllunin mikilvægt innlegg í umræðu um þessi mál. Viðtal við Sigurlínu Ingólfsdóttur, forritara í Svíþjóð, vakti einnig mikla athygli, en hún hefur miklar áhyggjur af því hvernig konur birtast börnum í tvíu leikjum.

Konur vilja spjalla, karlar vilja kynlíf 9. útgáfa

Úttekt gagnblaðamannsins Páls Hilmarssonar á notendum einkamála.is var til umfjöllunar. Þar voru notendur greindir eftir aldri, kyni og áhugasviðum og ljósi varpað á þetta risastóra samfélag sem vefurinn er. Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs Íslands, var viðmælandi vikunnar og varaði við því að það gæti reynst erfitt að leysa ekki úr snjöhengjuvandamálu með hjálp frá lýndum. Vandamálið væri það stórt.

Mokgræddu á falli krónunnar 10. útgáfa

Í tíundu útgáfu voru frumgögn frá PwC birt sem sýndu umfangsmiklar stöðutökur stjórnenda hjá Kaupþingi gegn íslensku krónunni. Þeir mokgræddu á falli krónunnar, eins og sagði á forsiðu. Birting gagnanna olli miklum titringi, slitastjórn Kaupþings hótaði að krefjast lögbanns en gerði síðan ekki alvöru úr hótuninni þegar á hólminn var komið.

Tónlist er íslensk stóriðja 11. útgáfa

Íslensk tónlist átti hug Kjarnans í elleftu útgáfu og var ítarlega fjallað um hana á mörgum stöðum í útgáfunni. Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair, ræddi um mikilvægi tónlistarinnar fyrir ferðaþjónustuna og þá var fjallað um áhrif Iceland Airwaves á íslensku hagkerfið. Skemmtur er frá því að segja íslensku tónlist er einn af fyrrverandi Íslands í margvíslegu tilliti og mælist mikilvægi hennar vel í beinhörðum peningum.

Laugavegur ekki lengur draugavegur 12. útgáfa

Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri og ein af eigendum barnafataframleiðandans Ígló&Indi, var viðmælandi vikunnar og fjallaði um stóra útrásardrauma fyrirtækisins. Mikill metnaður er innan raða fyrirtækisins og eru aðstandendur staðráðnir í að búa til alþjóðlegt vörumerki með íslenskar rætur. Þá var auknið líf í Laugaveginum til umræðu, en ferðamenn hafa glætt hann lífi.

Líbúfé á ögurstundu 13. útgáfa

Kjarninn hélt áfram að birta gögn. Að þessu sinni voru birt gögn um ótrúlega atburðarás eftir að íslensku bankarnir hrundu, þar sem stjórnvöld í Lúxemborg freistuðu þess að fá fjárfestingarsjóði frá Líbíu til þess að kaupa starfsemi Kaupþings í Lúxemborg. Skýrslan sem unnin var af fyrrverandi starfsmanni fjármálaeftirlitsins í Lúxemborg var til umfjöllunar. Inn í þetta allt blandaðist hörð milliríkjadeila milli Lúxemborgar og Belgíu – bak við tjöldin.

Björguðu eigin skinni 14. útgáfa

Í fjórðu útgáfu var SpKef til umfjöllunar og aftur var birt gögn sem skipta almenningu miklu máli endaði kostaði fall SpKef skattgreiðendur 26 milljarða króna. Í gögnunum mátti sjá að Kaupfélag Suðurnesja tók á sig fjárhagslegt högg sem nokkrir valdir viðskiptavinir og stjórnendur SpKef hefðu annars fengið á sig ef ekki hefði komið til þess að kaupfélagið keypti af þeim hrífðfallandi stofnfjárbréf.

Verðum að þola að einhver verði ríkur 15. útgáfa

Brynjar Níelsson þingmaður liggur ekki á skoðunum sínum og gerði það ekki í viðtali í fimmtánda útgáfu Kjarnans. Þar tjáði hann sig meðal annars um skuldaniðurfallingaráform stjórnvalda, pólitísk átök og nauðsyn þess að vaða á móti straumnum.

Öryggið horfið 16. útgáfa

Sextánda útgáfa var fjölbreytt að vanda, en aðalefnið í henni var ítarleg umfjöllun um hina fordæmalausu tölvuárás á Vodafone þar sem þúsundir perónulegra skilaboða fólksins voru opinberuð á vefsíðu eftir að tölvuhakkari réðst á fyrirtækið. Mikil umfjöllun var í kjölfarið um netöryggismál á Íslandi.

Elskar að vera hötuð 17. útgáfa

Vigdís Hauksdóttir er ekki ofarlega á vinsældalista fólks sem ekki styður ríkisstjórnarflokkanna, svo mikið er víst. En hún lætur til sín taka og gegnir mjög mikilvægum trúnaðarstörfum sem þingmaður Framsóknarflokksins, er meðal annars formaður fjárlaganefndar Alþingis. Hún segir að næsta ár, 2014, verði það ár þar sem stjórnarflokkarnir muni byrja að setja fyrir alvöru mark sitt á stjórn landsins.

Hjálpá öðrum að hjálpa sér 18. útgáfa

Þróunaraðstoð er einhverra hluta vegna mál sem reglulega er deilt um hér á landi. Hversu mikið á Ísland að leggja í þróunaraðstoð? Sitt sýnist hverjum um það. Kjarninn kannaði umfang þróunaraðstoðar, í hvað peningarnir færu og hver árangurinn hefði verið. Í stuttu máli hefur árangurinn verið mikill og aðstoðin hjálpaði fólki í neyð víða um heim. Framlag Íslands til Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna hefur skipt gríðarlega miklu máli fyrir hin ýmsu svæði í heiminum þar sem fátækt gerir líf fólks erfitt.

Uppáhaldsauglýsingar Kjarnans 2013

MARKAÐSMÁL

Gísli Jóhann
Eysteinnsson
gisli@kjarninn.is




Deildu með
umheiminum

Auglýsingar geta í senn verið stórskemmtilegar, hundleiðinlegar, sniðugar, skrítnar og allt þar á milli. Oft eignast þær sitt sjálfstætt líf á internetinu og fara í svokallaða „viral“-dreifingu. „Viral“-dreifing verður þegar áhorfandi tekur sig til og dreifir auglýsingu á samfélagsmiðlum þannig að fleiri fái notið auglýsingarinnar.

Kjarninn hefur mikinn áhuga á auglýsingum og hefur tekið saman lista yfir fimm uppáhaldsauglýsingarnar sínar sem birtust árið 2013. Allar eiga þær sameiginlegt að hafa farið í mikla dreifingu á samfélagsmiðlum.

01/01 **kjarninn** MARKAÐSMÁL

Carlsberg



Geico




Ship my pants



Three



Volvo Trucks



01/01 **kjarninn** MARKAÐSMÁL

Dapurleg skammsýni ræður för

Kolbrún Halldórsdóttir
leikstjóri og forseti Bandalags íslenskra listamanna



Deildu með umheiminum

Kolbrún Halldórsdóttir átti sæti á Alþingi fyrir hönd Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á árunum 1999–2009. Hún gegndi stöðu umhverfisráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála á árinu 2009. Hún er leikstjóri að mennt og var kjörin forseti Bandalags íslenskra listamanna á aðalfundi bandalagsins í janúar 2010.

Hvað er það jákvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Það kann að vera óskhyggja en mig langar að segja aukin meðvitund um þýðingu lista og menningar fyrir mannlífið og aukinn skilningur á alvarlegum afleiðingum hlýnunar lofthjúpsins fyrir framtíð móður Jarðar. En kannski er öruggast að segja bara að jákvæðast hafi verið að yfir 4.000 börn skuli hafa bæst í hópinn hér á Ísaköldu landi.

Hvað var það neikvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Það fyrsta sem kemur upp í hugann er vanhugsuð aðför stjórnenda Ríkisútvarpsins að dagskrá útvarpsins og skilningsleysi þeirra á þýðingu Ríkisútvarpsins sem máttarstólpa menningar í fámennu landi sem tekur alvarlega það hlutverk að halda lifandi tungumálinu okkar, íslenskunni. Næst vil ég nefna niðurskurð stjórnvalda á verkefnatengdum sjóðum á vettvangi listgreina og hönnunar. Þar ræður för dapurleg skammsýni. Þá er komið að tveimur atvikum á syndareglistri umhverfisráðherra; að hann skuli synja þjóðinni um ásættanlegar úrbætur í málefnum náttúruverndar með því að koma í veg fyrir að mikilvæg heildaröggjöf um náttúruvernd taki gildi og að hann skuli komast upp með það að endurskoða rammaáætlun um virkjanakosti með skammsýn sjónarmið stórnotenda raforku að leiðarljósi. Loks hlýtt ég að nefna þau mistök ríkisstjórnarinnar að hverfa frá áformum um að sækja hærra auðlindagjald til þeirra sem hagnast af sókn í sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.

Hvaða hlutum er brýnast að breyta til að styrkja stöðu þjóðarinnar og gera samfélagið betra?

Að fara leiðir í uppbyggingu menntunar og rannsókna sem fela í sér tækifæri til atvinnusköpunar sem hæfir menntunarstigi þjóðarinnar – og undir „rannsóknir“ leyfi ég mér að fella „listsköpun“, því okkar unga listafólk hefur menntast á listaháskólum og fyrir þeim gegnir listsköpun sama hlutverki og rannsóknir í starfi ungra vísinda- og fræðimanna. Atvinnutækifæri af þessu tagi byggja á hugviti og þekkingu, listum og menningu, hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og virðingu fyrir lífríkinu. Haldbæra atvinnustefnu þarf að byggja upp í þéttri samvinnu ríkis og sveitarfélaga, með þau sveitarfélög í forystu sem þegar hafa náð athyglisverðum árangri í þessum efnum.

Hvernig metur þú stöðu landsins í lok árs, og hvort telur þú að staða Íslands muni hafa versnað eða batnað í lok árs 2014?

Mér þykir líklegt að efnahagur landsins verði erfiðari eftir því sem lengra líður á næsta ár. Ríkisstjórnin hefur í engu svarað rökstuddum áhyggjum stofnana á vettvangi efnahagsmála og ýmissa efnahagssérfræðinga sem telja aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum illa ígrundaðar og byggja á hugmyndum sem menn veiddu upp úr hatti í kosningabaráttunni síðastliðið vor. En ef ráðamenn losa sig undan óttanum sem þeir eru augljóslega haldnir gagnvart opnum og málefnanlegum samskiptum við almenning og stofnanir samfélagsins gætu jákvæðar breytingar orðið nokkuð hraðar.

Hvernig stendur ríkisstjórnin sig að þínu mati, hvað hefur hún gert vel og hvað ekki?

Hún stendur sig illa, samanber svar við spurningu tvö. Forystumönnum hennar hættir til að tala af hroka og yfirlæti til þjóðarinnar, auk þess sem þeir nota nánast hvert tækifæri sem gefst til að sýna verkum fyrir ríkisstjórnar fyrirlitningu. Það er ekki víst að þeir átti sig á því að kjósendur þeirra flokka sem nú eru í stjórnarandstöðu hljóta að taka hluta þeirrar fyrirlitningar til sín. Menn skyldu hafa í huga að dramb er falli næst.

Hvar sérð þú helstu tækifæri Íslands á næsta ári/árum?

Í uppbyggingu atvinnu- og menntunartækifæra fyrir skapandi og skemmtilegt fólk á öllum aldri í öllum landshlutum. Slík tækifæri þarf að byggja upp á grundvelli vísinda og tækni, lista og menningar, náttúruverndar og skynsamlegrar auðlindanýtingar.

Er framtíðin björt fyrir land og þjóð?

Það getur sannarlega brugðið til beggja vona en ef við náum að segja skilið við landlæga meðvirkni og áttum okkur á því að vald okkar til að breyta öðrum er takmarkað kunna að vera jákvæðar breytingar í vændum.

ANGELA MERKEL

VALDAMESTA
KONA Í HEIMI



Deildu með
umheiminum

Kanslarinn er valdamesta konan

STJÓRNMÁL

Valgerður Pálsdóttir
Meistaraneini í
stjórn málafræði við
Humboldt-háskólann í
Berlín

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, er valdamesta kona heims. Á hverju ári gefur Forbes Magazine út lista yfir valdamestu einstaklinga heims, sem og sér lista yfir valdamestu konurnar. Á síðustu átta árum hefur Merkel, sem er fyrsti kvenkyns kanslari Þýskalands, trónað á toppi þeim lista að undanskildu einu ári. Það ætti þó ekki að koma neinum á óvart þar sem Merkel virðist gegna tveimur áhrifamiklum hlutverkum, en ásamt því að vera þjóðarleiðtogi Þýskalands er hún sá stjórnmalaleiðtogi sem fólk tengir hvað helst við Evrópusambandið.

Merkel, sem hefur hlotið viðurnefnið „Mutti“ (mamma) í heimalandinu, er móðirin jarðbundna, hléðræga og skynsama í augum Þjóðverja. Þessir eiginleikar hennar eru sýnilegir heima fyrir en þegar hún er fyrir augum heimsbyggðarinnar er hún öllu harðskeyttari. Samskipti hennar við aðra helstu þjóðarleiðtoga heims, sérstaklega Pútín Rússlandsforseta og Obama Bandaríkjaforseta, hafa sýnt að Merkel liggur ekki á skoðunum sínum. Niðurskurðaradgerðir ESB í Suður-Evrópu, sem Merkel hefur verið í forsvari fyrir, hafa leitt til gríðarlegra óvinsælda hennar í þeim ríkjum sem urðu verst úti í Evrukrísunni. Sem dæmi hafa öfgahreyfingar í Grikklandi birt myndir af henni á mótmælaskiltum þar sem henni er líkt við Adolf Hitler.

Merkel hefur staðfastlega haldið því til streitu að Þýskaland muni ekki greiða skuldir fyrir skuldug ríki ESB. Fyrir það eru Þjóðverjar þakklátir og launuðu henni með því að kjósa flokk hennar, Kristilega demókrata, til valda í





Kanslari í þriðja sinn
Angelu Merkel var árnað
heilla þegar hún tók við valda-
taumum í Þýskalandi enn á ný.

þingkosningum síðasta haust. Í kjölfarið hefur þessi yfir-
vegaða en ákveðna prestsdóttir og eðlisfræðingur frá fyrr-
verandi sósíalistaríkinu Austur-Þýskalandi hafið þriðja
tímabil sitt sem leiðtogi eins valdamesta ríkis heims.

Alin upp í skugga kommúnisma

Merkel, sem verður sextug á árinu, byrjaði stjórn málaferil
sinn seint og hélt stjórn málaferil sínum út af fyrir sig
þangað til Berlínarmúrinn féll árið 1989. Þá var hún orðin
35 ára gömul. Þar sem Merkel hafði alist upp austanmegin
við múrinn gafst henni ekkert svigrúm til þess að viðra
stjórn málaferil sínar, sem hefðu ekki fallið í góðan
jarðveg hjá kommúnískum yfirvöldum Austur-Þýskalands.
Merkel ólst upp í litlum bæ rétt fyrir utan Berlín og tók þátt í
æskulýðsstarfi Kommúnistaflokksins eins og tíðkaðist. Hún
lærði eðlisfræði við Háskólann í Leipzig og stundaði síðan
rannsóknir í eðlis- og efnafræði við aðalrannsóknarstofnun
Austur-Þýskalands. Fljótlega eftir fall Berlínarmúrsins gekk



„Stjórnunarstíll
Merkel vekur
traust hjá Þjóð-
verjum, en hún
virkar ávallt ró-
leg og yfirveguð.
Hún íhugar málin
vandlega þegar
taka á mikil-
vægar ákvarðanir
og hefur í
gegnum tíðina
jafnvel tekið
ákvarðanir sem
ganga þvert á
stefnu flokksins.“

Merkel í raðir Kristilega Demókrataflokkans (CDU), sem er frjálslyndur íhaldsflokkur á miðjum hægri væng þýskra stjórnsmála. Á þeim tíma voru valdastöður flokksins yfirleitt skipaðar vestur-þýskum karlmönnum. Merkel gegndi nokkrum ráðherraembættum í stjórnartíð Helmut Kohl, þangað til hún varð kanslari árið 2005. Það kom mörgum á óvart að hinn íhaldssami flokkur skyldi hafa valið sér austur-þýskan, kvenkyns leiðtoga sem jafnframt var fráskilin og barnlaus.

Alþýðleg en skortir sjarma

Merkel er gríðarlega vinsæl í Þýskalandi, jafnvel vinsælli en flokkurinn sem hún stendur í forsvari fyrir. Hinn almenni Þjóðverji kann að meta stjórnunarstíl hennar og alþýðlega framkomu en stöðugt efnahagsástand landsins hefur eflaust einnig eitthvað að segja um vinsældir hennar. Undir stjórn Merkel hefur jafnvægi haldist í þýsku efnahagslífi þrátt fyrir alþjóðlegt efnahagshrun. Útflutningsiðnaðurinn hefur haldist nokkuð sterkur og atvinnuleysishlutfallið er með því lægsta í Evrópu. Stjórnunarstíll Merkel vekur traust hjá Þjóðverjum, en hún virkar ávallt róleg og yfirveguð. Hún íhugar málin vandlega þegar taka á mikilvægar ákvarðanir og hefur í gegnum tíðina jafnvel tekið ákvarðanir sem ganga þvert á stefnu flokksins. Þess vegna treystir hinn almenni Þjóðverji henni, þar sem hún fylgir ekki alltaf flokkslínumni ef mikilvægir þjóðarhagsmunir eru í húfi. Ýmsir gætu haldið því fram að Merkel skorti sterka útgeislun eða sjarma, en alþýðleikinn verður ekki tekinn af henni. Þegar Merkel tók við stöðu kanslara afþakkaði hún hið hefðbundna kanslaraaðsetur og kaus heldur að búa í venjulegri íbúð á besta stað í Berlín. Þar býr hún enn þann dag í dag ásamt eiginmanni sínum, sem kys að forðast sviðsljósið. Þó að sjaldnast sjáist til eiginmannsins má endrum og eins rekast á Merkel í matvörubúðum, en hún kys að sjá um sín eigin innkaup. Þessa nálægð við hinn almenna Þjóðverja kunna landsmenn vel að meta. Merkel er að sjálfsögðu ekki laus við gagnrýni, en stefnuleysi hefur þar helst verið nefnt, sem og skortur

ÍTAREFNI

Merkilegur ferill

Heimildarmynd BBC um Merkel

Merkel kosin þrisvar

BBC fjallar um Merkel

Fyrstu kjörtímabilin

BBC fjallar um fyrstu árin

Smelltu á fyrirsagnirnar
til að lesa ítarefnið

á langtímamarkmiðum. Erfitt hefur reynst fyrir stjórnarandstæðinga að gagnrýna Merkel, þar sem hún á það til að taka stefnur þeirra til skoðunar og jafnvel innleiðingar.

Málamiðlanir og stefnubreytingar

Helstu hitamál síðustu misseri þar sem Merkel hefur verið í brennidepli eru stjórnarmyndunarviðræður við Jafnaðarmannaflokkinn, NSA-hleranir, ESB-niðurskurðaraðgerðir og stefnubreyting í kjarnorkumálum. Í kjölfar niðurstöðu þingkosninganna í september á síðasta ári ákvað flokkur Merkel að fara í stjórnarmyndunarviðræður við Jafnaðarmannaflokkinn. Þrátt fyrir að Kristilegi demókrataflokkurinn hafi hlotið 41,5% en Jafnaðarmannaflokkurinn 25,7% er nokkuð ljóst að Merkel og flokksfélagar hafa þurft að fórna ýmsu til þess að samningar næðust. Nokkrum af helstu kröfum Jafnaðarmanna var mætt, en lágmarkslaun verða sett á í öllu Þýskalandi, sem áður hafði aðeins tíðkast í nokkrum sambandsríkjum. Merkel stóð hins vegar föst á því að skattar yrðu ekki hækkaðir. Lítið kom fram í stjórnarsáttmálanum um skuldavanda Evrusvæðisins en Merkel mun eflaust halda áfram á sömu braut þar sem helsta markmiðið er að bjarga evrunni. „If the Euro fails, Europe fails,“ hefur hún látið hafa eftir sér. Fram að árinu 2011, þegar náttúruhamfarir ollu leka í kjarnorkuverinu í Fukushima, hafði Merkel verið eindreginn stuðningsmaður kjarnorkunotkunar. Eftir hörmungarnar í Japan breytti hún algjörlega um stefnu og ákvað að loka ætti öllum kjarnorkuverum í Þýskalandi á næstu árum. Í stjórnarsáttmálanum skrifaði hún að auki undir aðgerðir sem eiga að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2020.

Hleranir valda titringi

Það mál sem vakti heimsathygli á árinu 2013 var þó ekki kosningasigur Merkel og áframhaldandi vera hennar í kanslarastól Þýskalands. Hleranir Bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar (NSA) á farsíma Angelu Merkel vöktu gríðarlega reiði í Þýskalandi. Sendiherra Bandaríkjanna



Hörð í horn að taka

Þó að ímynd Merkel sé í mýkri kantinum heima fyrir þykir hún oft hafa sýnt staðfestu og jafnvel hörku á alþjóðavettvangi.

var kallaður á teppið í utanríkisráðuneyti Þýskalands, en það gerist mjög sjaldan. Merkel fór einnig fram á ítarlegar skýringar þegar hún ræddi við Obama Bandaríkjaforseta, en það lýsir vel milliríkjasamskiptaháttum Merkel. Hún er ófeimin við að láta í ljós óánægju sína með stjórnarhætti annarra ríkja. Meðal annars hefur hún gagnrýnt mannréttindabrot Rússlandsstjórnar og hvatt Bandaríkjastjórn til þess að loka Guantanamo-fangelsinu. NSA-herunin hefur þó komið henni í óþægilega stöðu, þar sem Merkel hefur lagt meiri áherslu á milliríkjasamstarf Þýskalands og Bandaríkjanna en forverar hennar. Eina leiðin að mati Merkel til þess að takast á við öryggisógnanir og ýmis önnur vandamál á alþjóðavettvangi er að vinna náið með Bandaríkjamönnum. Það verður því fróðlegt að fylgjast með afleiðingum NSA-hneykslisins á milliríkjasamstarfið í nánustu framtíð. Ljós þykir að Angela Merkel verður áfram í sviðsljósi stjórnmalanna enda nýkjörin kanslari til næstu fjögurra ára. Valdamestu konu heims bíða ærin verkefni jafnt á heimavelli sem og í fremstu víglínu Evrópusambandsins.



Ársuppgjör bílakjarnans

BÍLAR
Gísli Svverrisson

Nú þegar árið 2013 er senn á enda er mál að rifja upp nokkra atburði og nýjungar sem litu dagsins ljós. Þó að bílasala sé með slakasta móti héraendis fer áhugi landans á bílaheiminum síst minnkandi, í það minnsta samkvæmt tilfinningu greinarskrifara.

Hér verður stiklað á stóru í máli og myndum.



Deildu með
umheiminum

Bílasala á Íslandi

Eins og fyrr segir er bílasala afar dræm og bílaflotinn eldist hratt af þeim sökum. Sem fyrr eru það bílaleigurnar sem halda umboðunum á floti, en í hópi einstaklinga er meirihluti kaupenda kominn yfir miðjan aldur. Bílaverkstæði hafa í nógu að snúast að viðhalda hrörnandi bílafлотanum og endurnýjunarþörfin hleðst upp. Fróðlegt verður að sjá hvort aðgerðir ríkisstjórnar í skuldamálum munu hafa áhrif á bílasölu á komandi ári.

Tækninýjungar

Það er ómögulegt að gera öllum helstu tækninýjunum ársins skil í einum pistli en rétt er að minnast á tvennar framfarir sem gætu hafa gripið athygli þína í ár.

Rafmagns/bensín-tvinnbílar eru alls ekki nýir af nálinni,

en nú hefur slík uppsetning rutt sér til rúms í ofursportbílum. Nægir að nefna BMW i8, Porsche 918 og Mercedes SLS AMG Electric Drive, þótt hinn síðastnefndi muni reyndar ekki fara í almenna sölu eins og fyrirhugað var. Í þessum bílum er hægt að nýta afl beggja orku-gjafa í einu og kitla pinnann hressilega, eða aka einungis fyrir rafmagni og spara þannig eyrinn og kæta umhverfissinna. Drægnin á rafmagni er reyndar gjarnan um eða undir 30 km, en það dugar þó til að aka frá Grand Hótel í Perluna og til baka, og gæti því talist ásætlanlegt.

Spjaldtölvur eru nú á sífellt fleiri heimilum og eru ágætis líkur á að þessi texti sé lesinn upp af slíku tæki. Hliðstæð tækni er nú til staðar í sífellt fleiri bílum, sum sé snertiskjár þar sem stjórna má virkni bílsins, sækja upplýsingar, velja tónlist og þar fram eftir götunum. Þetta á alls ekki einungis við um dýrari bíla, líkur eru á að bíltölva með snertiskjá verði staðalbúnaður í flestum gerðum bíla innan fárra ára.




Kínverjum vex fiskur um hrygg

Um leið og Kínverjar eflast enn frekar í bílaútflutningi sínum keppast bílaframleiðendur annarra landa við að opna verk-smiðjur í Kína vegna óþrjótandi eftirspurnar eftir erlendum bílum.

Útflutningur kínverskra bíla gengur þó ekki áfallalaust; reglulega koma upp ásakanir um hönnunarstuld þarlandra bílaframleiðenda og virðast Kínverjar ekki leggja sama skilning og Vesturlandabúar í höfundarrétt.

Hinn margdauðadæmði bílaframleiðandi SAAB opnaði dyr sínar á ný fyrir starfsmönnum í sumar eftir að kínverskir aðilar höfðu keypt bílaverksmiðjurnar af GM og lánar-drottnum, til að undirbúa frekari framleiðslu. Samkvæmt áætlunum nýrra eigenda verða allir SAAB-bílar framtíðar-innar hreinræktaðir rafbílar.



Sjálfakandi bílar

Flestir hafa orðið varir við umfjöllun um sjálfakandi bíla Google, tilraunaverkefni sem miðar að því að bíllinn skynji umhverfi sitt svo vel að hann geti ekið um göturnar með jafn-miklu eða meira öryggi en mannlegur ökumaður. Möguleik-arnir sem þetta býður upp á eru óendanlegir og á þessu ári hafa m.a. Ford og Volvo bæst í hóp bílaframleiðanda sem hefja þróun slíkra bíla. Hér í Kjarnanum verða sjálfakandi bílum gerð betri skil í byrjun næsta árs.

Áhugaverðir bílar 2013:

FÓLKSBÍLAR

Mazda 6

2013 árgerðin af Mazda 6 hefur gengið vel á flestum mörkuðum, hlotið bæði lof og ýmis verðlaun fyrir fallega hönnun. Bíllinn skartar nýju vörumerki frá Mazda sem nefnis SkyActiv, og stendur fyrir ýmsa tækni-eiginleika sem eiga að skila minni eyðslu og meira afli. Þar má nefna innspýtingu í brunahólf, hærri þjöppu



og sex gíra skiptingar, auk ýmissa aðferða sem hefur verið beitt til að létta bílinn.

Dacia Duster

Dacia-bílarnir eru upphaflega rúmenskir og eru enn framleiddir þar í landi þó að Renault–Nissan samsteypan hafi nú eignast verksmiðjurnar. Dacia-bílar byggja að miklu leyti á þrautreyndum Renault-búnaði, eru hannaðir til að vera einfaldir, ódýrir og áreiðanlegir.

Dacia Duster hefur reyndar verið framleiddur frá árinu 2010 en rak loks á fjörur Íslendinga á þessu ári og mun hafa selst betur en vonir innflytjandans stóðu til. Duster mun líklega ekki vinna neina fegurðarsamkeppni en í hörðu árferði er greinilegt að markaður er til staðar fyrir ódýran bíl, lausan við óþarfa þrjál og íburð.



Ford Mondeo

Fimmta kynslóð þessa vinsæla bíls er svo sannarlega sú fallegasta hingað til. Kraftalegur framendinn minnir á bíla sem eru mun dýrari en sá sem hér um ræðir. Hann var frumsýndur árið 2012 og átti að koma á markað síðastliðið sumar en

nú hefur því verið frestað fram á haustið 2014.

Hér nær Ford merki-
legum áfanga í vélabyltingu sinni, bensínvélur sem í boði eru í nýjum Mondeo eru nú allar úr EcoBoost-línunni. EcoBoost-vélarnar eru hlaðnar nýjungum sem stuðla að betri nýtni eldsneytis, t.a.m. innspýtingu í brunahólf og forþjöppu. Þessa byltingu, sem á sér hliðstæðu hjá öðrum bílaframleiðendum, einkennir mjög svo smækkað rúmtak vélanna. Smæsta vélin um borð í nýjum Mondeo verður einungis 1,0 l að stærð og þriggja strokka en skilar þó 123 hestöflum.



SPORTBÍLAR

...Dodge Dart – fíflíð þitt!

Þessi fleygu orð úr költmyndinni Sódómu Reykjavík eru mörgum enn í fersku minni. Dart var vinsæll amerískur bensínhákur, framleiddur á árunum 1960-1976, en hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga með nýju módeli. Nýr Dart er raunar fyrsti millistærðar stallbakur úr smiðjum Dodge, síðan framleiðslu á hinum hörmulega ófríða Dodge Neon var hætt árið 2005.

Dart er byggður á Fiat Viaggio, enda heyrir nú Dodge undir Fiat-samsteypuna, en er nokkuð ólíkur í útliti, ekki ljótur, en sker sig lítið úr.

Samkvæmt óáreiðanlegum heimildum hefur þessi bíll reyndar ekki stigið hjólum sínum á íslenska grundu, enda ekkert Fiat eða Chrysler umboð til staðar á landinu og hefur ekki verið um árabíl. Orðið á götunni er að sú staða gæti breyst á komandi ári.



McLaren P1

Hinn rómaði McLaren F1 var byltingarkenndur ofursportbíll þegar hann leit dagsins ljós árið 1992, en aðeins 102 eintök voru framleidd af honum. Hann sótti ýmsa eiginleika sína til Formúlu 1 keppnisbíla.



McLaren P1 hefur lengi verið beðið, en þó að framboðið hafi nú verið aukið í 375 eintök var bíllinn engu að síður uppseldur í nóvember síðastliðnum.

Að þessu sinni er ofurbíllinn orðinn að tengiltvinnbíl, þ.e. gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni. Á rafmagninu hefur bíllinn drægni upp á heila 10 km, sem dugar til að aka frá Grand Hótel í Perluna og til baka og gæti því talist ásættanlegt.

Með bæði bensín- og rafmótorinn virkjaða skilar hann 916 hestöflum.

McLaren P1 er ekki jafn róttækur og forfaðir hans var á sínum tíma en er engu að síður áhugaverður bíll sem fengið hefur mikla athygli bílaáhugamanna á árinu.

Rolls Royce Wraith

Kannastu við tilfinninguna að láta reka í spegilsléttu Miðjarðarhafinu, úti fyrir ströndum Saint-Tropez, umkringdur gullbrydduðu mahóní, með Vivaldi á lágum styrk, fitla við yfirskeggið og dreypa á Dom Perignon 1966?

Nei, ekki ég heldur, en ímyndunaraflið mitt segir mér að það sé ábyggilega á pari við að sitja í Rolls Royce Wraith.

Þetta dásamlega listaverk er hið nýja flaggskip framleiðandans, sá íburðarmesti og hraðskreiðasti sem Rolls Royce hefur hingað til smíðað. 6,6 lítra tólf strokka vél, búin

tveimur forþjöppum, skilar um 630 hestöflum til hjólanna, með viðkomu í átta hraða sjálfskiptingu. Skiptingin notast við GPS-staðsetningartækni til að velja rétta gíra fyrir komandi beygjur, sem verður að teljast framandi tilhugsun.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þennan bíl, þarna eru sígild fegurð og framúrstefnuleg tækni hrist saman í óaðfinnanlegan kokkteil.

Ferrari 458 Speciale

458 Speciale er sérútgáfa af Ferrari 458, sem er að margra mati einn fallegasti Ferrari-bíll síðari tíma. Hann ku vera í uppáhaldi, m.a. hjá James May úr Top Gear-þáttunum vinsælu.

Þessi útgáfa er kraftmeiri en upprunalega útgáfan, 605 hestöfl og togar 540 newtonmetra. Að auki er hann 90 kg léttari og búinn alls kyns háþrúðum rás- og skriðvarnarbúnaði, ættuðum úr Formúlu 1, og kemst í hundraðið á undir þremur sekúndum.

Frést hefur af sjálfsíkviknun og öðrum undarlegum slysum þar sem Ferrari 458 á í hlut undanfarin misseri. Verksmiðjurnar hafa innkallað bílana að minnsta kosti tvisvar vegna framleiðslugalla – en það ætti svo sem ekki að koma neinum Ferrari-aðdáanda á óvart.





Range Rover L405

Gamli góði Range Rover er Íslendingum að góðu kunnur, af ástæðum sem óþarfi er að tíunda hér. Saga þessa jeppa hefst árið 1970 og hefur hann allar götur síðan þótt bæði frambærilegur jeppi og stöðutákn.

Róttækar breytingar voru gerðar á 2013-árgerð þessa bíls, í raun var hann endurskapaður frá grunni. Með því að nota smíðaundirvagn og yfirbyggingu úr áli, er þessi nýliði 420 kg léttari en eldri bróðir hans. Í boði eru tvær gerðir af dísilvélum og tvær bensínvélur, sú öflugri með forþjöppu og orkar 510 hestöflum.

Range Rover L405 er búinn rafeindastýrðu fjórhjóladrifi og fjöðrun, svo flóknu og fullkomnu að einfaldur bifvélavirki og bílablaðamaður fær hausverk í tilraun sinni til að skilja það. En þetta virkar ábyggilega alveg.



PALLBÍLAR

Undanfarin ár hefur lítið farið fyrir nýjum pallbílum á Íslandi, sem þó voru hér æði vinsælir fyrir ekki svo löngu. Skýrist það sennilega af óhagstæðu gengi og miklum hækkunum á vörugjöldum auk lítillar almennrar bílasölu.

Engu að síður er ástæða til að minnast á tíðindi úr vesturheimi, þar sem bílarisarnir þrír Ford, GM og Chrysler bítast um þennan mikilvæga markað.

Lengi hefur verið kallað eftir því að svokallaðir hálftonna pallbílar verði boðnir með dísilvél en þrátt fyrir ýmsar yfirlýsingar allra þessara framleiðenda hefur lítið orðið um efndir.

Nú ríður loks Ram (áður Dodge, dótturfyrirtæki Chrysler) á vaðið með 3,0 lítra V6 dísilvél, sem mun skila 240 hestöflum og 570 newtonmetra tugi.

Hinir tveir framleiðendurnir veðja áfram á bensínvélar og þær framþróanir sem orðið hafa í hagkvæmni þeirra, en fróðlegt verður að sjá hvernig viðtökur verða við Ram 1500 dísil.



NetCarShow.com

Snittur í jóla- og áramótaboð

MATUR
María Björg
Sigurðardóttir



Deildu með umheiminum

Nú þegar jólin eru nýfyrstaðin er upplagt að bjóða upp á léttar en vetrarlegar snittur í komandi veislum í kringum áramótin. Sniðugt er að reyna að nýta það sem til er af afgöngum, en eftir jólin er búrskápurinn hjá mér enn troðfullur af ýmiss konar hnetum, þurrkuðum ávöxtum, ostum og ferskum kryddjurtum. Flestir borða hangikjöt og/ eða reytan lax á einhverjum tímavarki yfir hátíðarnar og gráupplagt að nýta svoleiðis afganga í snittugerð. Ég mæli með því að bera snitturnar fram með köldu kampavíni eða freyðivíni. Gleðilega hátíð!

TAÐREYKTUR LAX MEÐ PIPARRÓT, PISTASÍUM OG DILLI

- Reyktur lax eða silungur, þunnt sneiddur
- Pistasíuhnetur, gróft saxaðar
- Ferskt dill, greinar
- Svartur pipar
- Súrdeigsbrauð eða danskt rúgbrauð, skorið í þunnar sneiðar

- 1 Skerið brauðið í munnbitastærð, smyrjið á smávegis sósu.

SÍTRÓNU- OG PIPARRÓTAR-SÓSA

- Sýrður rjómi 26%, hálf dós
- Rjómaostur, tvær msk.
- Safi úr safaríki sítrónu
- Piparrót, rifin, 1 msk.
- Krydd eftir smekk



- 2 Leggið laxinn ofan á, svo tsk. af sósunni, saxaðar pistasíuhnetur og nýmöluðum svörtum pipar.
- 3 Leggið að lokum grein af dilli á toppinn.

GEITAOSTUR MEÐ MARSALA-MARINERUÐUM TRÖNUBERJUM



- Geitostur
- Trönuber, þurrkuð
- Saltaðar pekanhnetur, saxaðar
- Þurrkaðar apríkósar, saxaðar
- Graslaukur, smátt saxaður
- Marsala/sérri/púrtvín
- Hunang
- Lava-salt (má sleppa)
- Snittuskeljar

- 1 Leggið þurrkuðu trönuberin í Marsala-vín og hunang og leyfið berjunum að draga í sig um stund í leginum.
- 2 Setjið brot af pekanhnetu neðst á snittuna, svo tsk. af geitaosti.
- 3 Leggið svo apríkósar, pekanhnetur og apríkósar ofan á.
- 4 Sáldrið loks með graslauk, lava-salti og svörtum pipar.

GRÁÐAOSTUR MEÐ DÖÐLUM OG GRANATEPLI

- Jóla gráðaostur/Dolcelatte/Gorgonzola
- Rjómaostur/mascarpone
- Medjool-döðlur
- Granatepli
- Vorlaukur, græni hlutinn, saxaður
- Snittuskeljar

- 1 Blandið saman einum hluta af rjómaosti og tveimur hlutum af gráðaosti og kryddið eftir smekk.
- 2 Fyllið skeljar með ostinum og stráið öllu hinu hráefninu fallega ofan á. Einnig er gott að setja ostablönduna í steinhreinsaða döðlu með söxuðum pistasíum eða pekanhnetum.



HANGIKJÖT MEÐ PERUM, SELLERÍ OG VALHNETUM



- Hangikjöt, sneitt þunnt
- Sellerí, smátt saxað
- Graslaukur, smátt saxaður
- Pera, þunnt sneidd (helst jólapera, fæst þessa dagana í Nettó og Nóatúni)
- Valhnetur
- Míntartalettur

SINNEPSSÓSA

- 2 msk. majones
- 2 msk. sýrður rjómi
- 1 tsk. grófkornasinnep
- nýmalaður pipar
- ögn af múskaði

- 1 Blandið saman hráefnunum í sósunu og smyrjið smávegis í tartalettuna, næst hangikjöt, tsk. af sósu og svo sellerí og graslauk.
- 2 Að lokum ein valhneti og þunn perusneið.

Gangið ekki á grasinu

TÆKNI

Salvar Þór Sigurðarson



Deildu með umheiminum

Fyrir mörgum árum heyrði ég útvarpsviðtal við mann sem hannaði almenningsgarða. Ég man því miður ekki hvað maðurinn heitir eða hvað viðtalið snerist um en eitt af því sem hann sagði hefur setið í mér síðan þá: Hann sagðist aldrei leggja göngustíga í nýjum almenningsgarði fyrr en hann hefði staðið opinn í að minnsta kosti eitt ár. Þá væri auðvelt að sjá þær leiðir sem fólk vildi ganga, og leggja göngustígana þar.

Þessi setning hafði mikil áhrif á mig vegna þess að hún segir svo ótrúlega margt um þær ranghugmyndir sem við höfum þegar við reynum að hanna fyrir fólk. Við gerum það

nefnilega sjaldnast. Við hönnum fyrir okkur sjálf og göngum út frá því að þannig sé fólk almennt. Að þannig eigi fólk að vera, hegða sér og hugsa. Og ef eitthvað bendir til þess að forsenda okkar sé röng – að fólk sé ekki eins og við höfðum ímyndað okkur – ályktum við að fólk hafi einfaldlega rangt fyrir sér og þurfi að breytast.

Markmiðið er greið leið

Göngustígarnir eru frábært dæmi um þetta, því við höfum flest séð troðna vegslóða í almenningsgördum sem liggja þvert yfir malarstíg. Þar hefur hönnuðinum augljóslega mistekist að leggja göngustíg sem greiðir fólki leið, þar sem raunverulega fólkið vildi fara allt aðra leið en ímyndaða fólkið sem hann sá fyrir sér. En það er erfitt að horfast í augu við mistök og leiðréttu þau. Þess vegna gera það fæstir, heldur telja sér frekar trú um að fólkið sé vandamálið. Þannig urðu til skiltin sem segja: Gangið ekki á grasinu.

En almenningsgarðar eru síður en svo stærsta birtingarmynd þeirra ranghugmynda sem við höfum um notendamiðaða hönnun í dag. Sú hugsun að hönnuðurinn segi notendum hvað þeir eigi að gera, hvað þeir eigi að vilja og hvernig þeir eigi að hegða sér er orsökina að flestum þeim árekstrum sem við eigum við tækni í dag. Og hver sem hefur notað tölvu, snjallsíma, fjarstýringu, prentara, örbylgjuofn, sjónvarp, hljómtæki eða eitthvert tæknilegt fyrirbæri kannast við þá tilfinningu að tækið sé alls ekki hannað fyrir manneskjur.

Nýlega varð alvarlegur árekstur á milli tækni og fólks þegar hakkari braust inn í tölvukerfi Vodafone og dreifði persónulegum upplýsingum fólks um allt internetið. Þar á meðal voru ódulkóðuð lykilorð inn á heimasvæði viðskiptavina hjá Vodafone. Að fyrirtæki sem reiðir sig að miklu leyti á öryggi upplýsinga skuli fara svo slælega með viðkvæm gögn er auðvitað fyrir neðan allar hellur, en það sem gerði innbrotið enn alvarlegra var að mörg af þessum lykilorðum notaði fólk líka á öðrum stöðum, til dæmis í tölvupóstinn sinn, netbankann, Facebook og á ýmsar aðrar síður sem



krefjast innskráningar með lykilorði. Þannig gat hver sem er prófað að skrá sig inn í til dæmis Gmail með netfangi og lykilorði sem komu fyrir í stolnu gögnunum. Í mörgum tilfellum komist óboðinn í enn persónulegri gögn.

Kerfið ræður

Í huga sérfræðinga í tölvuöryggi var lexían skýr: Ekki nota sama lykilorðið á fleiri en einum stað. Notið lykilorð sem eru langar, flóknar og samhengislausar runur af hástöfum, lágstöfum, tölustöfum og táknum. Alls ekki skrifa lykilorðin niður á nokkrum stað. Og skiptið um þau reglulega.

Með öðrum orðum: Hættið að hegða ykkur eins og þið gerið, og farið að hegða ykkur eins og kerfið ætlast til að þið gerið. Gangið ekki á grasinu.

Flest höfum við heyrð þennan lykilorðasöng áður. Oft er kerfið sjálft meira að segja notað til þess að neyða okkur til að breyta um hegðun, og leyfir ekki lykilorð nema það hafi að lágmarki tvo hástafi, fjóra tölustafi og þrjú tákni, innihaldi ekkert orð sem finnst í orðabók, sé að minnsta kosti tólf stafir á lengd og sé ekki lykilorð sem þú hefur notað áður.

Við þekkjum þessar reglur en förum samt ekki eftir þeim. Við notum sama lykilorðið á mörgum stöðum. Við notum lykilorð með afmælisdögum, nöfnum og öðrum upplýsingum sem auðvelt er að giska á. Þegar kerfið neyðir okkur til að breyta um lykilorð bætum við 1 við endann á gamla lykilorði.

Gengið á grasinu

Jafnvel þó það sé ekki talið ráðlegt notum við sama lykilorð á fjölda vefsíða.



orðinu. Breytum því svo í 2 þegar við þurfum að skipta aftur um lykilorð mánuði síðar. Við skrifum lykilorð á minnismiða sem við festum á tölvuskjáinn.

Við hugsum ekki eins og tölvur

Lykilorð eru nefnilega frábært dæmi um hönnun sem setur notandann í síðasta sætið. Langar stafarunur eru fullkomin lykilorð... ef notandinn hugsar eins og tölva. Hún gleymir engu og ruglar stöfum aldrei saman. Hún þarf ekkert samhengi til að rifja upp lykilorð, heldur sækir það bara í minnið nákvæmlega eins og það var vistað. Tölvan á alveg jafn auðvelt með að muna þrjú lykilorð og þrjú þúsund lykilorð.

En við hugsum ekki eins og tölvur. Langt í frá. Við hugsum og hegðum okkur eins og manneskjur. Við hugsum ekki um H og h sem tvo stafi, heldur sem sama stafinn í tveimur birtingarmyndum. Við eigum erfitt með að muna samhengislausar runur af bókstöfum og táknum, af því að forfeður okkar höfðu aldrei nokkurn tímann þörf fyrir þann hæfileika. Við getum aðeins munað ákveðið mörg lykilorð í einu án þess að rugla þeim saman. Svona erum við bara og getum ekkert gert í því.

Við brjótum þessar lykilorðareglur af sömu ástæðu og við göngum á grasinu. Ekki vegna þess að við erum svo vitlaus að við skiljum ekki til hvers göngustígurinn er, heldur af því að göngustígurinn er á vitlausum stað. Kerfið er ekki hannað fyrir þarfir okkar og það er ekki hægt að ætlast til þess að við breytum okkur til að þóknast því. Við erum bara eins og við erum. Kerfið þarf að aðlagast okkur.

Um leið og við hættum að líta á það sem vandamál að fólk hegði sér eins og fólk mun samband okkar við tækni batna til muna. Ég er bjartsýnn á að fleiri hönnuðir tileinki sér þennan hugsunarhátt í framtíðinni og hugsu fyrst og fremst um að þjóna notandanum eins og hann er. Gleðilegt notendavænt ár.

Stórbæta þarf samkeppnisstöðu

Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður BHM svarar



Deildu með umheiminum

Guðlaug Kristjánsdóttir var kjörin formaður Bandalags háskólamanna á aðalfundi í maí 2008. Hún er sjúkrapjálfari að mennt og starfaði sem slíkur lengst af á LSH og á eigin stofu. Guðlaug var virk í félagsstörfum fyrir Stéttarfélag sjúkrapjálfara, síðast sem formaður félagsins frá 2005-2008. Hún var í þriðja sæti á framboðslista Bjartrar framtíðar í Suðvesturkjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar.

Hvað er það jákvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Jafnt og þétt hafa borist jákvæðar og uppörvandi fréttir af góðu gengi sprotafyrirtækja og hugvitsfólks vítt og breitt, í tækni, listum og lækningum – og öllu þar á milli. Þarna eigum við gífurleg sóknarfæri til framtíðar litið og gaman að sjá þann árangur sem stuðningur við nýsköpun er farinn að skila.

Hvað var það neikvæðasta sem gerðist á Íslandi árið 2013?

Ég held ég verði að nefna afturhvarf til áherslna og gilda, við stjórn landsins, sem mögulega reyndust okkur vel í fortíð en eiga ekki lengur við. Ég tel það lítt sannfærandi nálgun í efnahagsmálum að hverfa frá nýjum lausnum en leita aftur til meðala sem hafa áður verið reynd – og brugðist. Eins eru uppi áform um þværrandi stuðning við nýsköpun, sem er afar miður. Þar er ekki nóg að halda í horfinu, heldur þarf að bæta í.

Hvaða hlutum er brýnast að breyta til að styrkja stöðu þjóðarinnar og gera samfélagið betra?

Efnahagslega þarf að opna landið og losa það úr höftum. Horfa þarf til framtíðar hvað vinnumarkaðinn snertir, efla rannsóknir og nýsköpun til þess að nýta sóknarfæri í atvinnulífinu. Það þarf að stórbæta samkeppnisstöðu landsins um menntað vinnuafli, launaleiðrétting háskólamenntaðra er eitt af verkefnum þar.

Hvernig metur þú stöðu landsins í lok árs, og hvort telur þú að staða Íslands muni hafa versnað eða batnað í lok árs 2014?

Staðan núna í árslok er því miður allt of lík því sem hún var í fyrra og verður væntanlega keimlík á næsta ári, sé horft til stóru stærðanna eins og gjaldeyrishafta og verðbólguþróunar.

Hvernig stendur ríkisstjórnin sig að þínu mati, hvað hefur hún gert vel og hvað ekki?

Því miður sýnist mér þessi ríkisstjórn ekki setja á oddinn að höndla ný tækifæri til að efla íslenskt atvinnulíf. Fyrstu vísbendingar benda t.d. til gamaldags hugsunar í vinnumarkaðsmálum frekar en viðleitni til að halda hér í ungt fólk með menntun.

Hvar sérð þú helstu tækifæri Íslands á næsta ári/árum?

Framtíðartækifæri Íslands byggja ótvírætt á framsækinni hugsun í atvinnu- málum, eflingu þess hluta vinnumarkaðar sem byggir á menntun, nýsköpun og þróun. Við þurfum að líta á þekkingu sem útflutningsvöru, selja hana úr landi án þess að fólkkið fylgi með. Grunnur að árangri í slíkri stefnubreytingu er langtímahugsun og samstarf þvert á alla pólitík.

Er framtíðin björt fyrir land og þjóð?

Ég er bjartsýn í eðli mínu og segi því já. Ef við einsetjum okkur að leita samræmis fremur en misræmis förum við létt með að framkvæma hér kraftaverk á degi hverjum. Land og þjóð geymir nefnilega ótæmandi orku og aðlögunarhæfni sem vel er hægt að virkja til góðs ef okkur tekst að stilla strengina saman.



Deildu með umheiminum



Væntingar til ársins 2014

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands skrifar



Vænting þýðir eftirvænting, von eða þrá. Í ljósi merkingar orðsins og í ljósi þess að ég hugsa til komandi árs, ársins 2014, vona ég að Íslendingar beri gæfu til að finna betri leiðir til lausnar málefna er tengjast hælisleitendum.

Fjölmiðlar flytja okkur fréttir úr þessum málaflokki sem vekja sorg í hjarta mínu. Það er óásættanlegt að þau sem flýja ömurlegar aðstæður og öryggisleysi heimalands síns búi við það sama hér á landi. Við erum hluti af löndum heims, mannkyni jarðar. Á tímum tækni og mikilla samskipta fólks um allan heim ættum við að vera meðvitaðri um það að um leið og við búum við mannréttindi af ýmsum toga ber okkur skylda til að eiga samtál um og taka þátt í umræðu og aðgerðum varðandi flóttafólk. Því miður eru allt of margir sem ekki geta búið í heimalandi sínu sökum aðstæðna sem ekki teljast mannsæmandi og vegna ófriðar af ýmsu tagi. Ófriðar sem á rætur að rekja til óréttlætis og skorts á mannúð. Íslendingar hafa mikið að gefa í þeirri umræðu sem þarf að eiga sér stað í heiminum um vandamál flóttafólks og hælisleitenda. Við þurfum líka að endurskoða lög, reglur og verklag varðandi málefni þeirra sem hingað leita í neyð sinni sem hælisleitendur.

Það er smánarblettur í samfélaginu að þau sem skera sig úr að einhverju leyti þurfi að sitja undir orðum sem særa og niðurlægja eða athöfnum sem gera þeim lífið leitt. Hvað

á það að þýða að fólk fái að heyra athugasemdir um útlit sitt eða uppruna? Þvílík frekja og dónaskapur. Við þurfum líka að vera kurteisari og bera meiri virðingu fyrir öðrum og skoðunum þeirra. Sá siður að gera lítið úr skoðunum annarra er landlægur og er hvorki til eftirbreytni né sóma fyrir viðkomandi eða samfélagið, því slík orðræða er ekki til þess fallin að leysa mál eða bæta líf.

Ég vænti þess að réttlæti nái fram að ganga varðandi önnur mál er liggja á samfélaginu. Ofbeldi er orðið daglegt brauð og ekki þykir tiltökumál að beita því. Það er óásættanlegt að öryggi okkar sé ógnað og

fólk geti ekki gengið um götur og hús óáreitt. Ég vænti þess einnig að við sem kristin erum fáum frið til að iðka trú okkar og ótti stjórnri ekki umræðu um trúarbrögð og áhrif þeirra í samfélaginu. Ef við hættum ekki óttaumræðunni um trúna þá veikjum við þann grunn sem við stöndum á og byggjum líf okkar á sandi sem auðveldlega getur runnið til og eyðilaggt uppbyggingu og þann siðferðisgrunn sem við stöndum á.

Á árinu 2014 eru liðin 400 ár frá fæðingu prestsins og skáldsins Hallgríms Péturssonar, sem orti meðal annars heilræðavísur, sem enn standa fyrir sínu. Síðasta vísan er þannig:

Víst ávallt þeim vana halt:
Vinna, lesa, iðja;
umfram allt þó ætíð skalt
elska Guð og biðja.

Að elska Guð og biðja er sá trausti grunnur sem ég vil standa á sem einstaklingur og sem kirkja. Samfélag sem tekur Guð með í reikninginn er ríkt samfélag. Ríkidæmið felst í því að treysta á Guðs miskunn og nærveru hvenær sem er og hvar sem er.

Væntingar til ársins 2014 eru bundnar þeirri trú minni að:

Í hendi Guðs er hver ein tíð,
í hendi Guðs er allt vort stríð,
hið minnsta happ, hið mesta fár,
hið mikla djúp, hið litla tár.

UM HÖFUNDINN

Agnes M.
Sigurðardóttir
er biskup Íslands